

# Iðjupjálfinn

FAGBLAÐ IÐJUPJÁLFA

ÍÞÍ 1/18 | BORGARTÚNI 6 | REYKJAVÍK | 39. ÁRGANGUR



ISSN 1670-2981



## Léttir og liprir hjólastólar frá Panthera

- Einfaldir í notkun og góð setstaða
- Auðvelt að setja í bíl, taka afturhjólin af og fella bakið niður
- Fjölbreytt úrval af sessum og aukahlutum

Ráðgjöf veitir Jóhanna Ingólfssdóttir iðjupjálfi  
í síma 569 3186 eða á [johanna@stb.is](mailto:johanna@stb.is)

Markmið okkar eru að efla heilsu, auka lífsgæði, auðvelda störf og daglegt líf



Eirberg



**STUÐLABERG**  
Heilbrigðistækni

Stuðlaberg heilbrigðistækni ehf. • Stórhöfða 25 • 110 Reykjavík • 569 3180 • [stb.is](http://stb.is)

# KÆRU LESENDUR

Nú haustar að og kólnar, hið árlega tímarit okkar iðjubjálfa að koma út og tími til að “hygge sig” með teppi og gott te ásamt blaðinu okkar góða. Við lítum yfir farinn veg á þessu starfsári. Það hafa orðið nokkrar breytingar á ritnefndinni, en Linda Björk Óladóttir fór í frí frá ritsjórstörfum og Erna Sigmundsdóttir leysti hana af. Við fengum tvo nýja nefndarmeðlimi, Lindu Ósk Þorvaldsdóttur og Arndís Jónu Guðmundsdóttur. Ásta Margrét Rögnvaldsdóttir tók sér hlé í kjölfarið. Ritnefnd þakkar Ástu samstarfið og óskar henni góðs gengis í framtíðinni.

Þakka ber öllum þeim iðjubjálfum sem sendu inn efni í blaðið, þó að verkefni hversdagsins séu ærin og ekki mikill tími afgangss þegar daglegu amstri hefur verið sinnt.

Árið 2018 var viðburðarríkt og ber þar hæst Heimsráðstefna WFOT í Cape Town, Suður-Afríku. Tæplega 80 iðjubjálfar lögðu leið sína þangað og hlustuðu á fyrirlestra um fjölbreytt málefni ásamt því að fara í heimsóknir á ýmsa staði sem bjóða upp á iðjubjálfun. Á ráðstefnunni hittu tveir rit-

nefndarmeðlimir Karen Jacobs og hún var tilbúin í viðtal sem við birtum í blaðinu. Að sækja ráðstefnur og námskeið verður seint ofmetið í starfi iðjubjálfa og er faginu til framdráttar. Einnig eru góðir sjóðir hjá BHM sem hægt er að sækja í þegar þurfa þykir.

Meðal efnis í blaðinu er ritrýnd grein um iðjubjálfun í ljósi gagnrýnna sjónarhorna, grein um endurhæfingu í heimahúsi ásamt greinum um þróunarverkefni meðal ungmenna og frumkvöðlastarf svo eitthvað sé nefnt. WFOT ráðstefnunni eru einnig gerð góð skil með myndum og texta.

Nú eins og áður hvetjum við iðjubjálfa að taka sér penna í hönd og leyfa okkur að fylgjast með því frábæra starfi sem stéttin er að sinna, nær og fjær. Nýir iðjubjálfar sem eru að taka sín fyrstu skref í faginu fá víðari sýn á starfið með lestri fjölbreyttra greina blaðsins og viðtala. Það er einlæg ósk ritnefndar að veturinn fari vel með ykkur kærur lesendur og fagið okkar blómstri áfram sem fyrr.

**Ritnefnd iðjubjálfans**  
**ritnefnd.ii@bhm.is**

## EFNISYFIRLIT

|                                          |    |
|------------------------------------------|----|
| Formannspistill .....                    | 4  |
| Siðaregla 4.4.....                       | 5  |
| Iðjubjálfun í ljósi                      |    |
| gagnrýnna sjónarhorna .....              | 6  |
| Viðtal við Karen Jacobs .....            | 14 |
| Viðtal við                               |    |
| Ingibjörgu Svövu Ásgeirsdóttur .....     | 16 |
| Þróunarverkefni:                         |    |
| Ungt fólk til atvinnupátttöku .....      | 20 |
| Endurhæfing í heimahúsi .....            | 22 |
| Lengi býr að fyrstu gerð .....           | 24 |
| Í örugga höfn:                           |    |
| iðjubjálfi í 25 ár .....                 | 25 |
| Heimastyrkur .....                       | 28 |
| Faghópur um                              |    |
| iðjubjálfun aldraðra .....               | 29 |
| Útskriftarárgangur iðjubjálfa 2006 ..... | 30 |
| The Pebbles project .....                | 31 |
| Ágrip útskriftarnema 2017 .....          | 32 |
| Ömmurnar frá Afríku .....                | 38 |

## IÐJUBJÁLFINN



### Stjórn ÍÞÍ:

Ósk Sigurðardóttir, Formaður  
Sigurbjörg Hannesdóttir, varaformaður  
Sigríður Pétursdóttir, gjaldkeri  
Erna Sveinbjörnsdóttir, ritari  
Sæunn Pétursdóttir, meðstjórnandi  
Stefán E. Hafsteinsson, varamaður  
Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir, varamaður

### Umsjón félagaskrár:

Þjónustuskrifstofa SIGL

**Ritstjóri** (ritnefnd.ii@bhm.is)  
Erna Sigmundsdóttir

### Ritnefnd:

Arndís Jóna Guðmundsdóttir  
Gullveig Ösp Magnadóttir  
Valgerður P. Snæbjarnardóttir  
Linda Ósk Þorvaldsdóttir

### Fræðileg ritnefnd:

Sonja Stelly Gústafsdóttir  
Gunnhildur Jakobsdóttir  
Sara Stefánsdóttir

### Prófarkarlesari:

Bjarni Björnsson

### Forsíðumynd:

Gullveig Ösp Magnadóttir

### Umbrot og prentvinnsla:

**Litróf** – Umhverfisvottuð prentsmiðja

*Ritnefnd áskilur sér rétt til að stytta texta og færa til betri vegar. Vitna má í texta blaðsins ef heimildar er getið.*





# KÆRU FÉLAGSMENN

Það eru áhugaverðir tímar framundan, kjarasamningar lausir í byrjun næsta árs og breyting á formannsstöðu. En byrjum á að líta aðeins yfir árið og á verkefni framundan.

## WFOT AÐALFUNDUR OG RÁÐSTEFNA Í CAPE TOWN SUÐUR AFRÍKU

Það voru formenn frá um 70 af 102 aðildarlöndum að WFOT / Alþjóðasamtökum iðjubjálfa sem mættu á 3ja daga fund með stjórn WFOT í Cape Town, Suður Afríku. Skýrslur stjórnar voru kynntar og góðar umræður sköpuðust um hin ýmsu málefni eins og 60 ára samvinnu WFOT og WHO (Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin), hlutverk aðstoðarmanna iðjubjálfa, breytingar á aðildargjaldi, nýjar umsóknir í WFOT, bætt samvinna aðildarþjóðanna, verkefnahópar voru kynntir sem og stefna WFOT 2019-2024 svo eitthvað sé nefnt. Nokkrir rannsóknarstyrkir voru veittir, verðlaun voru veitt fyrir framúrskarandi þjónustu og fráfarandi stjórnarmeðlimum var þakkað fyrir sitt framlag. WFOT eru orðin gríðarstór samtök en það eru um 600.000 meðlimir í samtökunum og um 900 viðurkenndar iðjubjálfunarfræðinámssleiðir.

Eftir fundina var haldið á alheimsráðstefnu WFOT en það voru um 3.000 manns sem mættu allstaðar úr heiminum, þetta var 17. alheimsráðstefnan og í fyrsta skipti í Afríku. Rúmlega 50 manns fóru frá Íslandi í sérskipulagðri ferð á vegum IPÍ. Til viðbótar voru um 20 manns sem fóru á eigin vegum. Við slógum því enn eitt metið og vorum það

land utan Afríku sem var með flesta iðjubjálfa miðað við fjölda iðjubjálfa í landinu.

Þema ráðstefnunnar var “Connected in Diversity: Positioned for Impact”. Þemað var sérstaklega áþreifanlegt á þessum stað í heiminum en Suður Afríka berst við einn mesta samfélagslega ójöfnuð í heimi. Landið hefur gengið í gegnum ótrúlega sögu þrælahalds, fátæktar og aðskilnaðarstefnu. Það var ómetanlegt að fá tækifæri til að læra, upplifa, deila og tengjast iðjubjálfum allstaðar úr heiminum á þessum magnaða stað og fá tækifæri til að kynna sér sögu lands og þjóðar.

Við höfðum einnig tækifæri til að kynna okkur og heimsækja nokkur góðgerðarsamtök í Höfðaborg þar á meðal GAPA – Grandmothers against poverty and aids (Ömmur gegn fátækt og eyðni). Það var vægast sagt auðmýkjandi upplifun og ekki hægt annað en að dást af þessum ömmum sem fara um fátækrahverfin og fræða íbúana um sýkingavarnir og kenna fólki allt frá hannyrðum og yfir í umönnun barna.

Næsti fundur aðildarfélaganna verður haldinn í Hong Kong 2020 og næsta ráðstefna í París 2022. Við hvetjum alla félagsmenn til að nýta sér styrki BHM og sækja erlendar ráðstefnur heim.

## NORRÆNT SAMSTARF

Norðurlandafundur iðjubjálfafélaganna var að þessu sinni haldinn í Færeyjum um mánaðarmótin ágúst/september.

Norræni iðjubjálfafundurinn var einstaklega vel heppnaður og fengum við meðal annars kynningu á stöðu landanna en við erum öll að vinna að sömu hlutum óháð stærð, eins og til að mynda fjölgun starfa, hækkun launa, og kynningu á iðjubjálfun út á við. Einnig fengum við kynningu á stöðu verkefnis sem ákvörðun var tekin um fyrir ári síðan hér á Íslandi, að vinna að norrænu samstarfsverkefni um virði iðjubjálfunar. Verklök eru í byrjun næsta árs en þá munum við fá skýrslu frá rannsakendum verkefnisins. Það verður spennandi að lesa um niðurstöður rannsóknarinnar á útkomu iðjubjálfunar innan öldrunar og geðheilsu.

Sænska iðjubjálfafélagið hefur opnað fyrir fjarnám á vef sínum og kallar það ”Digital academy Swedish Association”. Þarna er að finna mikið af kúrsum sem margir eru öllum aðgengilegir og ókeypis.

## KJÖR FÉLAGSMANNA

Í september 2017 hófu aðildarfélaög BHM viðræður við samninganefnd ríkisins hvert fyrir sig. Samninganefnd IPÍ náði að funda tvisvar sinnum með fulltrúum úr samninganefnd ríkisins fyrir ríkisstjórnarslit. Fundahöld stöðvuðust tímabundið vegna kosninga en í byrjun árs 2018 var sest að samningaborðinu á ný og samkomulag undirritað 2. febrúar.

Nú er það svo að ríkið er stærsti vinnuveitandi félagsmanna IPÍ og 2017 voru meðallaun iðjubjálfa hjá ríki 503.630 kr.

Á sama tíma voru meðallaun í landinu 667.000 kr. Það var klárt mál að við sættum okkur ekki við að vera langt undir meðallaunum og því var það okkar helsta krafa að hækka grunnröðun og að menntun iðjubjálfa yrði metin til launa sem er í takt við kröfu BHM.

Með nýju samkomulagi hækkuðu byrjunarlaun iðjubjálfa hjá ríki í 417 þúsund og einnig voru gerðar nokkrar breytingar á orðalagi í miðlægum kjarasamningi. Að auki var samið um 4% launahækkun og eingreiðslu. Þetta samkomulag gildir til 31. mars 2019 og því er stutt í næstu samningalotu.

Þann 1. júní var skrifað undir breytingar og framlengingu á kjarasamningi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) og nokkurra aðildarféлага BHM. Undir SFV heyrir flest hjúkrunarheimilin auk annarra sjálfseignarstofnana. Um það bil 30 félagsmenn IPÍ njóta kjara samkvæmt samningi félagsins við SFV. Auk IPÍ eiga sjúkrapjálfarar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, þroskarpjálfar, bókasafns- og upplýsingafræðingar og Fræðagarður aðild að honum.

IPÍ er ásamt þeim aðildarfélögum BHM, sem undirrituðu kjarasamning við Samband íslenskra sveitarfélaga í mars 2016 að vinna í mati á störfum iðjubjálfa sem starfa hjá ýmsum sveitarfélögum undir stjórn verkefnastofu um starfsmat. Tekin hafa verið viðtöl við iðjubjálfa og var úrtakið um 45 störf.

Til grundvallar liggja starfslýsingar auk þess sem iðjubjálfar í viðkomandi störfum hafa svarað ítarlegum spurningalista. Verkefnastofa starfsmatsins sér um viðtölin og auk fulltrúa þaðan eru fulltrúi IPÍ, viðkomandi iðjubjálfi og næsti yfirmaður hans til staðar. Viðtölum lauk nú í sumar og verið er að vinna úr niðurstöðum og leggja þær fram til samþykktar. Á þeim fundum hefur BHM fastan fulltrúa auk þess sem fulltrúi kjaranefndar IPÍ situr þá fundi sem varða störf iðjubjálfa. Ráðgert er að ljúka þessari vinnu um næstu áramót.

#### FRAMUNDAN

Það voru 15 iðjubjálfar sem útskrifuðust frá iðjubjálfunarfræðibraut Háskólans á Akureyri þann 9. júní síðastliðinn og við óskum þeim innilega til hamingju. Félagið okkar fer stækkandi og það er alltaf gleðiefni þegar svona glæsilegir iðjubjálfar útskrifast.

Árið heldur áfram að vera viðburðaríkt og vonumst við til þess að sjá sem flest ykkar á þeim viðburðum sem framundan eru og má þá sérstaklega nefna málþing á alþjóðadegi iðjubjálfa sem verður haldinn hátíðlegur um heim allan þann 27. október. Einnig munu verða auglýstir hádegisfyrirlestrar, námskeið og vísindaferð svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt er að við hjálpumst að við að kynna fagið okkar, birta pistla og greinar um mikilvægu störf ykkar á sem flestum miðlum.

Í vor og sumar réðst stjórn IPÍ í gerð myndbanda þar sem félagsmenn á 7 mismunandi vinnustöðum kynna starfið sitt og

erum við einstaklega ánægð með efnið. Við hvetjum félagsmenn til að horfa á og deila þessum vel gerðu myndböndum. Þau er að finna á Facebook síðu félagsins sem og á heimasíðu félagsins [www.ii.is](http://www.ii.is)

Í mars á næsta ári mun formannsstaðan breytast í fulla stöðu og við munum sameina stöðu formanns stjórnar IPÍ og formanns kjaranefndar, undirbúningur fyrir sameinguna og rafræna kosningu fer fram á haustmánuðum og munu félagsmenn fljótlega fá fréttir af því hvernig því verður háttað.

Það eru spennandi tímar framundan, félagið fer stækkandi og við viljum geta unnið að enn fleiri og spennandi verkefnum.

**Ósk Sigurðardóttir  
Formaður IPÍ**

## SIÐAREGLA 4.4

Iðjubjálfi lætur sig varða orðstír og stöðu iðjubjálfunar meðal almennings, stjórnsýslu og stofnana, bæði hérlandis og á alþjóðlegum vettvangi.

Að tilheyra starfsstétt felur í sér skuldbindingar og ábyrgð gagnvart öðrum sem tilheyra stéttinni. Það er starfsstéttin í heild sem skapar sér sess og stöðu óháð einstaklingunum sem eru innan hennar. Það er því sameiginlegt verkefni allra að vera vakandi fyrir því hvernig orðstír stéttarinnar og fagsins er út á við.

Siðaregla 4.4. fjallar um þetta. Um leið felur hún í sér hvatningu að bregðast við ef eitthvað má betur fara og vera opin fyrir tækifærum sem hugsanlega gefast. Með því að tala saman, koma ábendingum á framfæri til réttra aðila og bregðast við ef þörf er á, getum við hvert og eitt lagt okkar af mörkum.

**Guðrún Áslaug Einarsdóttir  
formaður siðanefnar**

Snæfríður Þóra Egilson,  
iðjuþjálfari og prófessor í fótunarfræðum  
við HÍ

Guðrún Pálmadóttir,  
dósent í iðjuþjálfunarfræði við HA



Guðrún Pálmadóttir

Snæfríður Þóra Egilson



# IÐJUÞJÁLFUN Í LJÓSI GAGNRÝNNA SJÓNARHORNA UMFJÖLLUN UM VERK K. W. HAMMELL OG GILDI ÞEIRRA FYRIR IÐJUÞJÁLFUN Á ÍSLANDI

## ÚTDRÁTTUR

Iðjuþjálfun á Íslandi byggir á hugmyndum og vinnubrögðum sem hafa orðið til og eru almennt viðtekin í hinum vestræna heimi. Þrátt fyrir ólíkar aðstæður og menningarlegan margbreytileika hafa ýmsir fræðimenn talið eðlilegt að yfirfæra þessi sjónarmið og aðferðir yfir á meginhluta mannkyns. Kanadíska fræðikonan Karen Whalley Hammell hefur hvatt til umræðu um fræðilegar undirstöður iðjuþjálfunar og iðjuvísinda. Skrif hennar einkennast af gagnrýnum sjónarhornum þar sem hún rýnir í og dregur í efa margt af því sem iðjuþjálfar hafa hingað til gengið að sem gefnu, sérstaklega áherslu fagsins á sjálfstæði og einstaklingshyggju frekar en gagnkvæmni og félagsleg sjónarhorn. Í þessari grein eru rakin skrif Hammell á árunum 2004-2018 og efni þeirra tengt skrifum annarra fræðimanna um svipað efni eftir því sem við á. Tekin eru fyrir þau málefni sem hún hefur einkum beint sjónum að, það er að segja flokkun og gildi iðju, skjólstæðingsmiðuð nálgun, menningarleg auðmýkt, rétturinn til iðju og færninálgunin. Umfjöllunin er tengd við ólíkar aðstæður fólks, almenn mannréttindi og félagslega undirokun ákveðinna hópa. Þótt umfjöllun Hammell geti verið

ögrandi þá lýsir hún líka trú á iðjuþjálfun sem fagi og þeim ólíku möguleikum sem í því búa. Gagnrýna umræðu má nýta á uppbyggilegan hátt og íslenskir iðjuþjálfar eru hér með hvattir til að beina sjónum sínum í auknum mæli að hinum ólíku aðstæðum og valkostum sem fólk býr við og hvernig þau hafa áhrif á og móta líf þess. Þá er mikilvægt að iðjuþjálfar hasli sér völl á fjölbreyttum starfsvettvangi og taki þátt í stefnumótandi aðgerðum sem stuðla að möguleikum fólks til að eiga hlutdeild í iðju sem gefur lífi þeirra merkingu og stuðlar að auknum lífsgæðum. Ör fjölgun og hækkandi menntunarstig iðjuþjálfra á Íslandi fela í sér tækifæri til aukinnar fjölbreytni í starfi.

*Lykilorð: Iðjuþjálfun, gagnrýnið sjónarhorn, menning, vald, hugmyndafræðileg þróun*

## ABSTRACT

Occupational therapy in Iceland is based on theoretical ideas and practices that have been developed and are generally accepted in the Western world. Despite global diversity and different circumstances, some leading scholars have thought it appropriate to present these

culturally-specific assumptions and practice procedures as universal and applicable to the whole world. Karen Whalley Hammell, a Canadian scholar, has encouraged the occupational therapy community to commence a critical discussion about the theoretical foundations of occupational therapy and occupational science. Her writings are characterized by such critical perspectives as she questions current occupational therapy ideology and practice, especially the emphasis on independence and individualism rather than interdependence and social perspectives. This article provides an overview of Hammell's writings during the last fourteen years and, when appropriate, the content draws on writings of other scholars. The focus is on specific issues that Hammell has emphasized, such as occupational classification, client-centred practice, cultural humility, occupational rights, and the capability approach. The discussion is linked to different contexts, human rights, power relations, and social oppression of certain groups.

From early on Hammell has argued that many of the profession's assumptions and claims are culture-specific, reflecting the

## INNGANGUR

Á heimsþingi iðjubjálfa í Höfðaborg vorið 2018 hélt kanadíski iðjubjálfinn Karen Whalley Hammell erindi sem vakti mikla athygli. Hammell er afkastamikil fræðikona sem hefur skrifað um og þróað hugmyndir sínar um árabíl. Nokkuð er um endurtekningar í skrifum hennar en með hverri grein þéttir hún röksemdafærsluna og tengir hugmyndirnar við fræðileg sjónarhorn af ýmsum toga. Skrif Hammell hafa vakið athygli langt út fyrir raðir iðjubjálfa og meðal annars er vitnað í hana innan endurhæfingar (Dean, Siegert og Taylor, 2012; Gibson, 2016; Larsen, Juritzen, Knutsen og Feiring, 2017) og fötlunarfræði (Shakespeare, Cooper, Dikmen og Poland, 2018).

Hammell er gagnrýnin fræðikona. Að beita gagnrýnum sjónarhornum felur í sér að rýna í og draga í efa margt af því sem alla jafna er gengið að sem vísu, það er, hugmyndir, staðhæfingar, forgangsroðun og vinnubrögð sem eru talin eðlileg og „rétt“ innan ákveðinnar menningar (Eakin, Robertson, Poland, Coburn og Edwards, 1996; Haraway, 1988; Harvey, 1990). Slík umræða hefur verið áberandi innan

kynjafræði, fötlunarfræði og annarra margbreytileika- og minnihlutahópafræða síðustu áratugina en einnig innan heilbrigðisvísinda (Eakin o.fl., 1996; Gibson, 2016), svo sem innan iðjubjálfunar (Njelesani, Gibson, Nixon, Cameron og Polatajko, 2013; Njelesani, Teachman, Durocher, Hamdani og Phelan, 2015; Robertson, Warrender og Barnard, 2015). Þegar slíkri gagnrýni er beitt, og grannt er skoðað, kemur oft í ljós að viðteknum hugmyndum og venjum er haldið á lofti í skjóli valds og yfirráða án þess að fólk geri sér endilega grein fyrir því – eða kys að afneita að sú sé raunin. Nærtækt dæmi er tregða fagfólks í endurhæfingu, þar á meðal iðjubjálfa, til að viðurkenna valdamisvægið milli fagfólks og skjólstæðinga og hvernig hugmyndin um eðlilegt og gott líf byggir á ímyndinni um heilbrigðan og hraustan líkama (Hammell, 2015a). Þegar gagnrýnin beinist að lífi og starfi fólks er hætt við að því finnist vegið að sér og félagslegri tilvist þess jafnvel ógnað. Ástæðan er sú að þar með er vegið að viðteknum venjum sem hafa hugsanlega verið leiðarstef í lífinu og jafnframt gert öðrum kleift að þekkja mann og skilja (Nanna Hlín Halldórsdóttir, 2015). Við erum meðvitaðar um að skrif okkar hér

eru af sama meiði, en vonumst til að hægt verði að nýta þau á markvissan og uppbyggilegan hátt til að stuðla að frjórrí umræðu innan fagsins og við samstarfsfólk í heilbrigðis- og velferðarmálum. Við vekjum jafnframt athygli á því að þótt skrif Hammell einkennist af gagnrýni þá er þar einnig að finna mikla trú á fagið og því sem það stendur fyrir (Hammell, 2017). Það verður að telja iðjubjálfun til tekna að þar sé rými fyrir svo gagnrýna umræðu enda ber það vott um ótvíræðan styrkleika og vilja til framþróunar og breytinga.

Í þessari fræðilegu samantekt höfum við kosið að taka fyrir tiltekin málefni sem Hammell hefur fjallað um og tengjast áherslum og forgangsroðun innan fagsins. Að undangenginni skimun á verkum Hammell var ákveðið að byggja samantektina á 16 greinum frá árunum 2004–2018, sem valdar voru með það að markmiði að varpa ljósi á umfjöllun hennar um valin málefni. Tekið skal fram að Hammell ritaði greinar um önnur viðfangsefni á þessu árabili sem og bók um sjónarhorn á endurhæfingu og fötlun (Hammell, 2006). Einnig ritstýrði hún ásamt annarri fræðikonu bók um eigindlegar rannsóknir (Hammell og Carpenter, 2004). Þótt skrif Hammell séu hér í brennidepli er vísað í skrif annars fræðafólks þar sem við á til að setja efnið í víðara samhengi. Hér er því ekki um dæmigerða fræðilega heimildasamantekt að ræða.

Í upphafi greinarinnar verður fjallað um gagnrýni Hammell á ríkjandi flokkun og skilgreiningar á iðju. Því næst verður vikið að umfjöllun hennar um viðurkenndar hugmyndir og kenningar í iðjuvísindum og iðjubjálfunarfræði og „draumsýninni“ um notenda-/skjólstæðingsmiðaða nálgun. Á síðustu árum hefur Hammell fundið áherslum sínum á réttinn til iðju og baráttu gegn misrétti farveg innan færninálgunarinnar (e. *capability approach*) og verður þeirri umfjöllun gerð nokkur skil. Í lokaorðum verða dregnir saman helstu lærdómar af skrifum hennar og hvernig hægt er að heimfæra og tengja þá við íslenskt samfélag og störf iðjubjálfa á Íslandi.

## ÍÐJA OG GILDI HENNAR

Innan iðjubjálfunar er sterk hefð fyrir því að flokka iðju fólks eftir „sýnilegum“ tilgangi hennar í eigin umsjá, störf og tómstunda-iðju/leik. Einnig hefur verið ríkjandi sú afstaða að sjálfstæði og frammistaða fólks á þessum sviðum sé mikilvæg fyrir lífsgæði þess og velferð. Þessi sjónarhorn birtast

lives of people who are independent, autonomous and productive at the labour market. This is for example manifested in the traditional classification of occupation by its purpose into self-care, productivity and leisure rather than by the meaning it has to people. Furthermore, through her critical analysis of client-centered practice she has identified several means by which power is held and exercised by the occupational therapy profession and socially and culturally specific ideologies are maintained. During the last ten years Hammell has increasingly turned her focus towards the issue of occupational rights and used the capability approach as a tool to demonstrate the role of occupational therapists in advancing people's possibilities to engage in meaningful occupations.

Even though Hammell's arguments can be challenging for occupational therapists, she also expresses faith in the occupational therapy profession. We, the authors, encourage Icelandic occupational therapists to use her critical discussion constructively to enable people's right to engage in meaningful and purposeful occupations through an emphasis on their

opportunities to do what they have abilities to do. This includes an increased emphasis on the way in which different contexts, barriers, and opportunities affect and shape the lives and well-being of people and communities.

Increasing number and higher educational level of Icelandic occupational therapists has the potential of opening up diverse possibilities for practice in a wide range of settings, including health and social policymaking, with the aim of promoting people's potential for occupational engagement. Then occupational therapy will become even more important, relevant, and valuable to Icelandic society.

**Keywords:** *occupational therapy, critical perspective, culture, social power, theoretical development*

meðal annars í faglíkönum sem algengt er að íslenskir iðjupjálfar styðjist við í starfi, svo sem líkani Kielhofner um iðju mannsins (Taylor, 2017) og kanadíska líkaninu um færni og hlutdeild í iðju (Townsend og Polatajko, 2013). Hammell varpar fram ögrandi spurningu þegar hún spyr hverjir eigi að skilgreina og flokka iðju, fræðafólkið sem alla jafna fjallar um efnið eða notendurnir sjálfir, sem fræðafólkið er oftast að fjalla um. Á sama hátt veltir hún upp spurningunni frá hvaða sjónarhóli sé eðlilegt að ræða iðju og gildi iðjupjálfunar, út frá einstaklingshyggju með áherslu á sjálfstæði og framleiðni, eða út frá félagshyggju með áherslu á samhljál, gagnkvæmni og tengsl (Hammell, 2009).

Hammell hefur um langa hríð gagnrýnt hina hefðbundnu flokkun iðju í eigin umsjá, störf og tómstundaiðju og telur hana endurspegla sjónarhorn þeirra sem eru sjálfbjarga, sjálfstæðir og færir um að stunda atvinnu. Um leið útiloki flokkunin, jaðarsetji (e. *marginalizes*) og geri lítið úr þeim sem ekki leggja eitthvað fram til samfélagsins með beinum hætti og eru öðrum háðir (Hammell, 2004, 2009). Auk þess sé ekkert í þessum hugtökum sem vísi til þess sem alla jafna hefur mesta merkingu fyrir fólk, svo sem að tjá ást sína, annast þá sem því þykir vænt um eða njóta líðandi stundar án þess að gera eitthvað sem hefur augljósan tilgang. Einnig vilji gleymast að iðju sé ætlað að mæta innri þörf fólks fyrir að vera það sem það er (e. *self-maintenance*), tjá tilfinningar sínar og njóta lífsins (Hammell, 2004; Law o.fl., 1996). Hammell bendir auk þess á að rannsóknir hafi sýnt að hlutdeild í iðju, sem hefur persónulega merkingu fyrir fólk, stuðli að því að það upplifi aukna færni, möguleika og sjálfsvirði (e. *self-worth*) og þar með velsæld og lífsgæði (Hammell, 2004, 2017).

Við óvænta atburði eins og að greinast með langvinnan sjúkdóm eða skerðingu (e. *impairment*) verður rof í lífssögu fólks. Rannsóknir, sem gerðar hafa verið meðal þeirra sem hafa reynslu af slíku rofi, styðja ekki flokkun iðju í eigin umsjá, störf og tómstundaiðju, heldur kys fólk að skilgreina iðju í ljósi þeirrar merkingar sem hún hefur. Hammell (2009, 2014) hefur rýnt í og samþætt niðurstöður eigindlegra rannsókna meðal fólks með ólíkan heilsufarsvanda eða skerðingar og komist að því að þátttakendur lýsa reynslu sinni af jákvæðum áhrifum iðju í fjórum mismunandi víddum. Heilsu- og lífsgæðavíddin (e. *restorative occupation*) nær yfir iðju sem eflir heilsu og vellíðan, til

dæmis með því að veita jákvæða upplifun, útrás eða slökun án þess þó endilega að aðhafast eitthvað ákveðið. Tengslavíddin (e. *occupation fostering belonging, connecting, and contributing*) snýst um iðju sem tengir fólk saman og gefur því tilfinninguna að tilheyra, meðal annars með því að aðstoða og annast aðra. Framkvæmdavíddin (e. *engaging in doing occupations*) lýsir hlutdeild í iðju sem gefur möguleika á að finna merkingu og tilgang í því sem maður gerir og styrkir þannig sjálfsvirði manns. Að lokum er það tímavíddin (e. *occupation reflecting life continuity and hope for the future*) sem vísar til iðju sem tengir saman fortíð, nútíð og framtíð og gefur von um betra líf. Hammell bendir á að þessi vitneskja sé reyndar ekki ný af nálinni því þessar fjórar víddir hafi sterkan samhljóm við kenningu Wilcock (1998) um flokkun bygðra á merkingu iðju, það er að gera (e. *doing*), vera (e. *being*) og verða (e. *becoming*). Rannsóknir Rebeiro (2001) meðal fólks með geðræna erfiðleika studdu þessar hugmyndir, auk þess að bæta við flokknum að tilheyra (e. *belonging*). Hammell hvetur iðjupjálfa því eindregið til að skoða og efla iðju í samræmi við þá merkingu sem hún hefur fyrir notendur því slík iðja er líklegust til að auka lífsgæði þeirra.

Einstaklingshyggjan sem Hammell telur einkenna vestræn sjónarhorn í iðjupjálfun endurspeglar meðal annars í áherslunni á sjálfstæði við athafnir, sér í lagi þegar kemur að eigin umsjá sem ævinlega er tiltekin fyrst í hinu hefðbundna flokkunarkerfi. Þetta er sérstaklega áberandi í endurhæfingu þar sem árangur er gjarnan metinn út frá því að hvaða marki fólk er fært um að sjá um daglegar athafnir heima fyrir án aðstoðar frá öðrum (Mackey og Nancarrow, 2006; Solvang og Slettebø, 2012). Það að sjá fyrir sér og sínum er líka hátt skrifað og jafnvel skilyrði þess að geta talist fullgildur, borgaralegur þegn (Devlin og Pothier, 2006). Athafnir sem hafa skýran og sýnilegan tilgang hafa því lengst af skipað mikilvægan sess í þjónustu iðjupjálfa, en minni gaumur gefinn því hvernig fólk fer að því að mæta tilfinningalegum og félagslegum þörfum sínum (Hammell, 2017). Þessi áhersla er meðal annars sýnileg í þeim matstækjum sem iðjupjálfar nota, sem flest beinast ýmist að undirbyggjandi líkamlegri og andlegri starfsemi: *Mini-Mental State Examination - MMSE* (Folstein, 1975); *Box and Blocks* (Matieowetz, Volland, Kashman og Weber, 1985) og *Bruininks-Oseretsky Test of Motor Proficiency - BOT™2* (Bruininks og Bruininks, 2005) eða frammi-

stöðu við fyrirfram ákveðnar athafnir: *Barthel Index of Activities of Daily Living* (Mahoney og Barthel, 1965) og *Pediatric Evaluation of Disability Inventory - PEDI* (Haley, Coster, Ludlow, Haltiwanger og Andrellos, 1992). Þótt samspil einstaklings og umhverfis hafi verið í brennidepli í iðjupjálfunarkenningum um árabíl eru margir iðjupjálfar enn uppteknir af því að meta umfang skerðinga og frávík í þeim dæmigerðu athöfnum sem ætlast er til að fólk sinni og því er hætt við að þjónustan verði frekar einhæf með áherslu á færni við dæmigerðar athafnir og líkamsstarfsemi (Hammell, 2017). Starfshættir geta líka tengst viðteknu vinnulagi í þverfaglegum teymum þar ákveðnar væntingar eru ríkjandi, svo sem að iðjupjálfar sjái um allt sem lýtur að handbeitingu.

Hammell efast um að þessi mikla áhersla á tilgangsbundnar athafnir sé í takt við það sem notendur kjósa helst og bendir á að víða sé þessu öðruvísi farið. Þegar leitað er álits notenda skipar það að tilheyra, aðstoða eða hjálpa öðrum gjarnan mikilvægan sess og því er hægt að mæta með iðju af ýmsum toga (Borell, Asaba, Rosenberg, Schult og Townsend, 2006; Hammell o.fl., 2008, Iwama, 2003). Hugtakið "ubuntu" kemur úr fornri afrískri heimspeki og merkir að fólk er manneskur vegna þess að það tilheyrir, tekur þátt og deilir með öðrum. (e. *"I am human because I belong, I participate, I share"*) (Murithi, 2007). Félagsleg tengsl eru því ekki einungis mikilvæg undirstaða velsældar heldur forsenda mannlegrar tilvistar (Hammell, 2014). Að gera eitthvað fyrir eða með öðrum skapar og eflir félagsleg tengsl og við það fær iðja sérstaka merkingu (Borell o.fl., 2006). Hugtakið gagnkvæmni (e. *interdependence*) lýsir merkingu sem verður til þegar iðja er stunduð í sameiningu og það getur líka átt við þótt annar aðilinn sé að mestu sá sem þiggur og hinn sá sem gefur, til dæmis þegar veitt er aðstoð við persónulegar athafnir (van Nes, Runge og Jonsson, 2009). Rannsóknir í ólíkum menningarheimum benda eindregið til að slík gagnkvæmni sé fólki nauðsynleg því það er og verður alltaf í einhvers konar tengslum við aðra. Tengsl eru þó ekki eingöngu manna á milli því hjá sumum hópum er einnig lögð áhersla á samband einstaklinga við landið og náttúruna og jafnvel við horfna forfeður sem ber að virða (Hammell og Iwama, 2012).

Í alþjóðlega flokkunarkerfinu um færni, fötlun og heilsu – ICF (World Health Organization, 2001) er hugtakið þátttaka skilgreint



sem „hlutdeild í lífsaðstæðum“ eða „félagsleg aðild að daglegu lífi“. Rannsóknir sýna að fólk með skerðingu upplifir að þátttaka vísi meðal annars til þess að hafa val og vera við stjórn, vera til staðar fyrir aðra, leggja eitthvað til velferðar annarra, styðja og aðstoða aðra, vera í gagnkvæmum og merkingarbærum tengslum og eiga aðild að og stuðla að velsæld samfélaga (Hammell o.fl. 2008; Hammell, 2014; Van de Velde, Bracke, Van Hove, Josephsson og Vanderstraeten, 2010). Hlutdeild í iðju (e. *occupational engagement*) og mannleg tengsl eru óháð framkvæmd athafna, en engu að síður samofin bæði iðju- og þátttökuhugtakinu.

### NOTENDA- OG SKJÓLSTÆÐINGSMIÐUÐ NÁLGUN OG ÞJÓNUSTA

Umræðan um skjólstæðingsmiðaða iðjubjálfun (e. *client-centred practice*) hefur lengi verið Hammell hugleikin (Hammell, 2007a, 2007b, 2013, 2015a). Í skilgreiningu Heimssambands iðjubjálfa (World Federation of Occupational Therapists, 2012) segir beinum orðum að þjónusta iðjubjálfa sé skjólstæðingsmiðuð (e. *“Occupational therapy is a client-centred health profession”*) sem hlýtur að fela í sér að hún sé bæði aðalsmerki og einkenni iðjubjálfunar. Svipað orðalag er að finna í yfirlýsingu sambandsins um skjólstæðingsmiðaða þjónustu (World Federation of Occupational Therapists, 2010) og í siðareglum iðjubjálfa víðast hvar, meðal annars hér á landi (Iðjubjálfafélag Íslands, 2001). Það að réttindi og þarfir notandans séu „taldar vera í fyrirrími“ hefur því orðið óaðskiljanlegur hluti af fagsjálfi iðjubjálfa sem kynna þjónustu sína gjarnan með þessum formerkjum. Hammell bendir hins vegar á að iðjubjálfar þjóni tveimur herrum, það er notendum og kerfinu, og þegar á reyni hætti þeim til að standa með vinnuveitendum sínum og samstarfsfólki frekar en notendum. Reglur og siðvenjur sem lúta að verklagi og starfsháttum í velferðarþjónustu eru hannaðar af starfsfólki og miðast ljóst og leynt við þeirra þarfir ekki síður en þarfir notenda. Togstreita milli eigin hagsmuna og hagsmuna notenda er því óumflýjanleg (Hammell, 2013). Einnig ber að hafa í huga valdamuninn milli óbreyttra starfsmanna og stjórnenda og að það þarf oft sterk bein til að rísa upp gegn viðteknum venjum, vinnubrögðum og yfirvaldi.

Skjólstæðingsmiðuð iðjubjálfun er að mati Hammell tvíþent og það rökstyður hún með því að draga fram nokkur lykilatriði. Til að mynda felst ákveðin mótsögn í því að

þjónusta, sem snýst um óskir og þarfir notenda sé skilgreind af iðjubjálfum en ekki notendum sjálfum. Einnig má nefna að þótt ýmsir rannsakendur (m.a. Cott, 2004; Egilson, 2011, 2015; Guðrún Pálmadóttir, 2008; Hansen, Kristensen, Cederlund, Lauridsen og Tromborg, 2018; Óladóttir og Pálmadóttir, 2017) hafi leitað álits notenda á því hvers konar þjónusta mæti þörfum þeirra best, hafi þær upplýsingar ekki ratað inn í hina opinberu skilgreiningu hugtaksins. Þá bendir Hammell á að það skorti í raun fullnægjandi gögn til að styðja fullyrðinguna um skjólstæðingsmiðaða iðjubjálfun. Að sjálfsögðu sýni margar rannsóknir að alla jafna leggi iðjubjálfar sig fram við að jafna hinn kerfislæga valdamun milli fagmanns og skjólstæðings og sjái til þess að þjónusta þeirra sé í takt við þarfir og óskir notenda. Rannsóknir sýni hins vegar líka hið gagnstæða þar sem iðjubjálfar virðist áhugalitlir um líf notenda og veiti þjónustu sem fylgi fyrirfram stöðluðu kerfi (Abberley, 1995; Pálmadóttir, 2006; Petersen, Hounsgaard, Borg og Nielsen, 2012).

Hammell bendir á að hjá fagstétt sem hafi skjólstæðingsmiðaða nálgun að leiðarljósi ætti hið notendamiðaða sjónarhorn að vera sýnilegt í öllu því sem gert er, það er þjónustu, rannsóknarstarfi og smíði kenninga og verkfæra sem þar er beitt (Hammell, 2013, 2015a). Í rannsóknnum innan iðjubjálfunar séu notendur fyrst og fremst í hlutverki „viðfanga“ sem láti í té upplýsingar um reynslu sína og vitneskju sem síðan sé túlkuð af öðrum. Reynslan hafi þó sýnt að gögn úr eigindlegum rannsóknum meðal notenda nýtist vel til að þróa og efla iðjukenningar og gera þær notendamiðaðri. Sem fyrr segir hafa slíkar tilraunir ögrað ríkjandi hugmyndum og kenningum (Hammell, 2011; Jonsson, 2008). Þá má einnig íhuga takmarkaða aðkomu notenda að hönnun matstækja. Meira að segja Kanadíska færnamælingin (*Canadian Occupational Performance Measure - COPM*) – verkfærið sem talið er hvað mest skjólstæðingsmiðað – er þróað án aðkomu notenda (Law, o.fl., 2014). Vissulega gefist notandanum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum og þörfum á framfæri þegar matstækið er lagt fyrir og hafa þannig (vonandi) áhrif á þjónustuna sem fylgir í kjölfarið. Hins vegar koma flokkarnir, sem atriðin í matstækinu falla undir, oftast frá hugmyndasmiðum innan iðjubjálfunar en ekki frá notendum og eru því ekki endilega til þess fallnir að endurspegla iðju sem skiptir notendur máli samanber umræðuna um flokkun iðju hér

að framan. Á síðustu árum hefur þó færst í vöxt að hafa rýnihópaumræður eða samtöl við notendur áður en matstæki eru endanlega þróuð eða þýdd yfir á annað tungumál. Dæmi um slíkt eru *Mat á þátttöku og umhverfi barna og ungmenna* (Coster o. fl., 2012; Gunnhildur Jakobsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Kjartan Ólafsson, 2015) og *Spurningalisti um skjólstæðingsmiðaða þjónustu* (Cott, Teare, McGilton og Lineker, 2006; Sólrún Óladóttir og Guðrún Pálmadóttir, 2013)

Hammell verður tíðrætt um hið faglega vald sem þrífst meðal annars í krafti fagmenntunar og félagslegrar stöðu, en hvort tveggja er iðjubjálfum alla jafna í hag og getur óafvitandi haft áhrif á tengsl og möguleika á samstarfi við notendur á jafningjagrunni. Stundum er haft á orði að iðjubjálfar „efli skjólstæðinga sína“, en slíkt orðfæri endurspeglar hugmyndir um ójafna stöðu aðila og að iðjubjálfinn búi yfir valdi til þess að efla notandann sem er þá sjálfur vald- og hlutverkalaus. Til að efla vald notenda þarf að skapa þeim tækifæri. Til að svo megi verða þurfa iðjubjálfar að átta sig á þeim duldu áhrifaþáttum sem liggja í hinu félagslega og stjórnsýslulega umhverfi eins og viðteknum viðhorfum og aðgerðum (Hammell, 2013, 2015a). Þótt skilningur fólks á færni og fötlun hafi breyst á undanförunum árum er enn sú hugmynd ríkjandi að takmörkuð þátttaka fólks með einhvers konar skerðingar tengist fyrst og fremst skerðingunni sjálfri en ekki þáttum eins og lélegu aðgengi, fátækt eða ófullkominni stefnumótun sem miðast við ákveðna forgangshópa. Sem dæmi má nefna áherslu framkvæmdavaldsins á bætt vegakerfi til að greiða fyrir umferð einkabifreiða í stað þess að beina sjónum að skilvirkum almenningssamgöngum sem eru aðgengilegar fyrir alla.

Staða, hlutverk og tengsl þeirra sem nota og veita þjónustu fá nú vaxandi athygli meðal rannsakenda og ýmsar stjórnsýslulegar aðgerðir hafa átt sér stað eða eru í farvatninu í þeim tilgangi að draga úr hinu hefðbundna valdamisvægi. Þar má nefna ný lög (nr. 38/2018) um þjónustu við fólk með langvarandi stuðningsþarfir þar sem lögð er áhersla á að notendur séu í meirihluta í nefndum.

Breyting á þátttöku og valdastöðu notenda hefur ekki einungis áhrif á samskipti þeirra við fagfólk heldur einnig á hugmyndina um fagmennsku. Í nýútkomnu þemahefti um rannsóknir á norrænni velferðarþjónustu gerir Andreassen (2018) grein fyrir hvernig

aðkoma notenda getur verið af ólíkum toga. Sem dæmi má nefna að sækja fræðslu sem veitt er af fagmanni, vera í sjálfhjálparrhópi án aðkomu fagaðila eða vera ráðgefandi fyrir fagfólk. Hlutverk notenda og fagfólks eru samofin og breyting á valdastöðu notenda hefur ótvíræð áhrif á starf þeirra sem þjónustuna veita, sumum gæti jafnvel fundist fagímynd sinni ógnað.

### HUGMYNDIR OG KENNINGAR Í IÐJU-VÍSINDUM OG IÐJUBJÁLFUNARFRÆÐI

Sjálfstæði og sjálfbærni fræðigreina er háð hugmyndafræðilegum bakgrunni þeirra og hefur meðal annars þann tilgang að skilgreina þær og aðgreina frá öðrum. Fræðafólk innan iðjuvísinda og iðjubjálfunarfræði hefur lagt mikið upp úr samstöðu um fræðilegar undirstöður. Núverandi iðjuhugmyndir og -kenningar hafa nær eingöngu verið settar fram af vestrænum fræðimönnum sem flestir virðast telja að þær geti gilt um heim allan. Hammell hefur gagnrýnt þessar einhliða áherslur harðlega og minnir á að einungis 17% jarðarbúa tilheyra vestrænum samfélögum. Hún líkir þessu við nýlendu-stefnu þar sem ákveðnar hugmyndir eru leyfðar og aðrar kæfðar í fæðingu. Slíkar ákvarðanir byggja þó ekki á yfirburðum eða sannleiksgildi hugmyndanna sem um ræðir heldur ójafnri valdastöðu þeirra sem setja þær fram (Hammell, 2009, 2011). Ekki sé hægt að ganga að því vísu að kenningar, líkön og flokkunarkerfi sem þróuð eru á Vesturlöndum séu alhliða og gildi fyrir alla. Þvert á móti geta þau átt þátt í að viðhalda kúgun og undirokun tiltekinna þjóða eða þjóðarbrotta (Hammell, 2011). Hún bendir á að margt af því sem við tökum sem gefnu í iðjubjálfun mótist af vestrænum miðstéttar-gildum sem eru okkur svo runnin í merg og bein að við sjáum þau ekki. Hún hvetur iðjubjálfa til að rýna í viðurkennd viðhorf með gagnrýnum augum og hafa hugfast að oft er ekki allt sem sýnist. Þetta var eitt megininntakið í aðalryrilestri Hammell á heimsþinginu í Höfðaborg 2018, en saga Suður-Afríku og aðstæður þar gáfu orðum hennar aukna merkingu.

Í grein frá 2013 leggur Hammell áherslu á menningarlega auðmýkt (e. *cultural humility*). Hún minnir á að í hugtakinu menning felst ekki aðeins þjóðerni og kynþáttur heldur einnig stétt, kyn, kynhneigð og færni. Með áherslu sinni á menningarlegt sjónarhorn vill Hammell vinna gegn áherslum þjóðernishyggju, nýlendustefnu og einokunar (Feiring, 2014). Hún vekur jafnframt athygli á að öll þekking er aðstæðubundin og því sé þörf fyrir mis-

munandi hugmyndir og kenningar til að spanna menningarlegan fjölbreytileika. Að öðrum kosti sé stór hluti mannkyns útilokaður frá fræðilegu sjónarhorni iðjuvísinda og sem notendur iðjubjálfunar (Hammell, 2011). Fyrirbæri eins og þarfir, færni og velferð einstaklinga hafa litla merkingu þar sem félagsleg tengsl, gagnkvæmni og það að deila með öðrum eru sett í forgang (Hammell, 2015e). Einnig skipta einstaklingsmiðuð hugtök eins og viljastyrkur, sjálfræði, trú á eigin áhrifamátt og líkamlegt og andlegt atgervi – sem eru áberandi í vestrænum iðjukenningum – litlu fyrir fólk sem býr við valdbeitingu og samfélagslegt misrétti sem viðgengst víða um heim (Hammell, 2011, 2015e). Niðurstæða hennar er því sú að hugmyndirnar sem kenningar iðjubjálfunar byggja á séu sértækar fyrir ákveðna menningu og útvalda félagslega hópa sem standast tiltekinn færnistaðal. Auk þess skorti verulega á að rannsóknir liggi að baki hugmyndunum (Hammell, 2011, 2015b).

### RÉTTUR TIL IÐJU

Allt frá árinu 2008 hefur rétturinn til iðju (e. *occupational rights*) verið eitt meginstefið í skrifum Hammell. Hugtakið vísar til þess að allir eigi rétt á að stunda iðju sem er þeim mikilvæg og stuðli að velferð þeirra og samfélagsins í heild. Það geti haft alvarleg áhrif á heilsu og velsæld fólks ef það hafi ekki tækifæri til að gera það sem það þarf og vill gera. Í kjölfar greinarinnar frá 2008 hafa komið út nokkrar aðrar þar sem rétturinn til iðju er í brennidepli (Hammell og Beagan, 2017; Hammell, 2015b, 2017). Hammell skoðar málið frá ýmsum hliðum og tengir við mannréttindasáttmála af ýmsum toga. Hún telur mikilvægt að greina þegar brotið er á rétti fólks til iðju og vísar sérstaklega til þátta í umhverfinu í því sambandi, svo sem neikvæðra viðhorfa og félagslegs, fjárhagslegs og menningarlegs ójöfnuðar.

Fyrir leikmenn virðist ýmislegt sammerkt með áherslum Hammell og frumkvöðla í iðjuvísindum sem fjalla um iðjuréttlæti (e. *occupational justice*) (Townsend og Wilcock, 2004). Hins vegar bendir Hammell á að skilningur fólks á „réttlæti“ sé háður samhengi, aðstæðum og menningu og því sé erfitt að skilgreina og nýta hugtakið iðjuréttlæti. Sér í lagi telur hún að hugtökin sem eiga að lýsa óréttlæti með tilliti til iðju (e. *occupational injustice*) séu óskýr, svo sem svipting (e. *occupational deprivation*), útskúfun (e. *occupational alienation*), ójafnvægi (e. *occupational imbalance*), jaðarsetning (e. *occupational marginalization*)

og aðskilnaður (e. *occupational apartheid*). Þau skarist líka oft og nýtist því illa til að leggja mat á það sem fram fer hverju sinni (Hammell og Beagan, 2017). Hammell telur þessi flóknu hugtök og skilgreiningar hvorki þjóna fræðunum né þeim sem njóta þjónustu iðjubjálfa (Hammell og Beagan, 2017). Einnig gagnrýnir hún að talsmenn iðjuvísinda vísi takmarkað til þekktra félagsvísindakenninga þar sem fjallað er um svipaðar hugsmíðar og noti jafnvel skyld eða sömu hugtök án þess að skilningurinn að baki þeim sé endilega sá sami. Þetta sé ruglingslegt og torveldi skoðanaskipti innan fræðasamfélagsins. Hún tekur því undir með Durocher, Gibson og Rappolt (2014) sem hafa gagnrýnt óskýrt inntak hugtaksins iðjuréttlæti. Á heimsþinginu í Suður-Afríku stóð Hammell, ásamt fræðimönnum sem hafa iðjuréttlæti að leiðarljósi, að málstofu um iðjuréttlæti sem frelsi til að gera og vera (e. *Occupational justice as the freedom to do and be: A conceptual tool for advocating for human rights*). Tilgangur málstofunnar var að stuðla að sameiginlegum skilningi á tengslum hugtaksins við mannréttindi og mikilvægi þess að iðjubjálfar nýti alþjóðlega mannréttindasáttmála og færninálgunina um réttlæti (sjá neðar) sem leiðarljós í starfi.

### FÆRNINÁLGUNIN

Síðustu árin hefur Hammell vísað mikið í færninálgunina um réttlæti (e. *capabilities approach*) (Hammell, 2015c, 2017; Nussbaum, 2011; Sen, 2005). Færninálgunin er samspilskenning líkt og líkanið um samspil einstaklings, umhverfis og iðju (e. Person – Environment – Occupation) (Law o.fl., 1996), norræna tengslasjónarhornið á fötlun (Tøssebro, 2004; Ytterhus, Egilson, Traustadóttir og Berg, 2015) og ICF-líkanið (World Health Organization, 2001). Nálgunin snýst um þá færni sem fólki er nauðsynleg til að geta lifað mannsæmandi lífi, orðið það sem það vill verða og gert það sem það vill gera. Lögð er áhersla á að færni tengist ekki eingöngu getu fólks heldur einnig frelsi þess og valkostum sem skapist af samspili persónulegra þátta og umhverfisþátta, til dæmis félagslegra, pólitískra og efnahagslegra. Lykilspurningar sem færninálgunin leitast við að svara eru meðal annars: Hvað er hver einstaklingur fær um að gera og vera? Hvaða valkosti hefur hann? Hvaða ytri og innri þættir standa í vegi fyrir því að hann hafi valkosti sem sanngjarnt er að standi fólki til boða og hvað hindrar að hann fái notið þeirra sem hann hefur (Nussbaum, 2011)? Æ fleiri benda nú á að færninálgunin nýtist vel til að greina sumt af því ranglæti

sem við er að glíma í heiminum, meðal annars það úrræða- og bjargarleysi sem margt fatlað og undirokað fólk býr við (Burchardt, 2004; Mitra, 2006). Ennfremur hefur grundvallarhugsjónin að baki kenningunni, þ.e. að tryggja skuli öllum tækifæri, frelsi og færni til að lifa því lífi sem þeir kjósa að lifa, verið áréttað.

Hammell telur að færninálgunin geti stuðlað að aukinni gagnrýni í starfsháttum iðjupjálfa þar sem jöfn tækifæri og réttur til iðju eru í brennidepli, í takt við mannréttindayfirlýsingu Heimssambands iðjupjálfa (World Federation of Occupational Therapists, 2006) og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (United Nations, 2007). Í upphafi greinar sem skrifuð er í anda færninálgunarinnar dregur Hammell (2015d) upp eftirfarandi lýsingu:

*Víða um heim hafa stúlkur takmarkaðan aðgang að menntun. Við álítum víst flest að þessi ójöfnuður tengist kynbundnu misrétti, hugmyndum um feðraveldið og félagslegu og sögulegu ójafnræði en ekki því að það sé eitthvað bogið við stúlkur. Hvernig er þá best að taka á málum til að tryggja jafnari stöðu stúlkna og drengja? Eigum við að flokka og skilgreina á hvern hátt líkamar stúlkna eru öðru vísi en líkamar drengja þannig að við fáum tölulega yfirsýn? Viljum við breyta líkæmum og hugum stúlkna þannig að þær líkist drengjum? Eða viljum við vinna að gerð og innleiðingu laga um mannréttindi til að binda enda á ójöfnuð og ofbeldi gegn stúlkum, tala fyrir réttindum stúlkna til að sækja sér menntun, að ytri aðstæður séu viðunandi, svo sem nægjanlegt framboð af kennurum, skólahúsgögnum og bókum, og að stúlkum sé gert kleift að ferðast um í almennu rými þannig að þær geti tekið þátt líkt og drengir? Viðbrögð okkar ráðast líkast til af því hvort við lítum á þessa ójöfnu stöðu drengja og stúlkna sem óheppilega en óhjákvæmilega vegna þess að líkamar stúlkna séu „gallaðir“ í samanburði við viðurkennd karllæg viðmið eða að ástandið tengist félagslegum, lagalegum, efnahagslegum, pólitískum, menningarlegum og trúarlegum hindrunum sem koma í veg fyrir jöfn tækifæri kynjanna (Hammell, 2015d, bls. 78-79). (Lausleg þýðing höfundu).*

Hammell leggur áherslu á að á sama hátt þurfi iðjupjálfa að hugsa sinn gang og taka hefðbundin vinnubrögð og áherslur til endurskoðunar í anda gagnrýnnar nálgunar. Er rétt að leggja jafnmikla áherslu á að meta og flokka líkamsstarfsemi, umfang

skerðinga og getu skjólstæðinga okkar og raun ber vitni? Er rétt að leitast við að breyta fólki þannig að það falli betur að viðurkenndum normum? Eða ættum við að beita okkur meira gegn neikvæðum viðhorfum, ósveigjanleika, og ýmis konar misrétti sem stuðlar að ójöfnum tækifærum fatlaðs fólks og annarra jaðarsettra hópa til þátttöku samanborið við aðra? Hún telur að færninálgunin gagnist vel til að varpa ljósi á tengsl lífsgæða, þátttöku og mannréttinda og réttarins til iðju.

## LOKAORÐ

Mikil gróska hefur verið innan iðjupjálfunar á heimsvísu undanfarna tvo áratugi. Svo er einnig hér á landi enda hefur íslenskum iðjupjálfum fjölgað ört og þeir hasla sér völl á æ fleiri sviðum. Almennt er leitast við að veita skjólstæðingsmiðaða þjónustu þrátt fyrir þær kerfislegu hindranir sem víða er að finna. Nokkrir iðjupjálfa hafa tekið sér stöðu við hlið notenda og þróað í samstarfi við þá þjónustu sem byggir á óskum og forgangsroðun hópsins. Dæmi um starfsemi af þessu tagi eru Ljósið - endurhæfing og stuðningur fyrir krabbameinsgreinda, og Hlutverkasetur og Hugarafli þar sem í báðum tilvikum er unnið með notendum geðheilbrigðisþjónustu og stuðlað að breyttum viðhorfum í málaflokknum. Þá eru einnig dæmi um að iðjupjálfa veiti forstöðu verkefnum sem ekki eru beintengd heilsu og er þjónusta tengd aðlögun innflytjendahóps á Akureyri eitt af þeim. Það er þó enn algengt að áherslur iðjupjálfa beinist að töluverðu leyti að þáttum í fari skjólstæðinga svo sem líkams- og hugarstarfsemi og minni gaumur sé gefinn að umhverfinu eða hinu flókna samspili einstaklings og umhverfis. Þetta er að mörgu leyti skiljanlegt í ljósi þess hvernig íslenskt heilbrigðiskerfi er byggt upp og þær sterku læknisfræðilegu hefðir sem þar ríka.

Það er að sjálfsögðu mikilvægt að horfa til þátta í fari fólks enda skipta þeir oft miklu um getu og færni. Hammell (2017) hvetur iðjupjálfa hins vegar til að beina sjónum í auknum mæli að þeim ólíku aðstæðum og tækifærum sem fólk býr við og áherslur hennar hafa skírskotun til okkar sem búum og störfum á Íslandi. Þótt almenn velmegun ríki hér á landi búa margir einstaklingar og hópar við takmarkaða valkosti og úrræðaleyssi. Þar má nefna margt fatlað fólk, öryrkja, flóttamenn og hælisleitendur sem hafa sannarlega ekki frelsi til að lifa því lífi sem þeir kjósa að lifa. Aukinn fjöldi innflytjenda veldur því að samfélagið er ekki jafn einsleitt og áður og fjölgun

aldraðra kallar á breytta nálgun í heilbrigðis- og samfélagsþjónustu. Mikilvægt er að íslenskir iðjupjálfa leitist við að mæta þeim áskorunum sem þessu fylgja þannig að þjónusta þeirra taki mið af stöðu, bakgrunni og forgangsroðun ólíkra einstaklinga og hópa. Jafnframt er mikilvægt að iðjupjálfa taki þátt í stefnumótun í heilbrigðis- og velferðarmálum um hvernig best er að standa að málum til að stuðla að tækifærum fólks til iðju. Sem fyrr segir er mikilvægt að iðjupjálfa séu meðvitaðir um valda-ójafnvægið sem alla jafna ríkir í samstarfi þeirra við notendur og leiti leiða til að sporna gegn því.

Í nýrri námskrá iðjupjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri (Bergljót Borg, 2017) fá félagsleg sjónarhorn og gagnrýnin nálgun í anda Hammell töluvert meira vægi en áður með áherslu á notendamiðaða velferðarþjónustu. Slíkt veganesti ætti að nýtast til að þróa og festa í sessi þjónustu þar sem aukin áhersla er lögð á umhverfi í viðum skilningi og rétturinn til iðju er í brennidepli. Hlutdeild í iðju er öllu fólki nauðsynleg og gefur lífinu gildi. Það er von okkar að iðjupjálfa framtíðarinnar láti sig varða iðjutengd málefni af ýmsum toga og haldi áfram að hasla sér völl á fjölbreyttum vettvangi.

## HEIMILDIR:

- Abberley, P. (1995). Disabling ideology in health and welfare - the case of occupational therapy. *Disability & Society*, 10(2), 221-232. doi:10.1080/0968759950023660
- Andreassen, T. A. (2018). Service user involvement and repositioning of healthcare professionals: A framework for examining implications of different forms of involvement. *Nordisk velfärdsforskning | Nordic Welfare Research*, 3(1), 58-69. doi:10.18261/issn.2464-4161-2018-01-06 ER
- Bergljót Borg. (2017). Breytingar á námi í iðjupjálfun við Háskólann á Akureyri. *Iðjupjálfinn*, 1, 54-57.
- Borell, L., Asaba, E., Rosenberg, L., Schult, M.-L. og Townsend, E. (2006). Exploring experiences of "participation" among individuals living with chronic pain. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 13, 76-85. doi:10.1080/11038120600673023
- Bruininks, R. H. og Bruininks, B. D. (2005). *Bruininks-Oseretsky Test of Motor Proficiency* (2. útgáfa) (BOT™2). New Jersey: Pearson.
- Burchardt, T. (2004). Capabilities and disability: the capabilities framework and the social model of disability. *Disability & Society*, 19, 735-751. doi:10.1080/0968759042000284213
- Coster, W., Law, M., Bedell, G., Khetani, M., Cousins, M. og Teplicky, R. (2012). Development of the Participation and Environment Measure for



- children and youth: Conceptual basis. *Disability and Rehabilitation*, 34, 238-246. doi:10.3109/09638288.2011.603017
- Cott, C. (2004). Client-centred rehabilitation: Client perspectives. *Disability and Rehabilitation*, 26, 1411-1422. doi:10.1080/09638280400000237
- Cott, C., Teare, G., McGilton, K. S. og Lineker, S. (2006). Reliability and construct validity of the client-centred rehabilitation questionnaire. *Disability and Rehabilitation*, 28, 1387-1397. doi:10.1080/09638280600638398
- Dean, S. G., Siegert, J. og Taylor, W. (ritstjórar). (2012). *Interprofessional rehabilitation. A person-centred approach*. New Jersey: Wiley-Blackwell.
- Devlin, R. og Pothier, D. (2006). Introduction: Toward a critical theory of dis-citizenship. Í D. Pothier og R. Devlin (ritstjórar), *Critical disability theory: Essays in philosophy, politics, policy, and law* (bls. 1-22). Vancouver: University of British Columbia Press.
- Durocher, E., Gibson, B. E. og Rappolt, S. (2014). Occupational justice. A conceptual review. *Journal of Occupational Science*, 21, 418-430. doi:10.1080/14427591.2013.775692
- Eakin, J., Robertson, A. N. N., Poland, B., Coburn, D. og Edwards, R. (1996). Towards a critical social science perspective on health promotion research. *Health Promotion International*, 11, 157-165. doi:10.1093/heapro/11.2.157
- Egilson, S. T. (2011). Parent perspectives of therapy services for their children with physical disabilities. *Scandinavian Journal of Caring Sciences*, 25, 277-284. doi:10.1111/j.1471-6712.2010.00823.x
- Egilson, S. T. (2015). User perspectives on support services to disabled children and their families. Í R. Traustadóttir, B. Ytterhus, S. Egilson og B. Berg (ritstjórar), *Childhood and disability in the Nordic countries: Being, becoming, belonging*. Basingstoke: Palgrave Macmillan.
- Feiring, M. (2014). Karen Whalley Hammell: En kritisk stemme innen ergoterapi og rehabilitering. *Ergoterapeuten*, 3, 50-55.
- Folstein, M., Folstein, S.E. og McHugh, P.R. (1975). "Mini-Mental State" a practical method for grading the cognitive state of patients for the clinician. *Journal of Psychiatric Research*, 12, 189-198.
- Gibson, B. E. (2016). *Rehabilitation, a post-critical approach*. Boca Raton: CRC Press, Taylor & Francis Group.
- Guðrún Pálmadóttir. (2008). Iðjuþjálfun í ljósi skjólstæðingsmiðaðrar nálgunar: Reynsla skjólstæðinga á endurhæfingarstofnunum. *Iðjuþjálfinn*, 30, 8-18.
- Gunnhildur Jakobsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Kjartan Ólafsson. (2015). Skólaþátttaka og umhverfi 8-17 ára getumikilla barna með einhverfu: Mat foreldra. *Uppeldi og menntun*, 24, 75-97.
- Haley, S. M., Coster, W. J., Ludlow, L. H., Haltiwanger, J. T. og Andrellos, P. J. (1992). *Pediatric Evaluation of Disability Inventory (PEDI)*. New Jersey: Pearson.
- Hammel, J., Magasi, S., Heinemann, A., Whitenack, G., Bogner, J. og Rodriguez, E. (2008). What does participation mean? An insider perspective from people with disabilities. *Disability and Rehabilitation*, 30, 1445-1460. doi:10.1080/09638280701625534
- Hammell, K. W. (2004). Dimensions of meaning in the occupations of daily life. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 71, 296-305. doi:10.1177/000841740407100509
- Hammell, K. W. (2006). *Perspectives on disability & rehabilitation: contesting assumptions; challenging practice*. Edinburgh: Churchill Livingstone/Elsevier.
- Hammell, K. W. (2007a). Experience of rehabilitation following spinal cord injury: a meta-synthesis of qualitative findings. *Spinal Cord*, 45, 260-274. doi:10.1038/sj.sc.3102034
- Hammell, K. W. (2007b). Reflections on... a disability methodology for the client-centred practice of occupational therapy research. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 74, 365-369. doi:10.2182/cjot.07.003
- Hammell, K. W. (2008). Reflections on... well-being and occupational rights. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 75, 61-64. doi:10.2182/cjot.07.007
- Hammell, K. W. (2009). Self-care, productivity, and leisure, or dimensions of occupational experience? Rethinking occupational „categories“. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 76(2), 107-114. doi:10.1177/000841740907600208
- Hammell, K. W. (2011). Resisting theoretical imperialism in the disciplines of occupational science and occupational therapy. *British Journal of Occupational Therapy*, 74(1), 27-33. doi:10.4276/030802211X12947686093602
- Hammell, K. W. (2013). Client-centred practice in occupational therapy: critical reflections. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 20, 174-181. doi:10.3109/11038128.2012.752032
- Hammell, K. W. (2014). Belonging, occupation, and human well-being: An exploration. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 81, 39-50. doi:10.1177/0008417413520489
- Hammell, K. W. (2015a). Client-centred occupational therapy: the importance of critical perspectives. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 22, 237-243. doi:10.3109/11038128.2015.1004103
- Hammell, K. W. (2015b). Occupational rights and critical occupational therapy: rising to the challenge. *Australian Occupational Therapy Journal*, 62, 449-451. doi:10.1111/1440-1630.12195
- Hammell, K. W. (2015c). Participation and occupation: the need for a human rights perspective. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 82, 4-8. doi:10.1177/0008417414567636
- Hammell, K. W. (2015d). Quality of life, participation and occupational rights: A capabilities perspective. *Australian Occupational Therapy Journal*, 62, 78-85. doi:10.1111/1440-1630.12183
- Hammell, K. W. (2015e). Respecting global wisdom: Enhancing the cultural relevance of occupational therapy's theoretical base. *British Journal of Occupational Therapy*, 78, 718-721. doi:10.1177/0308022614564170
- Hammell, K. W. (2017). Opportunities for well-being: The right to occupational engagement. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 84, 209-222. doi:10.1177/0008417417734831
- Hammell, K. W. og Beagan, B. (2017). Occupational injustice: A critique. L'injustice occupationnelle: une critique. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 84, 58-68. doi:10.1177/0008417416638858
- Hammell, K. W. og Carpenter, C. (ritstjórar). (2004). *Qualitative research in evidence-based rehabilitation*. Edinburgh: Churchill Livingstone.
- Hammell, K. W. og Iwama, M. K. (2012). Well-being and occupational rights: an imperative for critical occupational therapy. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 19, 385-394. doi:10.3109/11038128.2011.611821
- Hansen, A. Ø., Kristensen, H. K., Cederlund, R., Lauridsen, H. H. og Tromborg, H. (2018). Client-centred practice from the perspective of Danish patients with hand-related disorders. *Disability and Rehabilitation*, 40, 1542-1552. doi:10.1080/09638288.2017.1301577
- Haraway, D. (1988). Situated knowledges: The science question in feminism and the privilege of partial perspective. *Feminist Studies*, 14, 575-599.
- Harvey, L. (1990). *Critical social research*. London: Unwin Hyman.
- Iðjuþjálfafélag Íslands. (2001). Siðareglur ÍþÍ. Sótt af <http://www.ii.is/felagid/sidareglur-ithi/>
- Iwama, M. (2003). Toward culturally relevant epistemologies in occupational therapy. *American Journal of Occupational Therapy*, 57, 582-588. doi:10.5014/ajot.57.5.582
- Jonsson, H. (2008). A new direction in the conceptualization and categorization of occupation. *Journal of Occupational Science*, 15, 3-6. doi:10.1080/14427591.2008.9686601
- Larsen, K., Juritzen, T. I., Knutsen, I. R. og Feiring, M. (2017). Hva er kritikk í helsefagene og hva skal vi med kritiske perspektiver. Í M. Feiring, I. R. Knutsen, T. I. Juritzen og K. Larsen (ritstjórar), *Kritiske perspektiver i helsefagene: Utdanning, yrkespraksis og forskning* (bls. 309-333). Oslo: Cappelen Damm.
- Law, M., Baptiste, S., Carswell, A., McColl, M. A., Polatajko, H. og Pollock, N. (2014). *Canadian Occupational Performance Measure* (5. útgáfa). Ottawa: Canadian Association of Occupational Therapists.
- Law, M., Cooper, B., Strong, S., Stewart, S., Rigby, P. og Letts, L. (1996). The person-environment-occupation model: A transactive approach to occupational performance. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 63, 186-192. doi:10.1177/000841749606300103
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- Mackey, H. og Nancarrow, S. (2006). *Enabling independence. A guide for rehabilitation workers:*



- New Jersey: Blackwell Publishing.
- Mahoney, F. I. og Barthel, D. W. (1965). Functional evaluation: the Barthel Index. *Maryland State Medical Journal*, 14, 61-65.
- Matiowetz, V., Volland, G., Kashman, N. og Weber, K. (1985). Adult norms for the Box and Block Test of manual dexterity. *American Journal of Occupational Therapy*, 23, 368-391.
- Mitra, S. (2006). The capability approach and disability. *Journal of Disability Policy Studies*, 16, 236-247. doi:10.1177/10442073060160040501
- Murithi, T. (2007). A local response to the global human rights standard: The Ubuntu perspective on human dignity. *Globalisation, Societies and Education*, 5, 277-286. doi:10.1080/14767720701661966
- Nanna Hlín Halldórsdóttir. (2015). „Gagnrýnin hugsun“ í gæslöppum: Að gagnrýna, hlusta og rökræða en fastsetja ekki „gagnrýna hugsun“ í flokk. *Hugur*, 27, 123-141.
- Njelesani, J., Gibson, B. E., Nixon, S., Cameron, D. og Polatajko, H. J. (2013). Towards a critical occupational approach to research. *International Journal of Qualitative Methods*, 12, 207-220. doi:10.1177/160940691301200109
- Njelesani, J., Teachman, G., Durocher, E., Hamdani, Y. og Phelan, S. K. (2015). Thinking critically about client-centred practice and occupational possibilities across the life-span. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 22, 252-259. doi:10.3109/11038128.2015.1049550
- Nussbaum, M. (2011). *Creating capabilities: The human development approach*. Cambridge: Harvard University Press.
- Óladóttir, S. og Pálmadóttir, G. (2017). The continuum of client-centred practice in an acute psychiatric unit: A mixed method study of clients' perceptions. *British Journal of Occupational Therapy*, 80, 49-57. doi:10.1177/0308022616664909
- Pálmadóttir, G. (2006). Client-therapist relationships: Experiences of occupational therapy clients in rehabilitation. *British Journal of Occupational Therapy*, 69, 394-401. doi:10.1177/030802260606900902
- Petersen, K., Hounsgaard, L., Borg, T. og Nielsen, C. V. (2012). User involvement in mental health rehabilitation: A struggle for self-determination and recognition. *Scandinavian Journal of Occupational Therapy*, 19, 59-67. doi:10.3109/11038128.2011.556196
- Rebeiro, K. L. (2001). Enabling occupation: the importance of an affirming environment. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 68, 80-89. doi:10.1177/000841740106800204
- Robertson, D., Warrender, F. og Barnard, S. (2015). The critical occupational therapy practitioner: How to define expertise? *Australian Occupational Therapy Journal*, 62, 68-71. doi:10.1111/1440-1630.12157
- Sen, A. (2005). Human rights and capabilities. *Journal of Human Development*, 6, 151-166. doi:10.1080/14649880500120491
- Shakespeare, T., Cooper, H., Dikmen, B. og Poland, F. (2018). Rehabilitation as a disability equality issue: A conceptual shift for disability studies. *Social Inclusion*, 6, 62-72. doi:10.17645/si.v6i1.1175
- Solvang, P. og Slettebø, Å. (2012). Forståelser av rehabilitering. Í P. K. Solvang og Å. Slettebø (ritstjórar), *Rehabilitering – Individuelle prosesser, fagutvikling og samordning av tjenester*. Oslo: Gyldendal Norsk forlag.
- Sólrún Óladóttir og Guðrún Pálmadóttir. (2013). Spurningalisti um skjólstaðingsmiðaða þjónustu: Þýðing og staðfærsla með ígrunduðum samtölum. *Tímarit hjúkrunarfræðinga*, 89(4), 14-20.
- Taylor, R. R. (2017). *Kielhofner's Model of human occupation: Theory and application* (5. útgáfa). Philadelphia: Wolters Kluwer.
- Townsend, E. og Wilcock, A. (2004). Occupational justice. Í C. H. Christiansen og E. A. Townsend (ritstjórar), *An introduction to occupation: The art and science of living* (bls. 243-273). Thorofare, NJ: Prentice Hall.
- Townsend, E. A. og Polatajko, H. J. (2013). *Enabling occupation II: Advancing an occupational therapy vision for health, well-being and justice through occupation* (2. útgáfa). Canada: CAOT Publications ACE.
- Tøssebro, J. (2004). Introduction to the special issues of SJDR: Understanding disability. *Scandinavian Journal of Disability Research*, 6, 3-7. doi:10.1080/15017410409512635
- United Nations. (2007). Sótt af <https://www.un.org/development/desa/disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities/convention-on-the-rights-of-persons-with-disabilities-2.html>
- Van de Velde, D., Bracke, P., Van Hove, G., Josephson, S. og Vanderstraeten, G. (2010). Perceived participation, experiences from persons with spinal cord injury in their transition period from hospital to home. *International Journal of Rehabilitation Research* 33, 346-355. doi: 10.1097/MRR.0b013e32833cdf2a.
- van Nes, F., Runge, U. og Jonsson, H. (2009). One body, three hands and two minds: A case study of the intertwined occupations of an older couple after a stroke. *Journal of Occupational Science*, 16, 194-202. doi:10.1080/14427591.2009.9686662
- Wilcock, A. A. (1998). Reflections on doing, being and becoming. *Canadian Journal of Occupational Therapy*, 65, 248-256. doi:10.1046/j.1440-1630.1999.00174.x
- World Federation of Occupational Therapists. (2006). Human Rights. World Federation of Occupational Therapists. Sótt af <http://www.wfot.org/AboutUs/PositionStatements.aspx>
- World Federation of Occupational Therapists. (2010). Client-centredness in Occupational Therapy. World Federation of Occupational Therapists. Sótt af <http://www.wfot.org/AboutUs/PositionStatements.aspx>
- World Federation of Occupational Therapists. (2012). Definition of occupational therapy. Sótt af <http://www.wfot.org/aboutus/aboutoccupationaltherapy/definitionofoccupationaltherapy.aspx>
- World Health Organization. (2001). *International Classification of Functioning, Disability and Health*. Genf: Höfundur.
- Ytterhus, B., Egilson, S. T., Traustadóttir, R. og Berg, B. (2015). Perspectives on childhood and disability. Í R. Traustadóttir, B. Ytterhus, S. T. Egilson og B. Berg (ritstjórar), *Childhood and disability in the Nordic Countries* (bls. 15-33). Basingstoke: Palgrave Macmillan.

## ÞAKKIR

Höfundar þakka ritrýni gagnlegar ábendingar sem nýttust vel til að skýra inntak og bæta frágang greinar.



Gullveig Ösp Magnadóttir  
og Arndís Jóna Guðmundsdóttir,  
f.h. ritnefndar

## „VERTU HLUTI AF LAUSNINNI“



Meðlimir ritnefndar hittu Karen Jacobs á WFOT-ráðstefnunni í Höfðaborg í S-Afríku í maí síðastliðnum og báðu hana um að segja aðeins frá sjálfri sér.

### HVAÐ HEFUR ÞÚ STARFAÐ LENGI VIÐ IÐJUPJÁLFUN OG HVERS VEGNA VALDIRÐU ÞANN STARFSVETTANG?

„Ég hef verið iðjupjálfi síðan árið 1979 og iðjupjálfun er seinni starfsferill minn. Ég heyrði um iðjupjálfun á listahátíð þegar ég bjó í St. Louis í Missouri í Bandaríkjunum og féll fyrir faginu. Ég vissi að þetta væri rétta leiðin fyrir mig og hef verið mjög lánsöm. Í byrjun hélt ég að þetta yrði bara starf, ekki starfsferill lífs míns. Fyrsta starf mitt sem iðjupjálfi var í skóla fyrir börn með námsörðugleika, hann hét The Little People School þó þar væru nemendur upp að 14 ára aldri. Ég hannaði starfsnám fyrir þessa unglinga og það opnaði fyrir þeim stórkostleg tækifæri. Ég útbjót matstæki og okkur gekk svo vel með kennsluna að skólinn bað um að stofnaður yrði starfstengdur framhaldsskóli. Notuð var iðjumiðuð nálgun, framhaldsskólinn stækkaði og stækkaði og ég kenndi þar í nokkuð mörg ár. Fólk heyrði um skólann og ég var beðin um að skrifa námsbók, svo að fyrsta námsbókin sem ég skrifaði var um iðjupjálfun í þessum skóla. Þarna var orðið ljóst að það sem ég hélt að yrði bara starf, myndi verða starfsferillinn minn. Ég var svo heppin að verða prófessor við Boston University árið 1983 og fékk Fulbright-styrk á Íslandi. Ég verð að nefna hana Snæfríði, þegar hún var í háskólanum í Boston sagði hún mér frá Fulbright og ég sótti strax um. Það var mikil upplifun að vera á Íslandi. Ég hjálpaði til við að skapa skólatöskudaginn á Íslandi sem ég hafði áður stofnað í Banda-

ríkjunum, en það mun vera elsta lýðheilsu-átak sem enn er í gangi þar. Þessi dagur er enn við lýði þar og á Íslandi.“

### GETURÐU SAGT OKKUR ÖRLÍTIÐ UM FJÖLSKYLDU ÞÍNA?

„Ég reyni að halda jafnvægi í mínu lífi, ég er amma fjögurra frábærra barna, ég á þrjú börn og tvö sem maðurinn minn átti áður og við eyðum miklum tíma saman sem fjölskylda þegar við getum í Hampshire við fallett vatn. Snæfríður og Gunnar hafa komið þangað og mér finnst ég afar heppin að eiga vini á Íslandi og svona mikilvæg tengsl við þá allt mitt líf.“

### ÞÚ HEFUR EINNIG KOMIÐ AÐ BLAÐA- OG BÓKAÚTGÁFU, EKKI SATT?

„Jú, árið 1989 stofnaði ég tímaritið Work Journal og var svo heppin að Gary Kielhofner var með ráðgjöf fyrir lítið útgáfufyrirtæki á þeim tíma. Hann kynnti mig og þeim líkaði hugmyndin að gefa út tímarit sem hét “Work” og ef við hoppum fram til dagsins í dag, 28 árum síðar, þá er tímaritið enn sterkt á markaðnum. Kominn er nýr útgefandi, IOS Press, vegna þess að fyrri útgefandinn var keyptur út af stærra fyrirtæki. Blaðið er gefið út einu sinni í mánuði og ég er mjög stolt af því. Það er alþjóðlegt þverfaglegt blað sem fjallar um atvinnu, í mjög víðu tilliti. Ég hef einnig verið meðhöfundur að barnabókum um börn sem hafa mismunandi fatlanir eða áskoranir og einnig skrifað um erfið málefni eins og mæður með þunglyndi og kvíða eða ömmu með elliglöp. Í næstum öllum bókunum er iðjupjálfun byggð inn í söguna. Það var mér mjög mikilvægt vegna þess að fötlun af öllum toga er ekki sýnd eins og hún er í barnabókmenntum almennt og ég

vonaðist til að varpa hulunni af því að vera öðruvísi og taka á málefnum sem er erfitt að tala um. Ég er mjög stolt af því að nú er sextánda bókin komin út, rétt áður en ég kom á þessa ráðstefnu og heitir hún Lilac Sunday. Bókin er sennilega ein af erfiðustu bókunum vegna þess að hún fjallar um viðbrögð barns við þunglyndi og kvíða móður og hvernig líf það er – og móðirin fær iðjupjálfun, sem er frábært.“

### MEGUM VIÐ SPYRJA ÞIG FREKAR UM BARNABÆKURNAR ÞÍNAR? ÞÆR HLJÓMA MJÖG ÁHUGAVERÐAR.

„Þakka ykkur fyrir, ég hef gefið nokkur eintök, m.a. til Snæfríðar. Fyrir um 20 árum síðan skrifaði ég barnabók. Ég vinn með mörgum útgefendum þar sem ég sem líka námsbækur og ég kom með bókina til útgefanda sem gefur út barnabækur og hann sagði að þetta væri áhugaverð lesning, en engu að síður hvatti hann mig til að halda mig við það sem hefði gert áður. Hann hafði enga trú á þessu. Árið 2013 eða 2014 var ég svo lánsöm að verða Eleanor Clarke Slagle fyrirlesari. Í Bandaríkjunum er það mikill heiður að fá þessa nafnbót. Þú færð u.þ.b. ár til að semja fyrirlesturinn, svo flytur þú hann og loks er hann gefinn út opinberlega. Ég hugsaði mikið um hvað ég gæti fjallað um. Margir héldu að ég myndi fjalla um rannsóknir mínar í hreyfingafraeði en ég ákvað að gera það ekki. Mér þykir svo mikilvægt að kynna iðjupjálfun svo ég ákvað að það yrði málefnið. Titill fyrirlestursins er: Promoting occupational therapy, words, images and actions. Ég ákvað að skrifa aðra barnabók í kjölfarið og 20 árum seinna fór ég með hana til útgefanda, en margt hefur breyst, í dag gefur fólk út bækurnar sjálft. Það er mjög

algengt og ég ákvað að gera það vegna þess að ég hef svo mikinn áhuga á börnum með fötlun, að skrifa sögu um ömmu sem á tvö barnabörn og annað þeirra er með einhverfu. Ég fór með hluta sögunnar í bústaðinn okkar í Hampshire og notaði mína reynslu í söguna þó ég eigi ekki sjálf barnabörn með einhverfu.“

### HEFURÐU SKRIFAÐ OG UNNIÐ ALLAR BÆKURNAR EIN EÐA Í SAMSTARFI VIÐ AÐRA?

„Ég á vinkonu í Kanada sem elskar barnabækur og við höfum skrifað þær saman, hún í Kanada og ég í Bandaríkjunum. Við höfum notað Google docs og þannig hef ég skrifað allar barnabækurnar mínar ef ég hef skrifað með öðrum sem býr ekki á sama svæði og ég. Mig vantaði teiknara til að teikna inn í bækurnar þar sem ég gef þær út sjálf. Ég er í Rotary-klúbb og fór á fund þeirra þegar ég bjó á Akureyri. Í Rotary-klúbbnum mínum tilkynnti ég að mig vantaði teiknara, en það er eitthvað sem hægt er að gera þegar maður tilheyrir svona klúbbi, og einn vinnuveitandi minna þar sagðist vita af konu sem væri mikill listamaður. Þannig fékk ég teiknara og ég skrifaði þessa bók sem hluta af Slagle-fyrirlestrinum mínum til að kynna iðjuþjálfun vel fyrir börnum með að skrifa sögu þar sem einhverft barn er söguhetjan. Það var fyrsta bókin mín, How full is Sophias backpack?, þar sem ég setti inn efni um skólastöður – og ég féll fyrir þessu formi. Þetta er eins og að fá sér bita af bragðgöðu súkkulaði og þú veist að þú ættir ekki að fá þér annan bita en gerir það samt. Þess vegna hef ég skrifað 16 bækur.“

### HVAÐ HEFUR HELST HVATT ÞIG ÁFRAM Í SKRIFUM BÓKANNA?

„Það sem hvatti mig áfram var..., ég veit ekki hvort þið þekkið bókaflokkinn The Turtle? Hann er mjög vinsæll í Bandaríkjunum og ég held hér á Íslandi líka. Mér var boðið á ráðstefnu Kanadísku iðjuþjálfasamtakanna þar sem mér voru veitt verðlaun fyrir tímaritið mitt og ég vissi ekki að það var annar aðili sem væri að fá þessi verðlaun um leið og ég. Ég spurði hana af hverju hún væri að fá þessi verðlaun og hún svaraði fyrir að skrifa barnabók fyrir kanadísku iðjuþjálfasamtökin - Canadian association of occupational therapists, bæði á frönsku og ensku. Þegar ég skoðaði bókina sá ég að hún samdi líka bækurnar um Franklín skjaldböku. Höfundur Franklíns er iðjuþjálfari. Ég sagði henni frá hugmyndum um mína bók og hún hvatti mig áfram. Henni til heiðurs hef ég allar mínar bækur jafn stórar og þær fást allar á bókasafni þingsins í Bandaríkjunum, sem

er mjög flott. Fyrsta bókin mín var öðruvísi en sú sextánda, ég vinn þær með nemum, með fólki út um allan heim, svo ef ykkur langar að skrifa bók eða einhver á Íslandi þá hafið samband við mig. Það er svo gaman að gera þetta og efnið er svo fjölbreytilegt. Eitt af þeim var að fá bólusetningu, oft hafa foreldrar í Bandaríkjunum áhyggjur af því að bólusetja börnin sín við mislingum svo við gerðum bók um það. Ég minntist áðan á ellið, mamma mín hafði ellið. Það var mjög erfitt fyrir fólk að skilja af hverju hún mundi ekki nöfn fólks svo við gerðum bók um það. Við gerðum eina um iðjuþjálfun með hestum, einelti í mötuneytum í skólum og þess háttar reynslu. Þær eru allar til á Amazon ef þið viljið skoða meira en lýsingar á þeim má finna á blogginu mínu.“

### EF VIÐ BREYTTUM NÚ UM UMRÆÐUEFNI, HVAD VAR ÞAÐ SEM VAKTI HELST ATHYGLI ÞÍNA Á ÞESSARI RÁÐSTEFNU?

„Það sem stóð upp úr fyrir mig á þessu þingi var samvinna og góðvild milli fólks auk þess að læra ný hugtök. Menntunarhluti þessarar ráðstefnu er auðvitað mikilvægur og mér finnast gæði fyrirlestranna hafa verið frábær, það er gaman að heyra mismunandi sjónarhorn frá mörgum mismunandi löndum. Í Bandaríkjunum eru stór samtök iðjuþjálfara og nema sem horfa á hlutina einungis á landsvísi. Eitt af því sem er afar mikilvægt og eitt af áhersluatriðunum í doktorsnámi okkar er að vera heimsborgari svo ég held að koma hér hjálpi fólki að sjá hversu samtengd iðjuþjálfun er en um leið hversu háð við ættum að vera hvert öðru um að koma faginu áfram, hafa tungumál sem við skiljum og sem aðrir skilja líka. Þetta þing var sérstaklega mikilvægt fyrir háskólann okkar. Ég fékk skólastjóran okkar til þess að samþykkja að við yrðum aðal styrktaraðilar þessa þings, ég vissi að það yrði erfitt fyrir WFOT að fjármagna þingið í Suður-Afríku. Ég vildi að fólk vissi að Boston University væri öflugur stuðningsaðili fyrir vöxt fagsins á heimsvísu. Þetta var í fyrsta sinn sem við gerðum þetta. Reynslan fór fram úr mínum stærstu væntingum, mér finnst svo gott að vera tengd fólki eins og ykkur. Ég á fullt af vinum út um allan heim og að fá að hitta þá fjórða hvert ár á þingi er frábært.“

### HVAÐ FINNST ÞÉR AÐ SÉ MIKILVÆGASTA MÁLEFNIÐ FYRIR IÐJUÞJÁLFA ÚT UM ALLAN HEIM NÚ Á DÖGUM?

„Ég held að í Bandaríkjunum sé iðjuþjálfun orðin þekkt fyrirbæri. Hún er flokkuð sem eitt af 10 bestu störfum sem hægt er að sinna svo ég held að fólk viti orðið hvað iðjuþjálfun er. Eitt af því sem við verðum að

fara varlega í er að horfa á hver sér um endurgreiðslu vegna iðjuþjálfunar. Í Bandaríkjunum fær fólk endurgreitt í gegnum þriðja aðila. Við þurfum að passa okkur á því að það stýri okkur ekki í því að veita þá bestu þjónustu sem mögulegt er. Ef okkur er sagt að við getum bara hitt einhvern í vissan tíma eða fyrir vissa þjónustu, þá má það ekki hafa áhrif á það að við veitum þá bestu iðjuþjálfun sem möguleg er. Gagnreyndar upplýsingar eru orðnar miklar svo við vitum orðið hvað virkar og við verðum alltaf að hafa það í huga. Í alþjóðlegu samhengi er iðjuþjálfun ekki vel þekkt alls staðar og ég held að við getum unnið saman að því að taka á stóru félagslegu þáttunum. Það er mjög mikilvægt að við tileinkum okkur hamfarastjórnun eins og WFOT hefur gert. Að við verðum hluti af heildarlausninni á málum sem eru þung í samfélagi okkar, eins og einelti og ofbeldi. Það eru málefni sem við getum rætt á alþjóðlegum grundvelli vegna þess að þar erum við stór og getum látið í okkur heyra. Það er það helsta sem við þurfum að hafa í huga fyrir framtíð fagsins. Það er að við tileinkum okkur skjólstaðingsmiðaða, gagnreynda og iðjumiðaða þjónustu. Ekki láta truflast af því hver muni borga, eða að enginn viti hver við erum, þá gefumst við bara upp. Þetta snýst um að hafa rödd og ef einhver skilur þig ekki á þann hátt, breyttu því þá. Haltu áfram að aðlaga og útskýra þangað til fólk veit um hvað málið snýst.“

### AÐ SÍÐUSTU SPURNINGUNNI OKKAR, HVAD RÁÐ VILTU GEFA NÝÚTSKRIFUÐUM IÐJUÞJÁLFA?

„Ráðgjöfin þarf að byrja meðan þeir eru í skólanum. Þeir þurfa að hafa fyrirmyndir í kennurunum sem eru meðlimir þjóðfélagsins, sem eru með á hreinu hvað er mikilvægt í iðjuþjálfun og í þeim sjálfum. Ég held að það að hafa gott sjálfsálit geri þig að betri iðjuþjálfara. Þú gerir mistök og lærir. Þetta er það sem ég segi mínum nemendum, láttu heyra í þér, vertu talsmaður fagsins, finndu eitthvað sem kveikir í þér. Þetta snýstekki um okkur heldurskjólstaðingana, einstaklingana í samfélaginu, þjóðina.

Farðu á staðinn, hlustaðu, finndu út hvaða þarfir þeir hafa og finndu svo hvað þú getur gert til að uppfylla þær. Beittu valdeflingu, vertu hluti af lausninni en ekki vera hræddur. Það er mjög mikilvægt að vera þarna úti, í samfélaginu.“

**Við þökkum Karen Jacobs kærlega fyrir og kveðjum.**



Valgerður Þórdís Snæbjarnardóttir,  
f.h ritnefndar, Reykjavík, 3. maí 2018



# LISTIN Í IÐJUPJÁLFUN

## KRISTALLAST Í STARFI MEÐ ÖLDURÐUM

Ingibjörg Svava Ásgeirsdóttir iðjupjálfi hefur komið víða við á löngum starfs- og kennsluferli á sviði iðjupjálfunar. Hún tók þátt í að byggja upp fagstétt iðjupjálfa á Íslandi og móta helstu áherslur í starfinu, sérstaklega á sviði öldrunarþjónustu. Hún á að baki langt og farsælt starf á Borgarspítalanum, seinna Sjúkrahúsi Reykjavíkur, auk margra ára kennslu og leiðsagnar í iðjupjálfanámi við Háskólann á Akureyri. Valgerður Þórdís Snæbjarnardóttir hitti Ingibjörgu að máli og bað hana að segja lesendum iðjupjálfans frá æsku sinni, skólagöngu, áhugamálum og fjölbreyttum starfsferli, sem og að deila hugmyndum sínum um framtíðina á sviði iðjupjálfunar.

Fyrst leikur okkur forvitni á að vita um æsku og uppvöxt Ingibjargar. „Ég er fædd hér í Vesturbænum í Reykjavík í litlu bárujárnshúsi sem stóð á Grímsstaðaholtinu eins og það hét þá,“ svarar Ingibjörg. „Það er þar sem Háskólahverfið stendur núna. Þá var þetta bara eins og lítið hverfi eða þorp. Ég er fædd þar í heimahúsi, þar sem voru þrjár kynslóðir og átti heima í Vesturbænum eiginlega fram undir það að ég flutti á Seltjarnarnes níu ára gömul. Að vísu bjó ég í tvö ár í Kaupmannahöfn í millitíðinni meðan pabbi minn lauk námi. Hann var lyfjafræðingur,“ útskýrir hún.

### SKÓLAGANGA VÍÐA UM LAND, SVEITABÖLL OG SUMARVINNA

Aðspurð um skólagöngu í æsku segir Ingibjörg: „Nú, ég gekk bara í þessa venjulegu skóla eins og tíðkaðist á þeim tíma, Melaskólann og svo Mýrarhúsaskóla.

Ég fór svo í landspróf en flutti um miðjan vetur vestur á Ísafjörð. Þá hafði pabbi minn fengið leyfi fyrir lyfsölu þar og við fluttum á miðjum landsprófsvetri, það fannst mér erfitt. Að þurfa að byrja í nýjum skóla og með öðruvísi kennsluskra og bókakost. En það tókst og í framhaldi af því fór ég í fyrsta bekk menntaskóla í Gagnfræðaskóla Ísafjarðar, kallað fjórði bóknáms. Það var áður en Menntaskólinn á Ísafirði var stofnaður,“ segir Ingibjörg.

Ingibjörg vildi halda áfram námi, en spurningin var hvar. „Ég vildi gjarnan komast suður aftur en það þótti nú heppilegra að senda stúlkuna á heimavist þannig að ég fór norður á Akureyri. Fór þá að heiman og var þar í þrjá vetur og útskrifaðist úr MA árið 1969. Þetta var mjög skemmtilegur tími á heimavist og síðan síðasta árið í herbergi úti í bæ. Þá var maður orðinn dálítið fullorðinn og fór í Sjallann og tók þátt í ýmsu sem tánungum er tamt að gera. Unglingsárin voru eftirminnileg. Vestur á fjörðum upplifði ég að fara á sveitaball strax sextán ára, keyra á milli fjarða til skemmtanahalds og koma kannski seint heim á björtum sumarnóttum. Það var oft ævintýrlegt,“ rifjar Ingibjörg upp. Nú er sveitaballamenningin löngu liðin tíð.

Ingibjörg vann á sumrin eins og tíðkaðist þá. „Þá voru flestir látnir vinna á sumrin og í raun og veru byrjaði ég strax bara tíu, ellefu ára að passa börn. Ég var send vestur á Flateyri til föðurömmu minnar tólf ára gömul og fékk að vinna í frystihúsinu þar nokkrar vikur. Það gekk bara ágætlega, var

ágætt að fá „alvöru“ pening,“ segir hún. „Á menntaskólaárunum vann ég í apótekinu hjá pabba á sumrin og í jólafríum og svo á Sjúkrahúsi Ísafjarðar sumarið eftir útskrift úr MA“.

### ÚTIVIST, FAGÞRÓUN Í IÐJUPJÁLFUN OG MENNTAMÁL MEÐAL ÁHUGAMÁLA

Ingibjörg átti ýmis áhugamál í æsku, meðal annars var hún ljósálfur og svo skáti og flokksforingi og stundaði útilegur og annað tengt útivist sem enn situr í henni. „Vestur á Ísafirði fór ég í Svannasveit og fór með þeim á Landsmót og líka sumrin sem ég var vestur á Flateyri. Útivist, gönguferðir og ferðalög eru enn mikil áhugamál hjá mér. Strax um 1980 fór ég að stunda gönguferðir og annaðþví tengt. Það þótti skýtið þá að arka um fjöll og firnindi sem þykir eðlilegt í dag og það endaði með því að ég kláraði leiðsögumannaskólann 1983 og var leiðsögumaður í nokkur ár með dönsku- og enskumælandi ferðamenn auk Íslendinga. Mér hefur alltaf þótt skemmtilegast að ferðast með Íslendingum um landið, í göngu eða ökuferðum, í dagsferðum eða lengri ferðum; fólk úr félagasamtökum, starfsmannahópum og einstaklingum sem hafa gaman af útiveru og fróðleik um land og þjóð,“ útskýrir Ingibjörg. Hún hætti að ferðast með erlenda ferðamenn 1987 en hélt ferðum með Íslendingum áfram þar til fyrir tveimur eða þremur árum síðan. „Ég var lengi fararstjóri í Ferðafélaginu Útivist. Sat í stjórn þar og var ritstjóri ársritsins ÚTIVIST í nokkur ár og textahöfundur á göngukortum um Goðaland-Þórsmörk sem voru gefin út,“ bætir hún við.



Margt annað hefur vakið áhuga Ingibjargar í gegnum tíðina. „Mín áhugamál hafa verið fagþróun í iðjubjálfun og menntunarmálin okkar, saga Íslands, landafræði og jarðfræði, svo og þjóðmál að fornu og nýju. Síðan eru það söngur og tónlist. Ég söng í nokkur ár í Fílharmóníunni. Þegar kórinn var lagður niður og þá hætti ég. Ég ferðaðist mikið en fararstjórn fyrir Útivist hætti ég að mestu árið 1995. Þá fór ég að undirbúa mig fyrir meistaranámið,“ en því lauk Ingibjörg árið 1998 eins og komið verður að síðar.

## ÍÐJUBJÁLFAFÁNÁM OG FYRSTU SKREFI Í STARFI

Á námskynningu í Menntaskólanum á Akureyri sá Ingibjörg nálgun sem vakti athygli hennar. „Þar hitti ég sjúkrabjálfa sem kynnti m.a. fag sem hét ergoterapy og mér fannst þetta rosalega sniðugt. Eins og þetta hljómaði hjá henni þá yrði maður eins konar listamaður og ég var orðin svolítið þreytt á öllum lestrinum og hugsaði að það væri nú kannski eitthvað fyrir mig að hætta þessu bara og fara í handíðir, málun, vefnað og aðrar listir og endurhæfa sjúklinga með því eins og hún lýsti því,“ rifjar Ingibjörg upp. Ingibjörg ákvað að læra þessa nálgun og fékk starf sem aðstoðarmaður Jónu Kristófersdóttur á Kleppi í einn vetur til undirbúnings en hafði áður eytt einum vetri í HÍ við nám í þýsku og ensku enda ákveðin að vinna í tengslum við fólk. Síðan sótti hún um nám í Danmörku og fékk inngöngu. Þetta var sko enginn listaskóli! Hún lauk náminu en tók árshlé vegna veikinda og andláts föður hennar.

Námið í Danmörku var þriggja ára diplómánám og þar var fjallað um mörg fög önnur en listir. Ingibjörg stefndi ekki að sérhæfingu á geðsviði, þó svo að hún hefði verið hjá Jónu á Kleppi. „Mér fannst taugasviðið ofsalega spennandi, og hefur alltaf þótt. Þannig að ég vissi að ég myndi gjarnan vilja fara í þá átt og upp á Grensási gafst gott tækifæri til þess“.

Hún byrjaði að vinna á Landspítalanum seint um haustið 1975 eftir að náminu í Danmörku var lokið. Þarna vorum við tvær á Lansanum í litlu 25m<sup>2</sup> gluggalausum kjallaraherbergi sem þótti bara fínt, því að þegar iðjubjálfun byrjaði á Reykjalundi þá var starfsstöðin einn stóll inn í sjúkrabjálfun fyrir iðjubjálfa, en Sigríður Loftsdóttir vann þar áður en hún flutti sig á Lansann. Þannig voru aðstæður þessi fyrstu ár sem við störfuðum. Það var mikill eldmóður í okkur sem vorum komnar til landsins, tilbúnar að berjast fyrir faginu,“ útskýrir Ingibjörg. „Þarna voru komnar auk okkar þær Hope

Knútsson, Kleppi og Guðrún Pálmadóttir, Reykjalundi, tvær þýskar systur Hildegaard og Margrét Demleiter á Grensási og Emily O’nokon í Hátúni og Sólvangi, og mig minnir að Anne Grethe Hansen hafi verið komin líka. Á undan okkur voru komnar þær Jóna Kristófers á Kleppi og Kristín Tómasar á Akureyri og svo bættust fljótlega fleiri í hópinn“.

Haustið 1976 flutti Ingibjörg sig yfir á Grensásdeild Landspítalans. „Sigríður Loftsdóttir fór á Grensás aðeins á undan mér, þegar Þjóðverjarnir hættu. Þegar hún skipti um starf árið 1982, tók ég við yfirstöðunni, en flutti mig í Fossvoginn 1987, ef ég man rétt. Sinnti mest öldrunardeildunum auk þjónustu við aðrar bráðadeildir. Að vísu var ég eitthvað á barnadeildinni þegar hún kom þangað, þegar Landakot var sameinað Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Þannig að ég er með fremur breiða starfsreynslu þegar litið er til baka. Ég hef enga reynslu af geðsviði sem slíku, en geðrænir erfiðleikar fylgja ósjaldan áföllum af félagslegum og líkamlegum toga og iðjubjálfar takast vissulega á við þá með skjólstæðingum og styðja þá gegnum erfiðleikana sem þeim mæta. Það er mikill skóli, en vissulega hefur maður lesið sér til og leitað fræðslu til viðbótar við geðáfangann í náminu. Þannig hefur þetta semsé nýst mér í öll þessi ár“, útskýrir Ingibjörg.

Mikið var starfað við að skapa iðjubjálfun sess, meðal annars með stofnun Iðjubjálfafélags Íslands. „Við trúðum staðfastlega á fagið og þó við værum ekki nema sjö eða átta stofnfélagar þarna, þaraf fjórar eða fimm í stjórn, þá þurftu allar nefndir að vera til. Oft sátu upptendraðar konur með börn á brjósti og börn í burðarrúmum jafnvel tvisvar, þrisvar í viku við nefndarstörf á kvöldin eftir vinnu, sömu konurnar. En þetta var mjög hugmyndaríkur og skemmtilegur tími allt saman. Við vorum samhentur hópur, fórum saman í ferðalög, og ég sé það eftir á, af því að ég var nú ritari á þessum fyrstu árum, að fundargerðirnar voru mjög persónulegar. En þær þóttu víst mjög skemmtilegar, segja sumir,“ segir hún og hlær við.

## BLAÐAÚTGÁFA, UPPLÝSINGAGJÖF OG SKÓLAMÁL

Staðið var að blaðaútgáfu frá upphafi. „Það var bara svona einblöðungur í fyrstu og þar voru tilkynningar um vinnustaði félaganna og barneignir og eitthvað annað persónubundið svona inn á milli. Ég held að eldmóðurinn hafi bara verið svo mikill í

okkur að það var ekkert verið að gefa neitt eftir. Við sendum bréf til stofnana vítt um landið til að kynna fagið og starfið og kanna þörf fyrir iðjubjálfun. Bréfin voru skrifuð á ritvél og send með pósti. Útbreiðsla iðjubjálfunar var mjög hæg fyrstu árin en við vorum alltaf að hugsa þetta fram í tímann. Við félagsmenn gerðum nokkur kver í starfshópum árið 1979 sem við þýddum og staðfærðum úr dönsku m.a. um bakskóla og vitræna prófun. Þrír iðjubjálfar á Grensási tóku þátt í samstarfsverkefni árið 1983-84 með kennurum úr Fossvogsskóla um skyn- og hreyfiproska barna, skrifuðum síðan kver með kennsluleiðbeiningum fyrir grunnskóla. Praktísku leiðbeiningunum var svo fylgt úr hlaði með bjálfun í leik og starfi“, segir hún.

Að mörgu var að hyggja við að koma fótum undir iðjubjálfun sem fagstétt á Íslandi. „Já, einhver varð að byrja og það varð okkar að leggja grunninn. Hope Knútsson var mikill frumkvöðull, hún fór strax að hugsa um skóla og þetta var alltaf í bakhöfðinu á okkur. Seinna varð til skólanefnd, sem ræddi við ótal ráðamenn og velti upp tillögum um hvar og hvernig best væri að koma náminu upp og haga því, langlíf nefnd, en seiglan skilaði góðu verki,“ segir Ingibjörg. „Ég var seinna í nefnd um að setja faginu siðareglur. Því að okkur fannst félagið þurfa siðareglur, áður en fyrsti árgangurinn útskrifaðist árið 2001. Þannig að við kláruðum það fyrir þann tíma“.

## UPPBYGGING, MEISTARAÞRÓF OG HÁSKÓLAKENNSLA

Uppbygging á faginu iðjubjálfun var unnin við svolítið erfiðar aðstæður að sögn Ingibjargar því ekki gekk nógu vel að kynna fyrir ráðamönnum gildi og inntak iðjubjálfunar. „Á upphafsárunum var iðjubjálfun bara á stofnunum eins og á Landspítalanum, Borgarspítalanum og Reykjalundi og því kannski erfitt að vinna faginu víðari sess, en síðustu fimmtán, tuttugu árin hefur fagið verið að vaxa mjög og það er gleðilegt. Þetta var stundum erfitt, en hafðist fyrir rest og þar á námsbrautinni í HA stærsta innleggið tel ég“.

Ingibjörg stundaði meistaranám samhliða fullu starfi sem stjórnandi á sjúkrahúsi Reykjavíkur, og útskrifaðist árið 1998 með meistaraþróf í iðjubjálfun frá Florida International University. „Við fórum sjö iðjubjálfar í fjarnám við háskóla í Bandaríkjunum, sem var undirbúningur að kennslu við Háskólann á Akureyri. Reyndar fyrst í tengslum við deild sem upphaflega átti að verða í Háskóla Íslands, fjarnám sem

fór fram svolítið öðruvísi en það gerir í dag. Okkur voru sendir fyrirlestrar á videóspólum, sem komu stundum og stundum ekki og sífelld verkefnavinna sem send var út með hraðpósti. En þetta var lífsreynsla, við náðum þessu“, rifjar Ingibjörg upp. „Við fórum tvisvar út í lotur og vorum á stúdentagarði í fyrra skiptið en í leiguíbúðum í seinni lotunni. Við upplifðum ógleymanleg ævintýri og þar má bara vísa í greinarnar sem Ebba hefur skrifað í blaðið, um mörg þeirra. Hópurinn var náinn enda margar okkar búnar að fylgjast að alveg frá upphafi“, bætir hún við.

„Ég vann á Sjúkrahúsi Reykjavíkur en hætti þegar sameiningin varð við Landspítalann árið 2001. Þá voru ekki allir sammála um stöðu fagsins innan spítalakerfisins. Mér fannst við eiga að hafa þar hærri sess“, útskýrir hún.

Eftir þetta lagði Ingibjörg rækt við sjálfa sig og hóf síðan kennslu við Háskólann á Akureyri í mars 2003, þá fyrst sem aðjúnt og fékk lektorstöðu um haustið. „Ég hafði áður verið stundakennari frá árinu 1999. Frá fastráðningu var ég umsjónarkennari vettvangsnáms, allt þar til ég hætti árið 2009. Mér þótti mjög skemmtilegt að kenna, og að vera svona „flugkennari“, fljúga á milli, en stundum varð mikið álag á þéttþökkuðum viðverudögum því auk kennslunnar voru fundir, viðtöl, praktískur undirbúningur að kennslu sem þurfti að sinna. Mestur lestur og undirbúningur var þó unninn fyrir sunnan. Eftir hrúnið þá fannst mér vera komið nóg“, segir Ingibjörg.

Aðspurð nánar um af hverju hún ákvað að hætta svarar Ingibjörg að það hafi ekki einungis verið vegna hrunsins „heldur líka að setja átti kennsluna í fjarnám með áherslu á tólvasamskipti og – tækni og ég er með takkafóbíu. Ég sá það strax að þetta myndi ekki eiga við mig og sagði upp með mjög löngum fyrirvara. Ég hef þó verið stundakennari tengt vettvangsnámi þangað til í vetur til að halda tengslum við fagið. Þurfti þá að lesa greinar og faglittratur til að fylgjast með framgangi náms og stéttarinnar.

Ingibjörg hefur ekki látið deigan síga við að mennta sjálfa sig meira. „Ég er einnig með diplóma í viðskiptum og rekstri frá árinu 2004. Það var þegar ég ætlaði að fara að gera eitthvað ofboðslega merkilegt eftir langt starf á spítalanum. Kannski að setja upp eitthvað sjálfstætt, fara í rekstur. Alltaf gott að hafa nokkrar háskólagráður!“, segir hún.

## MIKILVÆG VERKEFNI Á SVIÐI ÖLDRUNARÞJÓNUSTU

Starfssvið Ingibjargar var lengi vel í öldrunarþjónustunni þó það hafi ekki verið ætlun hennar í upphafi. „Þegar maður fór í meistaranámið úti átti að tilgreina strax hvað sérsvið maður vildi leggja fyrir sig. Ég sá fyrir mér sérhæfingu á handasviði því ég vann talsvert við spelkugerð á Sjúkrahúsi Reykjavíkur, ég hafði verið í þannig vinnu og námi úti í Danmörku. En mér fannst líka spennandi að fara út í sérhæfingu á öldrunarsviði og finnst ennþá“, útskýrir Ingibjörg.

Ingibjörg gerði lokaverkefni sitt tengt öldrun. „Við vorum þrjár; ég, Valerie Harris og Margrét Sigurðardóttir sem unnum rannsóknir okkar undir handleiðslu Gail Ann Hills McGuire og könnuðum viðhorf einstaklinga til sjálfræðis og forræðis aldraðra. Lokaverkefnið mitt snerist um viðhorf aldraðra. Seinna var birt grein eftir mig um niðurstöður og svörum aldraðra í *Íðjubjálfa* og rannsóknin kynnt í fræsluerindum og þátttöku á ráðstefnum“.

Af þessum sökum kom það eðlilega út að Ingibjörg kenndi efni í tengslum við öldrun fyrir norðan. „Ég tók þátt í að setja upp námskeið á meistarastigi við HA ásamt Sólveigu Ásu Árnadóttur sjúkraljálfa, það hét Farsæl öldrun. Það gekk ágætlega í fyrsta skipti en þátttaka varð ekki næg í næsta skipti og þá líka komið að því að ég hætti, þannig að ég held að það hafi bara dottið upp fyrir þangað til núna að kennt er með nýju heiti og áherslum. Það þurfti líka að stokka upp endurhæfingaráfangana á iðjubjálfunarbrautinni en þar hafði þjónusta við aldraða orðið verulega undir í kennslunni og því búinn til einn tveggja eininga áfangi um öldrunina. Þar samþættist allt sem komið var á undan í kennslunni auk nýs kennsluefnis um öldrun og öldrunarmál og verkefni byggð á slíkri samþættingu. Eins og að setstöður hafa áhrif á kyngingu, taugahrörnun brenglar upplifun á umhverfi og sjálfum sér, umhverfi og viðmót eiga stóran þátt í örvun og vellíðan osfrv. Listin í starfi iðjubjálfa kristallast í starfinu með öldruðum þar sem allt sem við höfum lært er fléttað saman í daglegum störfum. Allt sem komið er á undan“, segir Ingibjörg.

Þessa samþættingu finnst Ingibjörgu mikilvægt að nýta í starfi með öldruðum. „Það er ekki bara að hafa það huggulegt á öldrunarheimilum, og þar er sérhæfing iðjubjálfa verulega vönnýtt, sjálfsagt vegna misskilnings því margir telja að við sjáum

bara um afþreyingu. Það á að snúast um þátttöku, styðjandi og örvandi umhverfi, líf og gleði, liti og upplifun, skynjun í víðu samhengi og fleira mætti telja upp. Þarna getum við komið svo miklu, miklu meira inn, fjallað um skynjun eins og upplifun á hæð og fjarlægð, dýpt á tröppum, áhrif mynsturs á gólfum og veggjum og margt annað sem tengist færnipáttum. Þannig að iðjubjálfun getur gegnt margþættu hlutverki með öldruðum, auk þess að setja upp afþreyingarþrógram, þó að það sé sannarlega mikilvægt líka. Eins og ég segi, í starfinu á að draga saman allt það sem við höfum lært“, leggur Ingibjörg áherslu á.

## MIKLAR BREYTINGAR OG BJART FRAMUNDAN

Breytingarnar í faginu hafa að mati Ingibjargar verið gríðarlegar, og telur hún að þakka megi skólanum fyrir það, eða námsbrautinni. Það hafi komið meiri innspýting inn í fagið og fagnaðarerindið hafi borist víðar um landið. „Miðað við það þegar við vorum þarna sex eða sjö, og horfa svo á þennan hóp sem er kominn núna og hvað þau eru í fjölbreyttum stöðum, það er alveg æðislegt. Ég vona bara að það takist að halda áfram þessum eldmóð sem við höfðum á upphafsárunum, og kannski reyna að koma okkur meira inn í þessa almennu umræðu í þjóðfélaginu um félagsmálin, þjónustu við alla aldurshópa, og komast inn á enn fleiri staði en við vinnum á í dag. Miðað við að hafa verið eingöngu inni á stofnunum eins og spítölum, Endurhæfingarstöðvum og áþekku, og vera svo að komast inn í skólana, heilsugæsluna, félagsþjónustuna, það er frábært! Þannig að mér sýnist afraksturinn vera nokkuð góður“, segir Ingibjörg.

Þessar breytingar hafa vissulega tekið sinn tíma. „Ef við hefðum hugsað um þetta í upphafi, þá hefði okkur fundist þessi þróun hafa tekið rosalega langan tíma. Maður kom þarna nýr úr skóla með sterka trú á sjálfan sig og fagið og allt sem það getur boðið til að efla fólk. En nú hefur yngri kynslóð tekið við keflinu svo framtíðin ætti að vera björt ef haldið er áfram á sömu braut. Fagið hefur mjög margþætta vinkla og nálgun inn á fjölbreytt starfssvið svo möguleikarnir ættu að vera næstum því óendanlegir finnst mér. Þannig að ég sé bara bjart fram undan. Það er að segja ef þessi eldmóður erfist áfram í gegnum árin“, bætir hún við.

## RÁÐLEGGINGAR TIL NÝÚTSKRIFAÐRA IÐJUBJÁLFA

Ingibjörg er spurð um hvernig halda megi

Þessum eldmóð við hjá nýútskrifuðum iðjuþjálfum. „Ég held, að með góðu faglegu uppeldi, trú á fagið og það sem það hefur fram að færa og trú á sjálfan sig sem fagmann og hvað við og fagið getur fært þjóðinni, eða kannski frekar samfélaginu þá ætti eldmóður að endast og bera ávöxt. Þar finnst mér námsbrautin hafa unnið svo skemmtilega, lyft faginu upp með því að kenna nemendum að tjá sig í ræðu og riti, leggja fram verkefni og standa fyrir máli sínu, vegna þess að þá þjálfun höfðum við ekki þegar við komum heim og ég held að það sé mjög góður grunnur að framgangi fagsins og stéttarinnar, svarar Ingibjörg.

Miklu skipti þó að halda baráttunni áfram. „Þú finnst kannski fyrir því ef þú þarft einhvern tímann að sannfæra aðra um ágæti þitt og fagsins. Maður hafði þessa óbílendi trú á gagnsemi fagsins þrátt fyrir að vera stundum kýldur svolítið niður, en þá er bara að standa aftur upp og halda áfram. Það voru hjá okkur og verða sjálfsagt hjá ykkur líka ýmsir erfiðleikar við að koma sér á framfæri,“ bætir hún við.

#### FRAMTÍÐARSÝN OG ÞJÓNUSTUKJARNI

Að mati Ingibjargar og fleiri reynslumikilla iðjuþjálfara eru þessi risastóru kerfi eins og til dæmis spítalarnir oft erfiðastir þegar sann-

færa á yfirmenn og samstarfsfólk um gagnsemi af aðkomu séttarinnar, „því þá er fjarlægðin lengri upp til þeirra sem hafa völdin. Eins og í heilsugæslunni á höfuðborgarsvæðinu þar sem stjórnarnir sitja einhvers staðar í fjarlægðinni og starfsemin svo dreifð um höfuðborgarsvæðið. Þar er svo erfitt að koma að skilaboðum áfram um gagnsemi fagsins,“ útskýrir Ingibjörg.

Iðjuþjálfunin var sett inn í heilsugæsluna fyrst árið 1996 sem tilraunaverkefni, Guðrún Hafsteinsdóttir var ein af þeim sem tók þátt í því og Ingibjörg Pétursdóttir sömuleiðis. „Það eru að vísu komnir iðjuþjálfar inn í heimahjúkrunina og félagsþjónustuna núna, ekki margir en ágætis byrjun. Núna er áætlað að ráða sálfræðinga inn í allar heilsugæslustöðvar, af hverju ekki iðjuþjálfar? Iðjuþjálfar ættu sannarlega heima þar,“ telur Ingibjörg.

Meðan Ingibjörg var að reyna að skapa sér starf eftir að hún hætti á spítalanum þá ræddi hún við starfsmenn Heilbrigðisráðuneytisins og kynnti tillögu að starfsmódeli. „Ég sá fyrir mér einhverskonar miðstöð þar sem væru nokkrir iðjuþjálfar í starfi með mismunandi sérhæfingu, t.d. hjálpartæki og aðlögun umhverfis, endur-

hæfingu og þjónustu við börn, aldraða, fullorðna osfrv. Þannig væri hægt að draga fram þá sérþekkingu sem þörf væri á sama hvort skjólstæðingurinn kæmi úr Vesturbænum eða Kópavoginum, höfuðborgarsvæðið væri dekkjað á öllum sviðum. Þannig þyrfti ekki að vera einn sem veit allt á hverri heilsugæslustöð,“ útskýrir hún.

Hún bætir við: „Auðvitað gætu fleiri starfstéttir verið í svona kjarna, eins og sálfræðingar, sjúkrálfarar, félagsráðgjafar, félagsliðar og fleiri stéttir sem sinna endurhæfingu og hugsa um færni og þátttöku svipað og við, í samstarfi við heimilislækna á stöðvunum. Ég sá þetta fyrir mér en það fór ekkert lengra, varð bara umræða í ráðuneytinu. Mér sýnist áþekkt módel vera að ryðja sér til rúms, en þá innan sameinaðrar heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu. Svo veit maður ekki hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Ingibjörg Svava Ásgeirsdóttir hefur sannarlega verið frumkvöðull á sviði iðjuþjálfunar á Íslandi og við að skapa faglega umgjörð hennar. Fjölbreytt þátttaka hennar í starfi og námi iðjuþjálfara hér á landi hefur skilað miklu fyrir fagið og framgang þess. Er henni þakkað kærlega fyrir viðtalið.

## Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir Stiklur úr Fag- og starfsferilskrá

### HÁSKÓLAPRÓF

Meistarapróf – MS Occupational Therapy frá Florida International University, Florida, Bandaríkjunum, 1998.  
Diplómapróf í rekstrar- og viðskiptafræði frá Endurmenntun HÍ, Reykjavík, 2005.  
Diplómapróf í iðjuþjálfun frá Skolen for ergoterapeuter í Kaupmannahöfn, Danmörku, 1975.

### STARFSFERILL

2009–2017 Stundakennari við Heilbrigðisdeild HA – vettvangsnám.  
2003–2009 Lektor við Heilbrigðisdeild HA.  
2003 vor Aðjúnkt við Heilbrigðisdeild HA.  
1999–2003 stundakennari við HA  
  
1995–2001 Forstöðuiðjuþjálfari Sjúkrahúss Reykjavíkur (SHR).  
1982–1994 Yfiriðjuþjálfari á vefrænu sviði Borgarspítalans.  
1976–1982 Deildariðjuþjálfari á Endurhæfingardeild Borgarspítalans. Grensádeild.  
1975–1976 Iðjuþjálfari á Endurhæfingardeild Landspítalans.

### TÍMARITSGREINAR


Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir (2001). Viðhorf aldraðra á Stór-Reykjavíkursvæðinu til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra. Iðjuþjálfinn. Fagblað iðjuþjálfara. 23:1, bls. 22–31.  
Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir (1999). Viðhorf aldraðra á Stór-Reykjavíkursvæðinu til sjálfræðis og forræðis í tengslum við umönnun aldraðra (Stutt útgáfa). Öldrun. Tímarit um öldrunarmál. 2, bls. 15–19.  
Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir (1985). Iðjuþjálfun helftarlamaðra. Félagsmiðill íslenskra sjúkrálfarara. 11:1, bls. 21–23.

### BÆKUR OG BÓKARKAFLAR

Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir og Eygló Daníelsdóttir. (2011). Iðjuþjálfun aldraðra. Í Guðrún Pálmadóttir og Snæfríður Þóra Egilson (ritstjórar), Iðja, heilsa og velferð: Iðjuþjálfun í íslensku samfélagi (bls. 193–212). Akureyri: Háskólinn á Akureyri  
Björk Pálsdóttir, Guðbjörg Elín Ásgeirsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir, Sverrir Guðjónsson. (1984). Skyn- og hreyfiproski. Kennsluleiðbeiningar fyrir grunnskóla. Reykjavík. Útg. Höfundar.  
1979 Ingibjörg S. Ásgeirsdóttir og Sigríður Jónsdóttir (1979). Cognitiv Test. Þýðing og staðfæring á vitrænu mati danska iðjuþjálfans Lone Sørensen. Handbók útgefin af Iðjuþjálfafélagi Íslands, Reykjavík.



Elsa Sigríður Þorvaldsdóttir,  
iðjuþjálfari með MA í heilbrigðisvísindum



# ÞRÓUNARVERKEFNI – UNGT FÓLK TIL ATVINNUPÁTTTÖKU

## AÐDRAGANDI:

Undanfarið hefur orðið hlutfallsleg fjölgun fólks í aldurshópnum 18-25 ára sem vísað er í þjónustu Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar. Á árinu 2016 var tæpur fjórðungur fólks sem vísað var í þjónustu á áðurnefndu aldursbili og um 60% 35 ára eða yngra (2017, Ársskýrsla SH). Starfsfólk Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar taldi þörf á að þróa úrræði til þess að mæta þörfum þessa hóps betur en hingað til hefur verið gert, meðal annars vegna þess hve margir hafa takmarkaða eða jafnvel enga reynslu af vinnumarkaði. Við veltum fyrir okkur hvort styttri hnitmiðaðri námskeið myndu frekar henta yngri hópi. Áður en farið var í að skipuleggja þessa vinnu var sótt um styrk til VIRK vegna styrkja til rannsóknar- og þróunarverkefna.

Í kjölfar þess, eða í apríl 2017, var farið í ferð til Toronto og Ottawa í Kanada, þar sem við heimsóttum fjóra staði sem vinna með ungt fólk. Þessir staðir voru heimsóttir: Halton Industry Education Council, Jewish Vocational Center, Toronto, Nation Cheong United Way of Toronto, Youth Success Strategy.

Við fengum frábærar móttökur og fullt af efni sem við höfum getað nýtt okkur í þessari vinnu. Eins höfðum við samband við Önnu Lóu Ólafsdóttur sem hafði reynslu af vinnu með ungu fólki (Stökkpallur) og þaðan fengum við ráð og hugmyndir. Einn liður í undirbúningsvinnu fyrir verkefnið var að kalla saman rýnihóp. Hann samanstóð af fimm ungmennum sem ekki voru í vinnu eða skóla.

Eftirtaldir spurningar voru lagðar fyrir hópinn og niðurstaða umræðna úr hópnum nýttar m.a. til að byggja upp námskeiðið:

1. Fyrir hverja er starfsendurhæfing?
2. Hvað græðir maður á því að fara í starfsendurhæfingu?
3. Hvað á að leggja áherslu á í starfsendurhæfingu?
4. Hvaða fög á að kenna?
5. Hvað er markmið með starfsendurhæfingu?
6. Hvenær er æskilegt að fólk byrji í starfsendurhæfingu?

Iðjuþjálfaneminn Linda Ósk Þorvaldsdóttir kom talsvert að verkefninu þann tíma sem hún var nemi hjá undirritaðri. Hún þýddi meðal annars fyrir okkur mörg verkefni frá Kanada og hafa þau nýst vel í vinnu með unga fólkinu.

Í kjölfarið á þessari undirbúningsvinnu settum við upp markmið og rannsóknarspurningu sem við ætlum að svara að sex mánuðum liðnum.

## MARKMIÐ:

Að styrkja ungt fólk til atvinnupátttöku, ýta undir andlegan og félagslegan styrk til að auka möguleika þeirra á að taka þátt í atvinnulífi eða fara í nám. Að efla hjá ungu fólki trú á eigin getu og auka virkni þeirra í daglegu lífi.

## RANNSÓKNARSPURNING

### SEM SETT VAR FRAM:

*Henta stutt hnitmiðuð námskeið í starfsendurhæfingu ungu fólki til að ná aukinni færni, líkamlega, andlega og félagslega til að komast út á vinnumarkað eða í skóla? Er þetta leið sem hentar ungu fólki til að verða virkir þjóðfélagsþegnar?*

## AÐFERÐ:

Unnið var út frá heildrænni nálgun, þ.e.a.s. út frá líkamlegum, andlegum og félagsleg-

um þáttum. Haft var að leiðarljósi að virkja bakland einstaklings eins og kostur er.

Við byggðum námskeiðið upp á reynslu Kanadamanna. Þar var lögð áhersla á stutt hnitmiðuð námskeið sem endaði í starfsprófun.

*Í meginráttum var námskeiðinu skipt upp í þrjá hluta:*

## Í FYRSTA HLUTA (8 VIKUR):

a. Lögð fyrir matstæki: Sjálfsmatskvarði Rosenbergs, COPM-viðtal, listi með spurningum um daglegar venjur, Hlutverkalistinn, Áhugalistinn, fylla út iðjuhjól.

b. Fræðsla – vinna með jákvæða sjálfsmynd, trú á eigin getu og eigin áhrifamátt, valdefling, sjálfsefning, HAM – vinna með hugsanir, kvíðastjórnun / að hafa stjórn á eigin aðstæðum. Mikilvægi hreyfingar / líkamsrækt.

## Í ÖÐRUM HLUTA (6 VIKUR):


a. Mikilvægi þess að setja sér markmið, að búa sér til nýjar venjur, að vera í núinu, skipuleggja tímann sinn (að dagurinn hafi upphaf og endi), að hafa áhugamál, eigin umsjá / mikilvægi þess að hugsa vel um sig. Hverjir eru styrkleikar mínir, hverjar eru hindranir mínar?

b. Vinnutengd námskeið; hvað gerir mig að eftirsóttum starfsmanni? Æfa sig í tjáningu. Búa til ferilskrá. Hvar langar mig að vinna? Hreyfing. Finna stað fyrir starfsprófun.

## Í ÞRIÐJA HLUTA (10 VIKUR):


- a. starfsprófun / aðlögun að starfi.
- b. stuðningur.
- c. mat á starfsgetu.
- d. aðstoð við atvinnuleit.

Þessir sex mánuðir skiptust upp á þennan hátt:



Þegar unga fólkið útskrifast frá okkur, viljum við að bakpokinn þeirra sé vel nestaður af styrkleikum, aðlögunarhæfni, væntingum, góðum bandamönnum, aukinni þekkingu og jákvæðum viðhorfum. Allt eru það þættir sem eru styrkur á leið inn í framtíðina:

#### Bakpokinn minn



#### NIÐURSTAÐA:

Þar sem verkefninu er ekki lokið, getum við ekki annað en ályktað um niðurstöður. Nítján þátttakendur voru skráðir í upphafi, fljótlega hættu þrír og eftir nokkrar vikur hættu tveir í viðbót, tveir þátttakendur fluttust yfir í annan hóp þar sem þeir fóru ekki í starfsprófun. Einn einstaklingur lauk ekki starfsprófun og illa hefur gengið að ná í hann. Þrettán einstaklingar ljúka því þátt-

töku. Fimm af þátttakendum komu frá félagsþjónustu en sjö var vísað frá VIRK Starfsendurhæfingarsjóði, alls sjö konur og fimm karlmenn. Dagskrá var alla daga frá 9:00 – 12:00. Fyrsta hálf tímann var boðið upp á morgunmat, kaffi og spjall. Síðan voru fyrirlestrar / verkefni til kl. 12. Tvisvar í viku var farið í líkamsrækt og lagt til að þau færu tvisvar í viðbót sjálf. Stuttar gönguferðir voru farnar á hverjum degi. Þá var reglulega farið í heimsóknir á vinnustaði.

Til að byrja með gekk brösluglega að fá fólk til að mæta en það gekk hægt og rólega betur. Þátttakendur tengdust nokkuð vel en ekki myndaðist sérstök vinátta í hópnum eins og undirrituð hafði búist við og er algengt að gerist í hópastarfi. Reynt var að virkja baklandið eins og kostur var, með því að bjóða nánasta aðstandanda í viðtal. Reynsla frá Kanada sýnir að það skiptir mjög miklu máli að hafa bakland sem hægt er að leita til ef upp koma erfiðleikar og fólk er líklegt til að veita aðstoð ef það veit að viðkomandi þiggur hjálp.

Þegar kom að starfsprófun fengu allir stað til að prófa sig á. Tveir þátttakendur byrjuðu ekki vegna mikils kvíða. Þeir fluttust því yfir á aðra endurhæfingarleið þar sem betur var hægt að mæta þörfum þeirra. Tveir þátttakendur voru á tveimur vinnustöðum.

Í tilviki annars þeirra hafði mæting verið mjög slæm og vinnuveitandi vildi að þátttakandinn hætti. Hann fékk að fara í aðra starfsprófun, þar sem gekk betur. Hinn hafði verið í frekar einhæfu starfi og fékk að prófa sig á nýjum vinnustað. Einn einstaklingur hætti að mæta í starfsprófun og hefur verið erfitt að ná sambandi við hann.

Af þessum þrettán þátttakendum sem kláruðu námskeiðið þá er líklegt að sjö af þátttakendum fari í vinnu, þar af einn á vinnusamning og tveir í skóla. Fjórir til fimm halda áfram í Starfsendurhæfingu SH og einn fer í endurhæfingu annars staðar.

*Hvað virkaði:* Til að hægt sé að kortleggja niðurstöður betur, verða þátttakendur beðnir að fylla aftur út sjálfsmatskvarða Rosenbergs, lista með spurningum um daglegar venjur, fylla út iðjuhjólið og fara yfir þau markmið sem þeir settu sér í upphafi með hjálp COPM. Eins verður viðtal við hvern og einn og farið yfir það sem gekk vel, það sem hefði mátt gera betur og þeirra mat á námskeiðinu í heild. Ljóst er að það tókst ekki að gera það að venju að allir borðuðu morgunverð saman, þátttakendur sögðust oft vera búnir að borða.

Vitað var að í upphafi voru flestir þátttakendur með áberandi kvíða. Samkvæmt sjálfsmatskvarða Rosenbergs voru fjórir þátttakendur innan eðlilegra marka en tíu með lágt sjálfsmat og tveir af þeim með afar lágt sjálfsmat. Fróðlegt verður að sjá hvort sjálfsmatið hafi breyst. Eins er vitað að flestir þátttakendur voru mjög óvirkir áður en þeir byrjuðu í þessu verkefni, áhugavert verður að sjá hvort virkni hafi aukist. Það er þó ljóst að þessir þrettán einstaklingar sem ljúka verkefninu eru allir í virkni eins og er og hafa áætlanir um áframhaldandi virkni.

*Hvað hefði mátt gera betur:* Undirrituð telur m.a. að við hefðum átt að virkja baklandið mun betur, hafa viðtöl við þann sem stendur þeim næst oftar. Baklandið skiptir gríðarlegu máli. Þá þarf félagsþjónustan að standa sig betur og fylgja sínu fólki betur eftir.

Allir sem stóðu að verkefninu eru sammála um að það hafi verið töluverð áskorun að vinna með svona hóp af ungu fólki og mjög lærdómsríkt. Undirrituð vonar að verkefnið verði til þess að fleiri leggi af stað með svipuð verkefni, þannig er hægt að koma í veg fyrir vanda sem hlýst af óvirkni og jafnvel koma í veg fyrir ótímabæra örorku.

Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir,  
verkefnisstjóri, iðjuþjálfari, MA í norrænum  
öldrunarfræðum



## ENDURHÆFING Í HEIMAHÚSI – NÝTT ÞJÓNUSTUÚRRÆÐI INNAN HEIMA- ÞJÓNUSTU REYKJAVÍKUR

Þann 1. mars 2018 hóf endurhæfingarteymi formlega störf innan heimaþjónustu í efri byggð Reykjavíkur samkvæmt hugmyndafræði sem nefnist „Hverdagsrehabilitering“ eða Endurhæfing í heimahúsi. Hugmyndafræðin á rætur sínar að rekja til verkefnis „Længst muligt i eget liv“ í sveitarfélaginu Fredericia í Danmörku árið 2007 sem ætlað var að virkja eldri borgara og styrkja þá til að vera virkir þátttakendur í eigin lífi sem lengst. Hugmyndafræðin hefur síðan þá verið í stöðugri þróun og rutt sér til rúms víða um heim með jákvæðum árangri, sérstaklega á Norðurlöndunum. Þetta verklag í heimaþjónustu er ný nálgun og töluvert ólík því sem nú þekkist hér á landi þar sem þjónustuþeginn er meira við stjórnvölinn en áður. Í stað þess að sveitarfélagið skilgreini fyrirfram hvaða þjónusta er í boði þá er lagt fyrir matstækið COPM (Canadian Occupational Performance Measurement) eða „Mæling á færni við iðju“ til að skilgreina hvaða iðjuvanda einstaklingurinn upplifir mikilvægan að leysa. Sambærilegt tilraunaverkefni var framkvæmt hér á landi 2014-2015 undir stjórn Sigurlínu Andrésdóttur sem gaf góða raun þrátt fyrir stuttan tíma og fáa þátttakendur (Ásbjörg Magnúsdóttir, Guðrún Friðriksdóttir og Sigurlína Andrésdóttir, 2015) og var það hvatinnt að áfangaskiptri áætlun Reykjavíkurborgar um stofnun þriggja endurhæfingarteyma á árunum

2017-2019 (Reykjavíkurborg, Velferðarsvið, 2017).

Samkvæmt hugmyndafræðinni er gert ráð fyrir að í endurhæfingarteyminu starfi iðjuþjálfari, hjúkrunarfræðingur, sjúkrabjálfi, sjúkraliðar og félagsliðar (Tuntland og Ness, 2016) en íþróttufræðingur var ráðinn í stað sjúkrabjálfa. Endurhæfingarteymið veitir persónumiðaða þjónustu sem hefur það markmið að efla líkamlegt, andlegt og félagslegt heilbrigði einstaklingsins í eigin umhverfi. Þjónustan getur varað frá nokkrum dögum og í allt að 12 vikur. Notast er við valdeflandi nálgun í upphafi þjónustunnar með því að styðja einstaklinginn í að setja sér markmið og er það hlutverk faghópsins að styðja hann í að finna leiðir til að ná þeim markmiðum. Það sem einkennir þjónustuna er mikill stuðningur til sjálfshjálpar í upphafi þjónustu sem dregið er svo úr eftir því sem færni eykst eða bjargráð einstaklingsins verða fleiri. Þetta er gert með því að styðja einstaklinginn við að gera athöfnina í staðinn fyrir að gera hana fyrir hann. Þarfir og áherslur geta því breyst á meðan þjónustan stendur yfir, í takt við að bjargráð og færni einstaklings eykst.

Innleiðingin hófst með ráðningu verkefnisstjóra 1. maí 2017 sem jafnframt er iðjuþjálfari með framhaldsmenntun á háskólastigi eftir

að fjármögnun fékkst frá Velferðaráðuneytinu, Reykjavíkurborg og Sjúkratryggingum Íslands. Í kjölfarið var skipaður stýrihópur á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem heldur utan um verkefnið. Ákveðið var að hefja innleiðinguna á sömu starfsstöð og tilraunaverkefnið hafði verið framkvæmt til að byggja ofan á þá þekkingu og reynslu sem þegar er til staðar og hugmyndafræðin því ágætlega kunnugleg starfsfólkinu þar. Samkvæmt áætlun verða tvö ný endurhæfingarteymi innleidd í heimaþjónustuna sem er starfandi í öðrum byggðum Reykjavíkurborgar. Á fyrstu dögum teymisins var farið í fræðslu og þjálfun úti á vettvangi þar sem endurhæfingarteymið fylgdi starfsfólki í heimaþjónustunni í efri byggð, félagslegri heimaþjónustu og heimahjúkrun út á vettvang fyrir hádegi og eftir hádegi var tíminn nýttur til að kynnst hvert öðru, hugmyndafræðinni, þjónustuúrræðum, velferðartækni og velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Einnig var Guðrún Pálmadóttir dósent við iðjuþjálfunardeild Háskólans á Akureyri fengin til að vera með kynningu og kennslu á matstækinu COPM fyrir starfsfólk heimaþjónustunnar í efri byggð.

Vikulega eru haldnir þverfaglegir fundir til að yfirfara umsóknir um heimaþjónustu og ákveða hvort þjónustan verði á vegum endurhæfingarteymis, félagslegrar heima-

þjónustu og/eða heimahjúkrunar. Samþætting heimaþjónustunnar í Reykjavík, þar sem félagsleg heimaþjónusta og heimahjúkrun deilir húsnæði, er mikill styrkleiki og auðveldar samstarfið sem oft er náði og krefst þess að boðleiðir séu stuttar. Þegar einstaklingur innritast í þjónustu hjá endurhæfingarteyminu er COPM-matstækið lagt fyrir í upphafi þjónustu og hjálpar það einstaklingnum að setja sér markmið sem hann vill vinna að með því að forgangsraða þeim iðjuvanda sem er honum mikilvægastur. Endurhæfingarteymið setur upp áætlun út frá þeim markmiðum og er það að miklu leyti í höndum sjúkraliða og félagsliða að sinna daglegri þjálfun í athöfnum daglegs lífs undir leiðsögn og aðstoð iðjuþjálfra og hjúkrunarfræðings ásamt íþróttfræðingi sem hefur umsjón með styrktarþjálfun og hreyfingu. Endurmat á COPM fer fram innan 4-6 vikna ef einstaklingurinn er ekki orðinn sjálfbjarga.

Þjónustan getur bæði virkað fyrirbyggjandi með því að styðja einstaklinga sem sækja um heimaþjónustu þegar þeir eru farnir að missa færni sem og eftir veikindi og slys þar sem aðstæður breytast skyndilega hjá einstaklingnum og hann þarf stuðning til að tileinka sér bjargráð í nýjum aðstæðum. Verkefni endurhæfingarteymisins eru mjög fjölbreytt en þau algengustu eru stuðningur við böðun, klæðnað, hreyfingu, félagslega þátttöku og umsóknir um hjálpartæki til að auka sjálfsbjargargetu einstaklingsins. Þjálfunin fer nánast eingöngu fram í gegnum athafnir daglegs lífs og inni á heimili einstaklingsins eða í grennd við það. Þar sem þetta er ný nálgun innan heimaþjónustu þá hafa margir átt erfitt með að átta sig á þjálfuninni og þá sérstaklega aðstandendur sem eru ekki viðstaddir þegar þjálfunin fer fram. Þeir hafa átt betra með að skilja þjónustuna þegar þeir sjá árangurinn sem verður til við þjálfun þeirra nánustu. Á meðan endurhæfingin stendur yfir reynir teymið eftir fremsta megni að stuðla að virkri samfélagsþátttöku skjólstæðinga í þeim tilgangi að sú þátttaka haldi áfram eftir að þjónustu lýkur til að fyrirbyggja mögulega einmanaleika og félagslega einangrun sem getur leitt til vanvirkni.

Þrátt fyrir að hugmyndafræðin hafi á sínum tíma myndast út frá þörfum eldri borgara þá á hún ekkert síður við fyrir þá sem yngri eru. Reynsla endurhæfingarteymisins hefur þó verið sú að eldri borgarar eru líklegri til að ná meiri árangri á skemmri tíma en þeir sem yngri eru, sem styður gildi og rök

hugmyndafræðinnar. Hópurinn sem nú er í þjónustu spannar um 70 ára aldursbil þar sem sá yngsti er á þrítugsaldri og sá elsti á tíræðisaldri. Hugarfar og nálgun hugmyndafræðinnar er mjög hvetjandi og eflandi fyrir þá sem fá þjónustuna og veitir þátttakendum tækifæri til að auka lífsgæði sín og samfélagsþátttöku óháð aldri. Þjónustu á vegum endurhæfingarteymisins lýkur þegar einstaklingur verður sjálfbjarga eða þegar framfarir eru ekki lengur greinanlegar. Í þeim tilfellum þá er einstaklingnum veitt áframhaldandi þjónusta á vegum heimahjúkrunar og/eða félagslegrar heimaþjónustu í samræmi við hans þarfir.

Hugmyndafræðin hefur fengið töluverða athygli síðustu ár á sviði rannsókna. Niðurstöður rannsókna gefa til kynna aukna ánægju meðal þjónustuþega sem upplifa sig við stjórnvölinn í eigin lífi sem og starfsfólks sem upplifir meiri starfsánægju og þverfagleika í daglegu starfi ásamt því að kostnaður sveitarfélaga lækkar og verður hagkvæmari (Vik, 2018; Tuntland og Ness, 2016). Rannsókn sem fór fram í Noregi (Tuntland o.fl., 2017) sýndi fram á áreiðanleika COPM-matstækisins við að greina iðjuvanda og að konur með beinbrot væri sá hópur sem næði mestum árangri með þessari þjónustutegund. Það kom einnig fram að einstaklingar með taugasjúkdóma, svima, geðræna sjúkdóma og króníska verki áttu erfiðara með að ná markmiðum sínum þar sem þeir þurfa lengri tíma en þann sem hugmyndafræðin gerir ráð fyrir og eru þær niðurstöður í samræmi við reynslu endurhæfingarteymisins.

Gaman er samt að segja frá því að þrátt fyrir stuttan starfsaldur þá leynir ávinningurinn sér ekki. Á einungis 4 mánuðum hafa 58 einstaklingar fengið endurhæfingu í heimahúsi. Þar af eru 22 útskrifaðir, 13 sjálfbjarga með sín markmið og 9 til viðbótar með minni þjónustu en áður eða vegna veikinda. Með því að tileinka sér verklag hugmyndafræðinnar að veita hjálp til sjálfshjálpar, að gera athafnir með einstaklingnum í stað þess að gera þær fyrir hann stuðlar starfsfólk heimaþjónustu að auknum bjargráðum og meiri vellíðan hjá notendum þjónustunnar.

## HEIMILDIR

- Ásbjörg Magnúsdóttir, Guðrún Friðriksdóttir og Sigurlína Andrésdóttir. (2015). Endurhæfing aldraðra við athafnir daglegs lífs. Heimaþjónusta Reykjavíkur. Iðjuþjálfinn, 36(1), 20-21.
- Reykjavíkurborg, Velferðarsvið. (2017). Tillaga, dags. 23. mars 2017, um innleiðingu á hugmyndafræði endurhæfingar í heimahúsi, ásamt fylgigögnum (VEL2015060016). Sótt af [https://reykjavik.is/sites/default/files/vel\\_hugmyndafræði\\_endurhæfing.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/vel_hugmyndafræði_endurhæfing.pdf)
- Tuntland, H., Kjekken, I., Langeland, E., Folkestad, B., Espehaug, B., Førland, O. og Aaslund, M.K. (2017). Predictors of outcomes following reablement in community-dwelling older adults. *Clinical Interventions in Aging*, 12, 55-63.
- Tuntland, H. og Ness, N.E. (2016). Hva er hverdagsrehabilitering? Í H. Tuntland og N.E. Ness (ritstjórnar), *Hverdagsrehabilitering* (bls. 21-41). Pólland: Dimograf.
- Vik, K. (2018). Hverdagsrehabilitering og tverrfaglig samarbeið; en empirisk studie i fire norske kommuner. *Tidsskrift for omsorgsforskning*, 4(1), 6-15.



*Hafdís Sverrisdóttir,*  
iðjuþjálfari með framhaldsmenntun  
í nærumhverfi barna og unglinga,  
leyfishafi í Stimulastik ungbarnafimi



# LENGI BÝR AÐ FYRSTU GERÐ

Ég hef mikinn áhuga á að vinna að forvörnum og hef unnið við það síðastliðin fimmtán ár hjá Vinnueftirliti ríkisins. Ég hef einnig tekið þátt í flestum skólatöskudögum og verið með fræðslu á vorin síðastliðin ár varðandi skólatöskurnar. Áhugi minn fyrir forvarnarstarfi byrjaði eiginlega snemma og hef ég alltaf hugsað hvað hægt væri að gera til að bæta t.d. líðan og umhverfi.

Þegar ég var í mínu námi í iðjuþjálfun kynntist ég hugmyndafræði Jane Ayres. Þá langaði mig að kanna áhrif grindargliðunar á fóstrið, það er ef móðir ætti erfitt með að hreyfa sig vegna verkja á meðgöngunni og hvaða afleiðingar það gæti haft á hið ófædda barn. Tilgangurinn með þessu var að fræða móðurina um hvað hún gæti gert til að létta sér verkið og draga úr verkjunum.

Ég er leiðbeinandi í Stimulastik og má kenna það. Stimulastik kemur frá Danmörku, er samsett úr orðunum stimulation og gymnastik og á upphaf sitt í hugmyndafræði Jane Ayres. Foreldrum er kennt að hafa áhrif á öll skynfærin með æfingum/leikjum og eru fræddir um tilganginn.

Í þessu námskeiði er farið í gegnum æfingar/leiki sem hægt er að gera heima og kennt

er nudd þar sem það er mikilvægur þáttur í tengslamyndun. Markmiðið er að foreldrar og börn tengist góðum böndum. Börnin fá þá athygli sem þau þurfa og foreldrar eru upplýstir um tilganginn með því sem verið er að gera. Námskeiðið er einstaklingsmiðað og þess vegna eru fáir í einu á námskeiðinu til þess að hægt sé að sinna hverjum og einum. Foreldrar geta rætt við mig í einrúmi, ef það eru einhverjar áhyggjur, og fá þá svör við þeim.

Í forvarnarskyni hef ég verið með fræðslu fyrir starfsfólk ungbarnaleikskóla, bæði með tillögur að æfingum/leikjum eða ýtt undir það sem þau hafa verið að gera. Ég hef rætt um leikvelli bæjarins, hvernig hægt er að nýta þá og umhverfið í hverfinu. Ég hef séð marga góða leikvelli sem yta undir leiki og æfingar en því miður eru margir þeirra mjög einhæfir.

Þar sem ég er upptekin af forvörnum þá fór ég í nám í TEBA-þjálfun sem er tengslamyndun eða á þýsku Therapie zum elementaren Bindungsaufbau. Það er hægt að ráðleggja foreldrum sem eiga börn sem gráta mikið og erfitt er að hugga. Það er alltaf einhver skýring á grátinum og hægt að aðstoða þá með það eða vísa þeim annað.

Nýjustu rannsóknir um tengingar í heila ungbarna sýna að öll samskipti á milli foreldra og barns eru mikilvæg fyrstu 3 mánuðina, fyrsta árið og fyrstu 7 árin. Barnið sýnir viðbrögð rétt eftir fæðingu. Þetta hefur styrkt mig enn frekar í því að geta haft áhrif á foreldra og ungbarn.

Ég hef haft mikinn áhuga á vinnuumhverfi barnshafandi kvenna, hvort sem það sé vinnustaðurinn eða heimilið, og áhrif þess á hið ófædda barn. Ég hef kynnt mér nýjustu rannsóknir varðandi það og út frá þeim upplýsingum hef ég verið að útbúa fræðslu og gátlista til að koma í veg fyrir að konur séu að vinna við hættulegar aðstæður á meðgöngunni. Því miður er álagið og streitan mikil í þjóðfélaginu og ef þunguð kona er stöðugt í streitufullu umhverfi hefur það áhrif á hið ófædda barn. Hvernig verður þetta barn þegar það er undir miklu álagi? Er það mjög kvíðið eða er það sérstaklega viðkvæmt? Já, það eru margar spurningar og mikilvægt að bregðast við.

Ég mun halda áfram að vera með námskeið fyrir foreldra og ungbörn.

Maren Ósk Sveinbjörnsdóttir,  
iðjubjálfi á Reykjalundi, starfsendurhæfingu



## Í ÖRUGGA HÖFN – IÐJUBJÁLFI Í 25 ÁR

Ég er fædd og uppalin á Höfn í Hornafirði. Að loknu námi í iðjubjálfun árið 1986 hugðist ég ekki snúa aftur heim til Hafnar, því ég sá ekki fyrir mér mikla atvinnu- möguleika þar. Ég flutti þó þangað í janúar 1991, þá búin að vinna á geðdeild Landspítalans í 4 ár. Ég var með fyrstu iðjubjálfunum sem fóru út á land að vinna, en þeim hefur sem betur fer fjölgað með tilkomu iðjubjálfanámsins við Háskólann á Akureyri. Í dag eru iðjubjálfar í starfi víða um landið, sú þróun hefur gengið mishratt eftir landshlutum og enn er verk að vinna við útbreiðslu fagsins. Ég var því miður alltaf eini iðjubjálfinn á suðausturhorninu.

Pegar ég flutti til Hafnar byrjaði ég að vinna í grunnskólanum sem leiðbeinandi í sérkennslu og dönskukennari. Ég var fyrsti iðjubjálfinn sem vann þar en fyrir voru þroskabjálfar sem sinntu sérkennslu. Við fundum strax að nálgun iðjubjálfa átt vel heima í skólanum og var góður biti í púsl fagmanna þar. Ég vann í skólanum í eitt og hálft ár, en fékk ekki menntun mína metna og sætti mig ekki við það. Samhliða vann ég hlutastarf hjá félagsþjónustu sveitarfélagsins við félagslega liðveislu á heimili geðfatlaðra.

Árið 1994 réð ég mig sem iðjubjálfa til Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi (SvAust). SvAust var staðsett á Egilsstöðum en rak útibú á Höfn sem sinnti

Austur-Skaftafellssýslu og Djúpavogshreppi. Mitt starf fólst aðallega í að meta færni og þjálfra börn með frávik og veita ráðgjöf til foreldra og ýmissa þjónustustofnana, svo sem leikskóla og grunnskóla á Höfn og á Djúpavogi. Ég var þá eðli málsins samkvæmt í töluverðum samskiptum við ýmsar stofnanir sem sinna börnum og fjölskyldum þeirra. Ég byggði upp stuðningsfjölskyldunet fyrir þær fjölskyldur sem þurftu þess.

Í samvinnu við foreldra og kennara þróaði ég jafningjaliðveislu fyrir fötluð grunnskólabörn frá 11 ára aldri. Jafnaldrar sinntu liðveislu með fötluðum nemendum fyrir utan skóla, svo sem að fara í félagsmiðstöð, fótbolta, að hjóla, í göngutúra o.fl. Það var eðlilegra að hafa jafnaldra en að hafa fullorðinn einstakling með sér í félagslífinu eftir skóla. Liðveitendur fengu laun og oft voru 2-3 krakkar sem skiptu liðveislunni á milli sín. Þetta gekk mjög vel og sumir voru liðveitendur áfram upp í gegnum menntaskólann. Þarna myndaðist góð vinátta sem helst enn þann dag í dag. Við sáu að í þeim bekkjum þar sem voru fötluð börn og unglingar höfðu bekkjarfélagarnir meira þol gagnvart fjölbreytileikanum og sýndu meiri þroska í samskiptum. Fyrir liðveitandann var það sjálfsgætt hlutur að aðstoða þann fatlaða líka í skólanum og hafa hann með í leikjum og öðru sem gert var.

Ég vann náið með starfsfólki SvAust á Egilsstöðum en þar var mikill faglegur metnaður og framsækni í þessum málaflokki. Ég fór á mörg námskeið á þeirra vegum og vann með þeim á fjarfundum. Á Egilsstöðum voru margir þroskabjálfar starfandi en ég var fyrsti iðjubjálfinn sem starfaði með þeim.

Í janúar 1997 varð sveitarfélagið Hornafjörður reynslusveitarfélag í heilbrigðisþjónustu á grundvelli laga nr. 82/1994. Markmið þessara laga var m.a. að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Með þessu var m.a. stefnt að aukinni sjálfsstjórn sveitarfélaga og bættri þjónustu við íbúana. Nokkur ráðuneyti gerðu samninga um yfirtöku tiltekinna verkefna og þjónustu gegn ákveðnu fjárframlagi.

Sveitarfélagið Hornafjörður gerði þá til dæmis þjónustusamning við ríkið um rekstur málefna fatlaðra (samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992). Ég skipti um vinnuveitanda og fór að vinna sem forstöðumaður málefna fatlaðra hjá sveitarfélaginu og sá um allt sem heyrði undir lögin, svo sem fullorðinsmál, barnamál, búsetu og atvinnumál fatlaðra.

Ég fluttist á bæjarskrifstofurnar og starfssvið mitt breyttist umtalsvert. Nú tilheyrði ég Fræðslu- og félagssviði sveitarfélagsins, varð tengiliður við ráðuneyti, sveitarfélög og aðrar stofnanir, sem framkvæmdastjóri SvAust hafði áður séð um. Ég var komin í stjórnunarstöðu með aukna ábyrgð á fjármálum og stefnumótun í málaflokknum. Það voru mikil viðbrigði að fara úr því þverfaglega umhverfi sem tengdist málefnum fatlaðra hjá SvAust og yfir í stjórnsýslu sveitarfélaga, þar sem lítil sem engin þekking var til staðar um þennan málaflokk. Ég lagði því ríka áherslu á að gerður yrði samningur við SvAust um áframhaldandi aðgang að faglegri þekkingu í formi ráðgjafar, funda og námskeiða á vegum Svæðisskrifstofa og ráðuneytis, sem reyndist auðsótt.

Við flutninginn yfir til sveitarfélagsins varð öll þjónusta við fólk með fötlun heildstæðari, markvissari og persónulegri, því þeir sem tóku ákvarðanir voru nær þjónustugegunum og þekktu þá oftast persónulega. Sama starfsfólk veitti nú liðveislu og frekari liðveislu (lög nr. 59/1992; 24. og 25. gr.) sem var áður skipt milli ríkis og sveitarfélags og ég var staðsett í ráðhúsinu og hafði því beinan aðgang að stjórnsýslunni og pólitíkinni. Ég sinnti áfram lögbundinni þjónustu við fötluð börn en árið 2014 var svo ráðinn þroskaþjálfari til að sinna þeim aldursþópi. Það var kærkomið, því erfitt var að sinna vel svo víðu sviði og þunginn í fullorðinsmálum hafði aukist jafnt og þétt frá því að Höfn varð reynslusveitarfélag.

Á þessum tíma var umræðan byrjuð um að leggja niður sambýli og bjóða í staðinn upp á önnur búsetuúrræði sem hentuðu fólki betur og var SvAust í fararbroddi í þeirri vinnu. Markvisst var unnið að því að byggja upp þjónustu í heimabæjum þeirra fötluðu einstaklinga sem vildu flytja aftur heim eða veiktust/urðu fatlaðir á fullorðinsaldri. Öll svona vinna og stefnubreyting tekur tíma en það tókst mjög vel til og fékk ég mikinn stuðning frá framkvæmdastjóra SvAust, Soffíu Lárusdóttur og hennar starfsfólki við að þróa þessa hugmyndafræði og uppbyggingu í mínu sveitarfélagi.

Fleiri fullorðnir fatlaðir einstaklingar þurftu þjónustu til að geta búið áfram í heimabyggð. Þessir einstaklingar voru í leiguhúsnæði í bænum, og rétt var um það á pólitíska sviðinu að byggja sambýli. Ég beitti mér gegn því og talaði fyrir sjálfstæðum búsetuúrræðum í bænum og einstaklingsbundinni þjónustu heim til

hvers og eins. Það voru engin fordæmi um stofnanir fyrir fatlaða í sýslunni og við höfðum því frjálsar hendur við að þróa búsetuúrræði og þjónustu. Geðfatlaðir var sá hópur fullorðinna sem hafði fengið litla búsetuþjónustu frá Svæðisskrifstofum. Ég sá strax að þörf var á að þeir fengju þjónustu/stuðning heim til að geta búið í samfélaginu og út af fyrir sig.

Við þessa auknu þjónustu heim til fólks þurfti fleira starfsfólk, starfsfólkið þurfti aðstöðu og auk þess var komin brýn þörf fyrir dagvistarúrræði fyrir fatlaða fullorðna.

Árið 2000 stofnaði ég dagvistun fyrir fatlaða fullorðna á Höfn. Þar var einnig starfsmannaaðstaða, sem var mikil bót fyrir starfsfólk og skjólstaðinga. Í dagvistinni buðum við upp á alls konar verkefnavinnu sem við fengum frá fyrirtækjum í bænum, ýmsa aðra iðju og félagslíf frá kl. 9-16 alla virka daga og frá kl. 11-14 um helgar og á rauðum dögum. Boðið var upp á heitan mat í hádeginu alla daga ársins, þar sem starfsfólkið borðaði með skjólstaðingum. Það var sérstaklega mikilvægt fyrir félagslega einangraða einstaklinga til að hafa tilgang með því að fara út og hitta fólk. Enginn aukakostnaður hlaut af þessari helgar- og hátíðaröpunun, því starfsfólkið sem sinnti frekari liðveislu sá um þetta.

Um leið og fötluðum fullorðnum í þjónustu fjölgaði, jókst þörfin fyrir starfsmenn í vaktavinnu. Árið 1997 voru tveir starfsmenn í einu stöðugildi en í lok árs 2016 voru þeir orðnir 12 í u.þ.b. 11 stöðugildum. Mikill hluti tíma míns fór í að sinna starfsmannamálum, skipuleggja vaktir, verkferla, námskeið o.fl. Ég var heppin með starfsfólk og ræktaði það og byggði upp eftir bestu getu, enda er starfsfólkið stærsti auður hvers vinnustaðar og því mikilvægt að hlúa vel að því á allan hátt. Ég lagði mikið upp úr því að starfsfólk væri vel upplýst og fengi námskeið sem eflaði það í starfi. Ég var einnig sveigjanleg og kappkostaði að hafa starfsmenn með í ráðum eins og hægt var við alla uppbyggingu. Ég sótti sjálf ýmis námskeið í stjórnun og samskiptum og tók einnar annar nám í mannauðsstjórnun frá HA til að efla mig sem yfirmann.

Árið 2012 tók ég líka við félagslegri heimaþjónustu hjá sveitarfélaginu og breyttist nafn deildarinnar yfir í heimaþjónustudeild. Það bættust fleiri starfsmenn í hópinn og rúmlega fjörutíu heimili sem fengu heimilishjálp. Á sama tíma fluttu starfsmenn heimahjúkrunar sig einnig í starfsaðstöðu okkar, sem leiddi til aukinnar samvinnu og

sambættingar heilbrigðis- og félagsþjónustu inni á heimilum fólks.

Strax frá því að Höfn gerðist reynslusveitarfélag árið 1997 myndaðist mikil hefð fyrir samvinnu milli kerfa. Ég vann náið með starfsfólki heilsugæslu, skóla og leikskóla. Til dæmis var kvöld- og helgarþjónusta hjá málefnum fatlaðra en ekki heimahjúkrun, þannig að starfsfólk málefna fatlaðra sá um innlit og lyfjagjafir á kvöldin og um helgar til þeirra sem þurftu heimahjúkrun. Þar sem sveitarfélagið var reynslusveitarfélag í heilbrigðis- og fötlunarmálum þá vorum við lausnamiðuð og unnum verkefnið saman þegar þau komu upp. Það þvældist ekki fyrir hver ætti að borga hvað. Þetta var gagnkvæmur ávinningur, t.d. samkeyrðum við oft námskeið fyrir starfsfólk og starfsmannafélagið var sameiginlegt. Við höfðum gott aðgengi að hvíldarinnlögnum á hjúkrunarheimilinu, ef þess þurfti.

Ég vann einnig ýmis verkefni í samvinnu við félagsþjónustuna svo sem viðtöl og eftirfylgni með ungum konum sem áttu erfitt með að fóta sig í lífinu.

Á þessu tímabili fékk ég fimm iðjuþjálfanema frá HA til mín. Í fyrstu hélt ég að það væri lítið merkilegt að gerast á Höfn fyrir iðjuþjálfanema. Ég væri aðallega í stjórnunarstörfum og gæti litlu miðlað til þeirra, en reyndin var önnur. Verkefnið voru næg og ég gat miðlað heilmiklu til þeirra og ekki síður þær til mín. Það var frábær vítamínsprauta fyrir mig, einyrkjann, og samfélagið okkar að fá þessa hæfileikaríku nema til okkar.

Árið 2011 fluttist öll þjónusta við fatlaða á landsvísu yfir til sveitarfélaganna. Þrátt fyrir margra ára undirbúningsvinnu að yfirfærslunni þá fundum við „gömlu“ starfsmenn svæðisskrifstofa sem héldum áfram hjá sveitarfélögunum greinilega að töluverð þekking og reynsla hafði glatast við yfirfærsluna. Þurftum við oft að berjast fyrir því að það sem þegar hafði áunnist héldi velli og passa að málaflokkurinn færðist ekki 20 ár aftur í tímann. Þetta studdu skýrslurnar *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga ágúst 2014 – á yfirfærslu og Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga – 2013* sem Rannsóknasetur í fötlunarfræðum og Félagsvísindastofnun HÍ unnu að fyrir sveitarfélögin. Hér er tilvitnun úr annarri þeirra:

*Þeir sem unnið höfðu á svæðisskrifstofunum lýstu því að umræða um hugmyndafræði og þróunin í málaflokknum hafi verið*

*haldið á lofti og áhersla verið lögð á fræðslu. Eftir yfirfærslu hafi hins vegar ekki gefist nægur tími í slíkt. Aukin umræða um hugmyndafræði og ríkjandi áherslur sé mikilvæg þjónustunni og stuðli að auknum gæðum hennar. Nokkrir lýstu því að umræðan hafi fallið í skuggann af umræðu um peningamál.*

(Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum, 2013)

Það eru margar ástæður fyrir því að mér gekk vel að byggja upp starfsemina. Ég tel að það hafi skipt miklu máli fyrir mig sem persónu í þessari uppbyggingu að ég hafði unnið með öflugum og reyndum iðjuþjálfum í fjögur ár á geðdeild Landspítalans eftir nám, sem studdu mig og hjálpuðu mér að byggja upp iðjuþjálfasjálfið mitt og sjálfstraustið. Fékk ég þar meðal annars handleiðslu frá reyndum iðjuþjálfum sem ég nýtti mér áfram eftir þörfum, þegar ég var komin á Höfn. Það var gott að vera búin að mynda öflugt stuðningsnet að leita til. Ég fékk áfram góðan stuðning frá fagfólki og stjórnendum SvAust. Ég gat unnið sjálfstætt og var óhrædd við að henda mér út í djúpu laugina, mistakast og byrja aftur, leita ráða og vinna með fólki þvert á fagstéttir. Ég bý yfir ástríðu og hef gaman af því að vinna og byggja upp nýja hluti. Ég á auðvelt með að vinna með fólki.

Velvilji ráðamanna skipti líka miklu máli. Ég gætti þess að rökstyðja allar breytingar og uppbyggingu fyrir stjórnarsýslunni og fræða um málaflokkinn og mér gekk vel að halda

mig innan fjárhagsrammans. Starfsfólkið hjá mér kom alltaf vel út úr ánægjukönnunum sveitarfélagsins, enda kappkostaði ég að nýta mannauðinn og hafa starfsfólk með í ráðum í uppbyggingunni. Starfsmannamál geta verið mjög flókin en jafnframt spennandi áskorun.

Ég var dugleg að sækja námskeið og halda tengslum við iðjuþjálfafélagið með því að sækja fundi, ráðstefnur og sitja í nefndum, sem er mjög mikilvægt til að viðhalda tengslanetinu og lykilþáttur í að viðhalda faglegum metnaði, koma í veg fyrir faglega einangrun og geta fylgst með þróun innan fagsins.

Uppbyggingu þjónustunnar er ekki lokið á Höfn, það þarf alltaf að aðlaga og þróa þjónustu þar sem verið er að vinna með fólki. Nýtt húsnæði fyrir dagvist og skrifstofur starfsfólks verður loksins tekið í notkun 2018 en ég barðist lengi fyrir að fá varanlegt húsnæði undir sama þaki fyrir málaflokkinn.

Eftir áratuga uppbyggingu og þrotlausa vinnu af ástríðu og áhuga, var kominn tími til að leyfa öðrum að spreyta sig og klippa á naflastrenginn, ég sagði upp og hætti störfum í desember 2016. Þegar maður byggir eitthvað upp frá grunni í litlu samfélagi í svona langan tíma á maður hvert bein í verkefninu, ég var alltaf á vaktinni og tilbúin til að stökkva inn til að taka vaktir, gefa ráð, leysa af og redda hlutum. Ég var mjög tengd mörgum skjól-

stæðingunum því sumir voru hjá mér í þjónustu í þau 25 ár sem ég starfaði á Höfn. Þegar ég hætti var auglýst eftir iðjuþjálfum eða fólki með sambærilega menntun, bæði í landsblöðum og á innra neti iðjuþjálfum. Það kom aðeins ein umsókn og var hún frá hjúkrunarfræðingi sem var ráðin í mitt starf. Fljótlega var þó verkefnum mínum skipt á þrjá starfsmenn, því hún var ekki tilbúin að taka á sig alla þessa vinnu og ég átta mig á því núna að það hefði þurft að gerast fyrr. Það voru blendnar tilfinningar sem fylgdu því að hætta þessari vinnu og flytja frá Höfn, en ég veit að ég gerði góða hluti og byggði upp góða þjónustu með frábæru fólki og horfi því stolt til baka.

Ég hef stiklað á stóru um verkefni mín á Höfn í 25 ár og það væri efni í heila bók að skrá allt sem að ég gerði. Ég læt því staðar numið hér og vona að lesendur hafi orðið einhvers vísari um þá uppbyggingu sem ég vann í málefnum fatlaðra á Höfn.

#### HEIMILDASKRÁ:

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2014). Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga ágúst 2014 – Mat á yfirfærslu. Reykjavík: Höfundur.

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknasetur í fötlunarfræðum. (2013). Fatlað fólk og öryrkjar sem íbúar sveitarfélaga. Reykjavík: Höfundar.

Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Lög um reynslusveitarfélög nr. 82/1994.

## MYNDIR FRÁ CAPE TOWN





Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir,  
verkefnisstjóri, iðjubjálfi, MA í norrænum  
öldrunarfræðum



# HEIMASTYRKUR

Ævintýrið hófst 2008 þegar félagasamtök með þjónustuúrræði höfðu samband við mig og óskuðu eftir þjónustuúttekt og ráðgjöf tengdri þjónustunni þeirra. Þetta verkefni heillaði mig mjög mikið þar sem ég fékk tækifæri til að rýna í þá þjónustu sem verið var að veita og umhverfið sem þjónustan fór fram í auk þess að koma með tillögur að úrbótum. Ég hef alla tíð haft mikla þörf fyrir að leggja mitt af mörkum til að stuðla að virkri samfélagsþátttöku og vellíðan annarra. Á starfsferli mínum hef ég unnið í mörgum ólíkum starfshópum til að bæta gæði í þjónustu, umhverfi og velferðartækni. Ég sat til dæmis í þriggja manna þróunarhóp á vegum Sjómannadagsráðs ásamt tveimur framkvæmdastjórum til að stuðla að þróun á þjónustu Sjómannadagsráðs þegar ég hætti störfum hjá Hrafnistu.

Ég ákvað að stíga skrefið til fulls í byrjun árs 2017 þegar ég stóð frammi fyrir ákveðnum tímamótum og var óviss hvað ég vildi taka mér fyrir hendur í starfi. Eftir töluverða íhugun ákvað ég að verða eingöngu sjálfstætt starfandi iðjubjálfi. Ég hafði verið í góðu samstarfi þann veturinn við fyrirtæki sem veitir sérhæfða þjónustu og það var áhugi fyrir því að kaupa mun meiri þjónustu hjá mér. Einnig hafði ég verið starfandi sem stundakennari við Borgarholtsskóla frá árinu 2014 í námi félagsliða og félagsliða í viðbótarnámi svo tekjurnar voru ágætlega öruggar og því engin ástæða til að láta ekki drauminn rætast. Á þessum tíma komst ég

líka í samband við hagsmunasamtök sem höfðu einnig áhuga á samstarfi við sjálfstætt starfandi iðjubjálfa svo það voru margir áhugaverðir boltar á lofti. Mér fannst ég varla vera búin að taka þessa ákvörðun og var til að mynda á fullu að útbúa heimasíðuna [www.heimastyrkur.is](http://www.heimastyrkur.is) þegar mér var mjög óvænt boðin áhugaverð staða verkefnisstjóra innan heimaþjónustu Reykjavíkur við að innleiða verkefnið „Endurhæfing í heimahúsi“. Nálgunin í þeirri þjónustu byggist á sambærilegri hugmyndafræði og þeirri sem ég hafði hug á að veita í gegnum HeimaStyrk, hjálp til sjálfshjálpar út frá hugmyndafræði valdeflingar. Ég ákvað að taka það verkefni að mér og hugsaði sem svo að ég gæti innleitt þá hugmyndafræði á meðan ég væri að byggja upp ímynd og reynslu tengt HeimaStyrk og sé ég alls ekki eftir því! Reynslan sem ég hef fengið á þessu ári sem ég hef verið í starfi hjá Reykjavíkurborg er algjörlega ómetanleg. Ég tala nú ekki um eftir að skemmtilega teymið tók til starfa á þessu ári sem veitir endurhæfingu í heimahúsi og svo allt frábæra starfsfólkið sem starfar hjá Reykjavíkurborg.

Margir myndu telja það óraunhæft að geta sinnt svona mörgum mikilvægum verkefnum á sama tíma en ég flokkast undir það að vera orkumikill einstaklingur og hef mikla þörf fyrir að takast á við fjölbreyttar aðstæður og áskoranir þar sem ég fæ tækifæri til að vera skapandi hugsuður. Þannig hef ég verið alla tíð síðan ég man

eftir mér, mjög uppátækjasöm og þannig líður mér best. Það merkir að ég hef þörf fyrir fleiri verkefni en þau sem almenn dagvinna getur boðið mér upp á, mér tókst til dæmis að ljúka meistaranámi samhliða fullu starfi sem deildarstjóri, meðgöngu og fæðingarorlofi.

Það sem hentar mér svo vel við að vera sjálfstætt starfandi er það frelsi sem því fylgir, ég stjórna algjörlega hvaða verkefni og hversu mikið af þeim ég er tilbúin að taka að mér hverju sinni. Þann 1. nóvember 2017 staðfesti Embætti landlæknis að þjónusta mín sem sjálfstætt starfandi iðjubjálfi undir starfsheitinu HeimaStyrkur uppfyllti lágmarkskröfur embættisins til að veita þjónustu og var það í fyrsta sinn á Íslandi sem slíkt leyfi var veitt iðjubjálfa. Ég hef því verið að sinna þeim verkefnum þegar vinnudeginum mínum lýkur sem verkefnisstjóri og um helgar. Verkefnin eru mjög fjölbreytt, mér til mikillar gleði, og halda mér við efnið faglega, mér líður líka best í þannig starfsumhverfi. Sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir, samtök og einstaklingar hafa þegið þjónustu mína varðandi ráðgjöf, þjónustuúttektir, þjálfun, hjálpartæki og heimilisbreytingar svo eitthvað sé nefnt. Ég hef þá reglu að kanna alltaf hvort einstaklingurinn eigi kost á að sækja þjónustu iðjubjálfa að kostnaðarlausu áður en þjónusta á mínum vegum hefst og vísa þeim þangað ef svo er. Þegar þjónustu HeimaStyrks lýkur þá óska ég eftir að fólk svari nafnlausri könnun sem er stöðluð til

að hafa betri yfirsýn á gagnsemi þjónustunnar. Þar kemur ítrekað fram í svörum einstaklinga ánægja með þjónustuna en einnig að þeir eigi oft erfitt með að standa fjárhagslega undir kostnaðinum þrátt fyrir að hann sé lítill og oft sjálfbóðastarf af minni hálfu. Það verður til þess að sumir geta hreinlega ekki nýtt sér að fullu þjónustu iðjubjálfa þrátt fyrir að þörfin sé til staðar og þeir hafa ekki aðgang að henni annars staðar í samfélaginu eins og staðan er nú. Þjónusta iðjubjálfa er af mjög skörnum skammti á Íslandi og fer fram innan þjónustukerfa sem starfa út frá fyrirfram ákveðnu fyrirkomulagi. Iðjubjálfun er því einungis í boði fyrir tiltekinn hóp einstaklinga sem uppfyllir þau viðmið sem þjónustukerfið byggist á sem merkir að það er stór hópur einstaklinga sem hefur ekki aðgang að þjónustunni þrátt fyrir þjónustubörf. Næstu skref sem þyrfti að taka væru að koma á samkomulagi við Sjúkratryggingar Íslands, sambærilegu og

sjúkrabjálfarar hafa nú þegar, til að tryggja aðgengi allra sem þurfa á iðjubjálfun að halda á Íslandi.

Það þarf enginn að efast um gagnsemi iðjubjálfunar og hversu jákvæð áhrif þjónusta iðjubjálfa hefur á lífsgæði og samfélagsþátttöku einstaklinga, óháð aldri. Það sé ég og upplifi á hverjum degi í starfi. Þörfin fyrir iðjubjálfa er mikil innan þjóðfélagsins og því hvet ég ykkur sem hafið áhuga á að gerast sjálfstætt starfandi iðjubjálfar að stíga það skref. Ég veit um nokkra iðjubjálfa sem starfa sjálfstætt á Íslandi og hafa gert í mörg ár en einungis tveir iðjubjálfar eru með staðfestingu frá Embætti landlæknis til að starfa sjálfstætt samkvæmt skráningum Landlæknis-embættisins. Ég vil eindregið hvetja ykkur til að sækja um staðfestingu hjá landlækni til að fá þá viðurkenningu sem þið eigið skilið í starfi og taka um leið þátt í að vekja athygli á mikilvægi iðjubjálfunar.

Það er virkilega ómetanlegt að fá tækifæri til að vinna við áhugamál sitt sem gerir það að verkum að ég hlakka til hvers vinnudags, að hitta nýtt fólk og takast á við ný og krefjandi verkefni og aðstæður. Ég nýt góðs af allri þeirri þekkingu og reynslu sem hefur orðið á vegi mínum síðustu 40 ár og held ótrauð áfram inn í framtíðina, bjartsýn og full tilhlökkunar gagnvart öllum þeim tækifærum og ævintýrum sem bíða mín, bæði persónulega og faglega. Lífið er núna!

**Guðrún Jóhanna Hallgrímsdóttir**  
**Iðjubjálfi, MA í norrænum**  
**öldrunarfræðum**  
**Heimasíða: [www.heimastyrkur.is](http://www.heimastyrkur.is)**  
**Facebook: HeimaStyrkur – Guðrún**  
**Jóhanna, iðjubjálfi**  
**Sími: 848-6509**

## KYNNING

Svanborg Guðmundsdóttir,  
iðjubjálfi

# FAGHÓPUR UM IÐJUBJÁLFUN ALDRAÐRA

Lengi hafa verið starfandi tveir hópar iðjubjálfa í öldrun, annars vegar hópur iðjubjálfa sem vinnur á hjúkrunarheimilum og hins vegar „stóri hópurinn“ sem í eru allir sem hafa áhuga á málefnum og vinna á hinum ýmsu stöðum þar sem eldra fólk nýtir þjónustu, s.s. hjá seljendum hjálpartækja, í Hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga Íslands, í dagbjálfun og á sjúkrahúsum. Á dögunum kviknaði áhugi á að breyta þessu og sameina hópana í einn sem væri opinn öllum og stuðla að aukinni fræðslu og tækifærum til fagvinnu meðal allra iðjubjálfa í öldrunarþjónustu. Haldinn var stofnfundur fyrir þennan nýja hóp 3. maí síðastliðinn. Þar var farið í stefnumótun fyrir hópinn, kosið í stjórn til næstu tveggja ára, nafn valið og kastað fram hugmyndum að verkefnum fyrir hópinn.

Þrír iðjubjálfar skipa framkvæmdanefnd og sitja í tvö ár í senn. Að þessu sinni eru tveir til eins árs og einn til tveggja ára til að tryggja samfellu í starfi hópsins. Nefndarmenn eru Berglind Indriðadóttir, Lilja

Ingvarsson og Svanborg Guðmundsdóttir. Nafn hópsins, Faghópur um iðjubjálfun aldraðra, var einróma samþykkt. Hópurinn vill leggja aukna áherslu á faglega fræðslu á sviðinu, koma á samstarfi við námsbraut í iðjubjálfunarfræðum við Háskólann á Akureyri, vekja athygli á málefnum aldraðra og aðkomu iðjubjálfa auk þess að koma upp gagnabanka með fræðslu og efni sem nýtist í starfi iðjubjálfa með öldruðum.

Markmið Facebook-síðu hópsins, sem ber nafnið Faghópur um iðjubjálfun aldraðra (FIA), er að vera vettvangur fyrir iðjubjálfa og nema sem hafa áhuga á öldrunarmálum, til að deila hugmyndum, reynslu og áhugaverðu efni sem og til að leita ráða og upplýsinga. Ákveðið var að fundir verði 4 sinnum á ári, sambland af markvissri fræðslu og umræðum og verða þeir haldnir í húsnæði BHM.

Margar áhugaverðar hugmyndir voru reifaðar um verkefni fyrir hópinn sem unnið verður úr á næstu misserum.

Þann 18. september var fyrsti fræðslufundurinn haldinn í húsnæði BHM frá 14:30-16:00. Flutt voru tvö erindi, Linda Ósk Þorvaldsdóttir og Eva Snæbjarnardóttir kynntu verkefni sitt og Kristínar Brynju Árnadóttur um skjólstaðingsmiðað starf, sjálfræði aldraðra og forræðishyggju. Þær unnu verkefnið í tengslum við nám sitt í iðjubjálfun við Háskólann á Akureyri. Í framhaldi af erindi þeirra fjallaði Sigrún Huld Þorgrímsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun fólks með heilabilun, um sjálfræði aldraðra, einkum með áherslu á einstaklinga með heilabilun, notkun fjöttra af ýmsu tagi og aðrar leiðir til að draga úr óróleika og vanlíðan.

Okkur langar að hvetja alla sem láta sig þessi málefni varða til að mæta og taka þátt í starfi hópsins og minnum jafnframt á Facebook-hópinn, þar sem jöfnum höndum fer fram þekkingar- og reynslumiðlun af ýmsum toga.



# ÚTSKRIFTARÁRGANGUR IÐJUPJÁLFA 2006

Útskriftarárgangurinn 2006 frá Háskólanum á Akureyri var stundum kallaður saumaklúbburinn vegna þess hversu fámennur hann var. Á öðru ári vorum við bara 7 en tvær bættust við seinni tvö árin og féllu vel inn í hópinn. Bekkurinn náði yfir breitt aldursbil en náði að tengjast sterkum böndum og var samheldinn hópur. Við gerðum ýmislegt skemmtilegt saman utan skólatíma og enduðum skólagöngu okkar saman með vel heppnaðri útskriftarferð til Búlgaríu. Eftir útskrift höfum við svo hist reglulega en stefnum ávallt á að hittast oft.

Eini iðjupjálfinn sem okkur er kunnugt um að hafi útskrifast árið 2006 fyrir utan HABekkin er María Pálmadóttir. Hún útskrifaðist frá háskólanum í Árósum í Danmörku. Hún tengist nú hluta af HA-hópnum sem hún hittir reglulega í saumó.

## HVAÐ HÖFUM VIÐ TEKID OKKUR FYRIR HENDUR FRÁ ÚTSKRIFT?

### Erla Alfreðsdóttir

Erla Alfreðsdóttir hóf störf hjá Félagsþjónustu Norðurþings eftir útskrift, fyrst sem ráðgjafi í 50% starfi og forstöðumaður geðræktarmiðstöðvar Seturs í 50% starfi en tók síðar við stöðu deildarstjóra í málefnum fatlaðra. Árið 2011 fluttist hún suður og hóf störf sem iðjupjálfi hjá Geðheilsustöð Breiðholts en flutti sig þaðan og starfar í dag sem iðjupjálfi í Maríuhúsi, dagþjálfun fyrir fólk með heilabilunarsjúkdóma.

### Anna Dís G. Eydal

Anna Dís hóf störf á Reykjalundi 2006, fyrst á verkjasviði og svo á gigtarsviði. Haustið 2011 hóf hún meistaranám í mannauðsstjórnun við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og lauk því í janúar 2013. Á haustmánuðum 2012 hóf hún störf sem yfiriðjupjálfi á Droplaugarstöðum. Það starf fólst einna helst í einstaklingsviðtölum, ráðgjöf og þjálfun og einnig skipulagningu félagsstarfs ásamt starfsmannamálum. Árið 2015 hóf hún störf sem iðjupjálfi hjá Sjúkratryggingum Íslands, það starf fólst aðallega í að yfirfara og afgreiða umsóknir um hjálpartæki ásamt ráðgjöf til fagfólks og einstaklinga. Árið 2017 tók hún við starfi deildarstjóra þjónustuværs Sjúkratrygginga Íslands og starfar við það í dag. Sem deildarstjóri hefur hún umsjón með starfsmannamálum og verkefnum deildarinnar. Hún starfar því ekki í hefðbundnu iðjupjálfastarfi í dag en þekking og reynsla hennar sem iðjupjálfi í bland við mannauðsstjórnunarmenntunina nýtist vel á margan hátt í starfinu.

### Nanna Bára Birgisdóttir

Eftir útskrift hóf Nanna Bára störf hjá Öldrunarheimilum Akureyrar og starfaði þar í nokkur ár. Árið 2011 færði hún sig um set og byrjaði sem NPA-starfsmaður (notendastýrð persónuleg aðstoð) og starfar við það í dag. Einnig vann hún um tíma við aðgengisúttektir fyrir vefinn gottadengi.is samhliða NPA-starfinu.

### Pálína Sigrún Halldórsdóttir

Pálína Sigrún Halldórsdóttir hóf störf hjá búsetusviði Akureyrarbæjar á vordögum 2006 í búsetuþjónustu fyrir fólk sem glímir við vanda tengdan geðröskunum. Segja má að það hafi í raun verið framhald vettvangsnáms 4 sem hún tók einmitt á þessum stað en það starfssvið heillaði umfram annað og er enn hennar vinnustaður. Í dag sinnir hún starfi deildarstjóra í áfangaíbúðum fyrir geðfatlaða þar sem fram fer tímabundin endurhæfing en Pálína vinnur einnig í þjónustuíbúðakjörnum þar sem er varanleg búseta fyrir fólk með geðfötlun.

Á þeim tíma sem liðinn er frá útskrift hefur Pálína fengið tækifæri sem iðjupjálfi til að taka þátt í ýmsum verkefnum sem tengjast starfi á geðsviði, hafa áhrif á þróun og uppbyggingu endurhæfingar starfsins á starfsstöðvum sínum sem og að fara á ýmis námskeið, ráðstefnur og heimsóknir til að efla starfsemina. Meðal langtímaverkefna hefur verið að móta og þróa endurhæfingardagskrá í búsetuíbúðakjarna frá árinu 2009, þegar starfsemi áfangaheimilisins var flutt úr herbergjasambýli í áfangaíbúðir. Einnig má nefna vinnu í starfshópi sem sá um innleiðingu hugmyndafræði valdeflingar í starfsemi búsetusviðs en sú vinna byrjaði sem tilraunaverkefni á vegum Velferðarráðuneytisins haustið 2014. Pálína starfaði í kjaranefnd iðjupjálfafélags Íslands frá 2011 til 2017. Hún hefur einnig sinnt stundakennslu í Háskólanum á Akureyri þegar til hennar hefur verið leitað.

### Kristín Linda Helgadóttir

Kristín Linda byrjaði starfsferilinn í fæðingarorlofi og hóf störf á Kristnesi 2008 en færði sig yfir á leikskólann Pálmholt 2009 og hefur starfað þar til dagsins í dag. Í starfi hennar felst að vera til stuðnings inni á deild. Mat og kennsla felst einnig í starfi hennar þar. Samhliða hefur Kristín Linda starfað sem kennari fyrir Fjölmennt frá 2012 til dagsins í dag ásamt því að vera ráðgjafi við Stórutjarnaskóla frá 2012 til 2017 þar sem hún veitti fræðslu, mat og ráðgjöf.

### Helena Halldórsdóttir

Helena hóf störf hjá búsetusviði Akureyrarbæjar eftir útskrift 2006, allt til ársins 2015. Starfið fól í sér að koma af stað þjónustunni Ráðgjöfin heim þar sem veitt er fagleg ráðgjöf til einstaklinga sem hafa þörf fyrir stuðning til að takast á við daglegt líf. Þjónustan fer fram úti í samfélaginu og á heimilum notenda. Í dag er Helena í meistaranámi í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri með áherslu á sálræn áföll og ofbeldi. Í námi sínu tekur hún sérstaklega fyrir einelti á vinnustöðum

### Anna Soffía Vatnsdal

Eftir útskrift hóf Anna Soffía störf í afleysingarstöðu við Glerárskóla á Akureyri. Þegar hún hafði lokið störfum í Glerárskóla starfaði hún á bráðadeildum sjúkrahússins á Akureyri og voru verkefni þar mjög fjölbreytt. Þar var hún m.a. að sinna fræðslu, ráðgjöf, þjálfun og fara í heimilisathuganir. Nú starfar Anna Soffía hjá búsetusviði Akureyrarbæjar í Ráðgjöfinni

heim. Þar veitir hún faglega ráðgjöf til einstaklinga sem þurfa stuðning til að takast á við daglegt líf.

### Rakel Björk Gunnarsdóttir

Rakel hóf störf á Reykjalundi, nánar tiltekið á geðsviði, eftir útskrift 2006 og starfaði við það til 2009. Hún skipti þá um starfsvettvang og hóf störf við Heilsugæsluna í Grafarvogi í meðferðarteymi barna. Í því teymi störfuðu bæði sálfræðingur og félagsráðgjafi ásamt því að vera í samstarfi við lækna og hjúkrunarfræðinga á stöðinni. Hlutverk teymisins var og er að veita geð- og sálfélagslega þjónustu vegna vanda barna og fjölskyldna þeirra í Grafarvogi með ráðgjöf, meðferð og eftirfylgd barna og fjölskyldna þeirra í samstarfi við aðrar fagstéttir stöðvarinnar. Árið 2012 fluttist Rakel erlendis, lagði iðjuþjálfaskóna á hilluna og var heimavinnandi í um 18 mánuði. Árið 2014 fluttist hún aftur heim og hóf störf sem ráðgjafi í starfsendurhæfingu hjá VIRK starfsendurhæfingarsjóði og starfar við það enn í dag. Starfið felur í sér að efla starfsgetu einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa með árangursríkri starfsendurhæfingarpjónustu. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og hefur iðjuþjálfunarmenntunin og reynsla Rakelar á endurhæfingarsviði nýst vel í þessu starfi.

### Kristín Thorberg

Eftir útskrift fór Kristín í meistaranám við Háskólann í Reykjavík. Samhliða náminu starfaði hún sem iðjuþjálfari á Grensásdeild LSH í tvö ár og lauk MPH-prófi í lýðheilsu-

fræði og M.Ed.-prófi í kennslufræði. Árið 2008 flutti Kristín aftur heim í Eyjafjörðinn og starfaði sem iðjuþjálfari í sérdeild Hlíðar-skóla við Akureyri. Hjúkrun hefur síðan verið aðalstarf Kristínar og hefur hún unnið víða í heilsugæslu tengdri skóla- og öldrunarþjónustu og nýtt iðjuþjálfarafræðin mjög vel til að bæta heilsu og auka færni skjólstæðinga sinna.

### María Pálmadóttir

María útskrifaðist frá Árósum í Danmörku 2006. Hún störf á verkjasviði á Reykjalundi 2007 þar sem hlutverk iðjuþjálfara er einstaklingsmiðuð markmiðssetning í tengslum við lífsstílsbreytingar. Iðjuþjálfar ásamt öðrum fagaðilum sjá einnig um verkjaskóla sem er fræðsla um æskilega líkamsbeitingu við leik og störf, í formi fyrirlestra og verklegra tíma. Árið 2010 fór María yfir á starfsendurhæfingarsvið þar sem skjólstæðingar eru aðstoðaðir af iðjuþjálfum og öðrum fagaðilum við að setja sér raunhæf markmið miðað við færni og getu. Alltaf er stefnt að vinnu við hæfi hvers og eins. Hlutverk iðjuþjálfara er að að meta starfsgetu, greina hvernig einstaklingur ræður við mismunandi störf, hvar tækifæri og takmarkanir liggja og veita stuðning við vinnuleit og atvinnuumsóknir. Árið 2017 færði María sig svo yfir á hjartasvið Reykjalundar. Þar er hlutverk iðjuþjálfara m.a. að sjá um námskeiðið Jafnvægi í daglegu lífi, hópslökun og einstaklingsþjálfun sem stuðlar að því að einstaklingur nái markmiðum sínum.

## THE PEBBLES PROJECT

Arndís Jóna Guðmundsdóttir,  
f.h. ritnefndar

The Pebbles project er verkefni sem starfrækt er á vénekrum í vestanverðri Höfðaborg. Verkefnið hófst árið 2004 og þjónustar börn vénekrustarfsmanna. Markmið Pebbles er að styðja við heilbrigði, þroska, menntun, næringu, samfélag og forvarnir fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Starfsár vénekrustarfsmanna er árstíðabundið, þar sem starmennirnir búa á vénekrum nokkra mánuði á ári, á meðan uppskerutíminn er. Aðra mánuði ársins býr fólk á sínum eigin heimilum, í nærlægum þorpum. Fólk býr þétt saman í húsakynnum vénekrunnar yfir uppskerutímabilið. Þangað koma einnig börn starfsmannanna og eru þar með tekin úr því daglega mynstri sem þau eru í heima fyrir. Á uppskeru-

tímanum er vinnan mikil og vinnudagar langir. Einu afskiptin sem foreldrnir sýna börnum sínum þá daga er rétt í matarhléunum.

Pebbles verkefnið vinnur að því að sporna við því iðjuleysi sem raunin var hjá börnunum á uppskerutíma og veita þeim öryggi. Stór hluti verkefnisins stuðlar að þeim atriðum sem nefnd voru áðan, þ.e. menntun, næringu og eftirlit með þroska og heilsufari barna. En mikilvægur hluti af pebbles verkefninu er stuðningur bæði við börnin og fjölskyldur þeirra við að stunda iðju sem hefur tilgang. Dæmi um það eru hönnunar-vinnustofur þar sem stutt er við hæfileika fólks að hanna og útbúa vörur sem þau geta selt. Haldnar eru íþróttar-



keppnir og fleiri fjölskylduvæna afþreyingar á frídögum verkamanna svo fjölskyldur geti notið þess tíma sem þau hafa saman, sem best. Reynt er að hafa umhverfi styðjandi, s.s. með leikvöllum og fleiri tækifærum í umhverfinu til að styðja við uppbyggilega iðju fyrir börnin og fjölskyldur þeirra.



# ÁGRIP ÚTSKRIFTARNEMA 2017

Höfundar: Bryndís Jónsdóttir  
og Linda Ósk Þorvaldsdóttir  
Leiðbeinandi: Sólrún Óladóttir

## AÐ VERA SÉRFRÆÐINGUR Í EIGIN LÍFI:

### REYNSLA FÓLKS AF SÉRHÆFÐRI ENDURHÆFINGU Á GEÐSVIÐI

Góð geðheilsa er undirstaða virkni og þátttöku hvers einstaklings og er endurhæfing á geðsviði því mikilvægur þáttur í nútíma velferðarþjónustu. Skjólstæðingsmiðuð þjónusta hefur undanfarna áratugi orðið mikilvægur liður í endurhæfingarþjónustu. Slík þjónusta miðar að samstarfi þar sem valdið er fært markvisst til skjólstæðinga og þeir eru virkir þátttakendur í endurhæfingu sinni. Þrátt fyrir að nálgunin hafi verið leiðandi í endurhæfingarþjónustu í þó nokkurn tíma er skortur á rannsóknum á fyrirbærinu og þá sérstaklega út frá sjónarhóli skjólstæðinga. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna reynslu fólks með geðrænan heilsufarsvanda af sérhæfðri endurhæfingu á geðsviði og að hvaða marki hún sam-

ræmist meginþáttum skjólstæðingsmiðaðrar þjónustu. Rannsóknarspurningin sem leitað var svara við og leiddi verkefnið var: Að hvaða marki samræmist starfsemi sérhæfðrar endurhæfingardeildar á geðsviði meginþáttum skjólstæðingsmiðaðrar þjónustu að mati notenda? Rannsóknin var lýsandi þversniðsrannsókn. Gagnaöflun fór fram með mælitækinu Spurningalisti um skjólstæðingsmiðaða endurhæfingu sem metur að hvaða marki endurhæfing er skjólstæðingsmiðuð út frá sjónarhóli notenda þjónustu. Öllum þeim sem útskrifuðust af sérhæfðri endurhæfingardeild á geðsviði á tímabilinu 5. september 2014 til 4. nóvember 2016 var boðin þátttaka. Svarhlutfall var 93,9%. Við úrvinnslu gagna var notast við tölfraeðiforritið

IBM Statistical package for social sciences (SPSS, 20.útgáfa) og voru niðurstöður settar fram með lýsandi tölfraeði og ályktunartölfraeði. Gagnagreining leiddi í ljós að þátttakendur töldu sig hafa fengið gott viðmót og stuðning frá fagfólki og að ákvarðanir væru teknar og markmið sett í takt við skjólstæðingsmiðaða þjónustu. Samskipti fagfólks við aðstandendur endurspegluðu síst meginþætti skjólstæðingsmiðaðrar þjónustu sem gefur vísbendingu um að skoða þurfi aðkomu aðstandenda að þjónustunni.

**Lykilhugtök:** Endurhæfing, fólk með geðræn veikindi, skjólstæðingsmiðuð þjónusta

Höfundar: Laufey Þórdís Sigurðardóttir,  
Petra Sæunn Heimisdóttir  
og Unnur Birgitta Halldórsdóttir  
Leiðbeinandi: Hermann Óskarsson

## „ÞETTA ER DÁSAMLEGT STARF“: VIÐHORF OG REYNSLA STARFSFÓLKS SEM VINNUR EFTIR EDEN HUGMYNDAFRÆÐINN

Sjónarhorn starfsfólks sem vinnur eftir Eden hugmyndafræðinni á hjúkrunarheimilum hefur lítið verið rannsakað, oftar er litið til íbúa og aðstandenda. Mörg hjúkrunarheimili hafa innleitt breytingar og tekið upp nýja hugmyndafræði sem hefur áhrif á viðhorf og menningu þeirra. Starfið er fjölbreytt og krefjandi og starfsmenn skulu mæta þörfum einstaklingsins fremur en að hann aðlagi þarfir sínar að hjúkrunarheimilinu. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna viðhorf og reynslu starfsfólks af því að vinna eftir Eden hugmyndafræðinni. Sett var fram rannsóknarspurningin: Hver eru viðhorf og

reynsla starfsfólks sem vinnur eftir hugmyndafræði Eden á hjúkrunarheimilum? Í þessari rannsókn var notast við eiginlega rannsóknaraðferð og hentugleikaúrtak. Við öflun gagna voru tekin sex einstaklingsviðtöl, til að draga upp raunhæfa mynd af starfinu og hannaður var hálfstaðlaður viðtalsrammi. Stuðst var við innihaldsgreiningu, gögnin afrituð og greind í fjögur þemu sem voru: Tíminn er líklegri til að tynast, þetta er heimili fólks, maður nýtir augnablikið og mér fannst þetta fáránlegt fyrst. Allir viðmælendurnir voru sammála um að þetta væri heimili íbúanna og voru fremur jákvæðir í garð Eden hugmynda-

fræðinnar. Auk þess lögðu þeir áherslu á að virkja íbúa til félagslegra samskipta og þátttöku í þeim viðburðum sem boðið var upp á inni á hjúkrunarheimilunum. Eins kom fram að gott utunumhald var á Eden námskeiðunum, en endurmenntunin væri ómarkviss og fannst viðmælendum mikilvægt að haldið yrði betur utan um hana. Rannsóknin getur gefið stjórnendum hjúkrunarheimila innsýn í viðhorf og reynslu starfsmanna.

**Lykilhugtök:** Umönnunaraðili, hjúkrunarheimili, umhverfi, viðhorf, reynsla og hugmyndafræði.



## Í TAKT VIÐ NÝJA TÍMA: FJARÞJÓNUSTA IÐJUPJÁLFA

Verkefni þetta er heimildasamantekt með nýsköpun og byggir á kanadíska iðju-líkaninu (Canadian model of occupational performance and engagement, CMOP-E). Tilgangur þess var að skoða hvernig fjarskiptatækni hefur verið nýtt í starfi iðjupjálfa og möguleika á því að innleiða fjarþjónustu á Íslandi til þess að auka aðgengi fólks með geðrænan vanda að iðjupjálfun. Þær rannsóknarspurningar sem leiddu verkefnið voru: 1) Hvernig er geðheilbrigðisþjónusta veitt á Íslandi? 2) Hvaða tækifæri og hindranir tengjast því að innleiða fjarþjónustu í iðjupjálfun fyrir einstaklinga með geðrænan vanda? 3) Hvernig má nota fjarskiptatækni til að auka aðgengi að iðjupjálfun fyrir einstaklinga með geðrænan vanda? Leitast var við að svara fyrstu tveimur rannsóknarspurningunum með fræðilegri heimilda-

samantekt en þeirri þriðju með því að setja fram gagnreynda hugmynd að nýsköpun. Heimildasamantektin leiddi í ljós að þörf er á að efla geðheilbrigðisþjónustu á öllu landinu en aðgengi að slíkri þjónustu er þó sérstaklega skert fyrir einstaklinga sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins. Stjórnvöld hafa sett fram markmið um að bæta geðheilbrigðisþjónustuna og enn fremur gert áætlunum um að efla fjarheilbrigðisþjónustu til að auka aðgengi fólks á landsbyggðinni að sérhæfðum úrræðum. Geðheilbrigðisþjónusta þykir kjörinn vettvangur til að nýta fjarskiptatækni og veita fjarþjónustu. Fordæmi eru fyrir notkun fjarskiptatækni í iðjupjálfun víða erlendis og hefur fjarþjónusta reynst vel t.d. við mat, íhlutun og eftirfylgd. Þá hefur einnig verið sýnt fram á aukið aðgengi að sérfræðiþjónustu, skilvirkni í þjónustu,



hagkvæmni í rekstri og aukið aðgengi fagaðila að gagnreyndu efni með notkun á fjarskiptatækni. Nýsköpun verkefnisins felst í hugmynd að fjarþjónustu iðjupjálfa sem veitt er innan heilsugæslunnar. Markmiðið með þjónustunni er að bjóða uppá snemmtæka íhlutun til að koma í veg fyrir að geðrænn vandi stigmagnist. Þjónustan verður veitt með rafrænum hætti en þannig hafa allir jafnan aðgang að þjónustunni óháð því hvar á landinu þeir búa. Með innleiðingu slíkrar þjónustu væri því verið að auka aðgengi einstaklinga með geðrænan vanda að þjónustu iðjupjálfa og efla geðheilbrigðisþjónustu á Íslandi.

**Lykilhugtök:** iðjupjálfun, geðheilbrigði, fjarheilbrigðisþjónusta, fjarskiptatækni og snemmtæk íhlutun.

## „ÉG VERÐ AÐ SÆTTA MIG VIÐ ÞAÐ AÐ ÉG GET EKKI ALLT“ ÞÁTTTAKA FÓLKS MEÐ SJÚKDÓM EÐA SKAÐA Í MIÐTAUGAKERFI

Þátttaka í daglegu lífi er mikilvægur hluti af lífsreynslu fólks og hefur sterk tengsl við lífsgæði. Með þátttöku öðlast fólk kunnáttu og hæfni til að tengjast öðrum og vera hluti af samfélagi. Færni og fötlun eru víðtæk hugtök og ýmsir þættir geta ýtt undir eða hindrað möguleika fólks til að taka þátt í daglegu lífi. Tilgangur rannsóknarinnar var að kanna þátttöku fólks með sjúkdóm eða skaða í miðtaugakerfi og þá þætti sem ýta undir eða hindra færni þess og þátttöku í daglegu lífi. Settar voru fram tvær rannsóknarspurningar: (1) Hvernig lýsir fólk með sjúkdóm eða skaða í miðtaugakerfi þátttöku sinni í daglegu lífi? (2) Hvaða þættir ýta undir eða hindra færni og þátttöku fólks með sjúkdóm eða skaða í miðtaugakerfi? Til þess að svara spurningunum var notað eigindlegt rannsóknarsnið og tekin viðtöl við sex fullorðna ein-

staklinga með sjúkdóm eða skaða í miðtaugakerfi sem voru valdir með tilgangsrúrtaki. Viðtölin tóku til þátta er vörðuðu þátttöku, færni, endurhæfingu, eftirfylgd og þjónustuúrræði sem þátttakendur höfðu reynslu af. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð orðrétt. Við gagnagreiningu voru viðtölin fyrst lesin ýtarlega og svo kóðuð opið til að fá heildarmynd af lýsingu þátttakenda. Kóðunum var síðan raðað í flokka sem endurspegluðu best reynslu þátttakenda með tillit til rannsóknarspurninganna. Niðurstöðurnar birtust í kjarnaþemanu „Þátttaka“ sem var undir áhrifum frá fjórum undirþemum en þau voru „Hugarfar“, „Stuðningur“, „Þjónusta“ og „Efnisheimur og samfélag“. Helstu niðurstöður voru þær að dregið hafði úr þátttöku sem krafðist líkamlegrar færni og þátttakendur höfðu leitað í rólegri athafnir.



Þeir þættir sem ýttu undir þátttöku voru jákvætt hugarfar þátttakenda sjálfra og stuðningur sem aðstandendur, fagfólk og aðrir veittu. Það sem helst hindraði þátttöku voru umhverfisþættir, s.s. slæmt aðgengi og flókið kerfi m.t.t. ýmissa réttinda, s.s. endurhæfingar og annarrar þjónustu. Gildi rannsóknarinnar fyrir iðjupjálfafagið er að hún veitir innsýn í reynslu og upplifun fólks með sjúkdóm eða skaða í miðtaugakerfi og þá þætti sem ýta undir eða hindra þátttöku þess í daglegu lífi. Með slíkri vitneskju er hægt að koma betur til móts við þarfir þessa hóps og veita honum viðeigandi þjónustu.

**Meginhugtök:** færni, þátttaka, sjúkdómar og skaðar í miðtaugakerfi

## VIÐHORF OG ÞEKKing HJÚKRUNARFRÆÐINEMA Á IÐJUPJÁLFUN

Iðjupjálfar eiga í nánú samstarfi við aðrar fagstéttir á heilbrigðissviði og að öllu jöfnu eru þeir hluti af teymi fagmanna. Teymismeðlimir þurfa að þekkja sitt eigið hlutverk sem og þekkja hlutverk annarra teymismeðlima svo að árangursrík teymisvinna geti átt sér stað. Aukinn áhugi hefur verið undanfarin ár á því að þróa þverfaglegt nám til að bæta gæði samvinnu meðal heilbrigðisstarfsstétta í skjólstæðingsmiðaðri þjónustu. Markmið þverfaglegs náms er að nemendur frá tveimur eða fleiri fagstéttum læri með hvor öðrum og um hvor aðra svo þeir verði færir um að eiga í árangursríkri samvinnu og bæta með því heilbrigðisþjónustuna. Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna viðhorf og þekkingu hjúkrunarfræðinema á þriðja og fjórða ári við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri á iðjupjálfun annars vegar og að bera

saman þekkingu og viðhorf milli skólanna tveggja hins vegar. Einungis ein svipuð rannsókn hefur verið gerð á viðfangsefninu á Íslandi og var það fyrir 19. árum. Rannsóknin er lýsandi þversniðsrannsókn. Úrtakið var 243 nemendur á þriðja og fjórða ári í hjúkrunarfræði á Íslandi, þar af voru 103 í Háskólanum á Akureyri og 140 í Háskóla Íslands. Notaður var spurningalisti sem sendur var rafrænt til þátttakenda til að afla upplýsinga um viðhorf og þekkingu þeirra á iðjupjálfun. Svarhlutfallið var 46,9% þar sem 114 nemendur svöruðu könnuninni. Niðurstöður voru settar fram með lýsandi tölfræði í texta, töflum og súluritum. Helstu niðurstöður sýna að þekking þátttakenda á iðjupjálfun er takmörkuð en viðhorf þeirra til iðjupjálfunar er almennt jákvætt. Ekki er munur á þekkingu og viðhorfi milli nemenda í



skólunum tveimur. Meirihluti þátttakenda telur sig þekkja hlutverk og starfsvettvang iðjupjálfa en þrátt fyrir það hefur stærstur hluti þeirra ekki fengið fullnægjandi fræðslu um iðjupjálfun í námi sínu og flestir sögðu að heimsókn á starfsvettvang iðjupjálfa væri ekki liður í námi þeirra. Af þessu má sjá að bæði Háskólinn á Akureyri og Háskóli Íslands þarf að auka fræðslu milli fagstétta á heilbrigðissviði, til dæmis í formi þverfaglegs náms, þar sem það hefur sýnt sig að þekking á hlutverkum annarra fagstétta skilar sér í árangursríkari teymisvinnu og þar af leiðandi betri heilbrigðisþjónustu.

**Lykilhugtök:** iðjupjálfun, hjúkrunarfræðinemar, viðhorf, þekking, teymisvinna, þverfaglegt nám.

## „ÞETTA ER STÓRKOSTLEGUR GRUNNUR TIL AÐ GERA NÁNAST HVAÐ SEM ER“ FÆRNI NÝÚTSKRIFAÐRA IÐJUPJÁLFA: SJÓNARHORN IÐJUPJÁLFA Á ÍSLANDI

Viðmiðunarstaðlar um færni fagstétta eru mikilvægir til að stuðla að öruggri og skilvirkri þjónustu, auka gagnsæi og aðgreina hlutverk ólíkra starfsstétta, sem og til áhrifa á mótun náms. Mikilvægt er að tekið sé mið af þörfum samfélagsins, menningu þess og sjónarmiðum við þróun slíkra staðla. Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna viðhorf iðjupjálfa á Íslandi, af fjölbreyttum starfsvettvangi og með mislangan starfsferil, til þeirrar færni sem nýútskrifaðir iðjupjálfar eiga að hafa. Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu: Hvaða færni þurfa nýútskrifaðir iðjupjálfar að hafa til að veita góða og skilvirka þjónustu, að mati iðjupjálfa á Íslandi? Um er að ræða eiginlega rannsókn þar sem gagna var aflað með

tveimur rýnihópum sem fram fóru í Reykjavík og á Akureyri í apríl 2017. Þátttakendur í rýnihópnum í Reykjavík voru þrír talsins en á Akureyri voru þeir helmingi fleiri. Stuðst var við opinn viðtalsramma sem hannaður var af rannsakendum. Við mótun viðtalsrammans og greiningu gagna var notast við sniðmátun. Niðurstöður rannsóknarinnar voru settar fram í sex þemum: Samband iðju, einstaklings og umhverfis og tengsl við heilsu; Eflandi og fagleg tengsl; Þjónustuferli iðjupjálfa; Fagleg rökleiðsla og atferli; Samhengi starfs og breytingasýn og Að nota sjálfan sig sem verkfæri. Rauði þráðurinn í umræðum þátttakenda var mikilvægi samskiptafærni iðjupjálfans og myndun eflandi tengsla. Samhljómur var um nauðsyn þess að iðju-

þjálfari sé sveigjanlegur, bæði í starfi og samskiptum og að hann hafi skjólstæðingsmiðaða nálgun sér ávallt að leiðarljósi. Mikilvægi þess að iðjupjálfi láti rödd sína heyrast kom einnig skýrt fram þar sem um var að ræða hlutverk hans sem breytingaraðila, talsmanns og frumkvöðuls. Þá töldu viðmælendur sjálfstraust og sjálfsþekkingu iðjupjálfa skipta megin máli sem grunn að færni hans. Þótt niðurstöður rannsóknarinnar bendi til þess að ákveðinn samhljómur sé við alþjóðlega færniastaðla er mikilvægt að viðhorf iðjupjálfa hvers lands séu könnuð.

**Lykilhugtök:** færni - iðjupjálfar - færniastaðlar - eiginleg rannsókn





## „ÞAÐ ER GAMAN AÐ VERA KENNARI EN...“ TILVIKSATHUGUN Á STARFSUMHVERFI GRUNNSKÓLAKENNARA

Starfsumhverfi er mikill áhrifaþáttur um vellíðan og ánægju í starfi. Á Íslandi starfar aðeins um helmingur menntaðra grunnskólakennara við fagið og mikil fækkun nemenda hefur verið í kennaranámi við háskólana. Ýmsar ástæður hafa verið nefndar fyrir þessari þróun, en mikilvægi kennarastarfsins er óvæfengt þar sem hér ríkir skólaskylda frá 6 til 16 ára aldurs. Fáar íslenskar rannsóknir hafa skoðað áhrif starfsumhverfis í skólum á kennara og hvaða umhverfispættir ýta undir eða draga úr vellíðan og ánægju þeirra, við framkvæmd verka í starfi. Markmið þessarar rannsóknar er að bregðast við því og skoða starfsumhverfi í einum grunnskóla, Malarskóla (dulnefni). Til að leiða rannsóknina voru settar fram tvær spurningar: (1) Hvernig móta tilskipanir ríkis og sveitarfélags starfsumhverfi grunnskólakennara við Malarskóla? (2) Hvernig ýtir starfsumhverfi grunnskólakennara við Malarskóla undir starfsánægju

og vellíðan þeirra og hvernig dregur það úr? Til að svara spurningunum var gerð tilviksathugun þar sem gögnum var safnað með vettvangsathugunum, WEIS viðtölum við þrjá kennara, opnum viðtölum við skólastjóra og skoðun ritaðra gagna. Hugmyndafræðin sem stýrir rannsókninni var Líkanið um iðju mannsins (e. Model of Human Occupation – MOHO) og matstækið Mat á starfsumhverfi (e. Work Environment Impact Scale- WEIS) lagði grunn að stærstum hluta gagnaöflunar. Með WEIS fæst huglæg upplifun einstaklings af því hvaða áhrif starfsumhverfið hefur á ánægju og vellíðan í starfi. Niðurstöður WEIS eru í megindelegu formi, en umhverfispættir MOHO voru notaðir sem sniðmát fyrir alla eiginlega greiningu. Gögnin voru borin saman hvert við annað. Val skóla tók mið af stærð, stað og hentugleika en val viðmælenda var tilgangsbundið. Viðmælendur voru á aldrinum 27 til 43 ára, þrjár konur og einn karl. Helstu niðurstöður



sýndu að skólastjórinn rekur skólann sem fyrirtæki, hann starfar sem rekstrarstjóri og starfsmannastjóri síns skóla. Hann hefur ákveðið frjálsræði innan tilskipana ríkis og sveitarfélaga sem hann getur nýtt sér í þróunarstarfi skólans. Um 30% fjárframlaga skólans fara í annað en laun starfsfólks og er þeim deilt í samræmi við forgangsöröðun skjólastjórnar. Það sem ýtir undir ánægju og vellíðan í starfsumhverfi kennara er að þeir telja starf sitt mikilvægt. Til þeirra eru gerðar sanngjarnar kröfu en jafnframt hafa þeir frjálsar hendur með mótun starfshlutverksins og kunna þeir vel að meta það. Það sem einna helst dregur úr ánægju þeirra og vellíðan er að laun eru ekki í samræmi við vinnuframlag og ábyrgð.

**Lykilhugtök:** Starfsumhverfi, starfsánægja, grunnskólakennari, Líkanið um iðju mannsins og WEIS.

## GETA ALLIR VERIÐ MEÐ? AÐGENGI AÐ ALMENNUM LEIKSVÆÐUM MOSFELLSBÆJAR – RANNSÓKNARÁÆTLUN

Leikur er mikilvægur fyrir þroska og vellíðan allra barna. Þeim er mikilvægt að fá að leika og taka þátt í leik með öðrum börnum, að eiga félagslega hlutdeild jafnt á við aðra og fá að vera með. Fyrir samfélagið í heild skiptir það máli að öll börn geti leikið sér saman og að hönnun sé á þann hátt að hugað sé að félagslegu gildi leiks. Rannsóknir hafa sýnt fram á að sum börn hafi færri tækifæri en önnur til að komast um í samfélaginu og að vera virkir þátttakendur. Að eiga hlutdeild í samfélaginu getur, jafnt og leikur, haft áhrif á

andlega líðan og þroska barna. Rannsóknaráætlun þessi er lokaverkefni til B.Sc. prófs í iðjuþjálfunarfræði við Háskólann á Akureyri. Tilgangur rannsóknarinnar sem lýst er í þessari rannsóknaráætlun er að gera úttekt á leiksvæðum Mosfellsbæjar og kanna hvort aðgengi sé í samræmi við algilda hönnun, nýlega samþykktan samning Sameinuðu þjóðanna, lög og reglugerðir. Sú rannsóknarspurning sem mun leiða verkefnið er „Að hvaða marki eru leiksvæði Mosfellsbæjar aðgengileg börnum til leiks, samkvæmt

gátlista um útileik og félagslega hlutdeild?“ Rannsóknin er megindeleg lýsandi rannsókn og stuðst er við fyrrnefndan gátlista.

**Lykilhugtök:** algild hönnun, félagsleg hlutdeild, þátttaka, aðgengi, notagildi, leikur, leiksvæði og fötluð börn





# MEÐ ÞVÍ AÐ HJÁLPA ÖÐRUM HJÁLPAR ÞÚ SJÁLFUM ÞÉR: SJÁLFBODASTÖRF MEÐ ÍBÚUM Á ÖLDRUNARHEIMILUM SEM STARFA EFTIR EDEN ALTERNATIVE HUGMYNDAFRÆÐINNI

Á Íslandi hafa í gegnum tíðina orðið ýmsar breytingar í þjónustu við aldraða. Má þar nefna innleiðingu á hugmyndafræði Eden Alternative, þar sem markmiðið er að auka lífsgæði hjá íbúum öldrunarheimila með því meðal annars að útrýma einmanaleika, vanmætti og leiða. Reglulega eru gerðar hlýleikakannanir á heimilum sem starfa eftir Eden Alternative hugmyndafræðinni til að kanna hvort að hugmyndafræðin þjóni tilgangi sínum. En þeim er ætlað að meta gæði og ánægju af lífi einstaklinga innan öldrunarheimila sem starfa eftir Eden Alternative hugmyndafræðinni. Eigindleg rannsókn var gerð í kjölfar hlýleikakannana af Maríu Guðnadóttur árið 2014 á Öldrunarheimilum Akureyrar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu fram á að þörf væri á frekari aðgerðum óháð fjármagni og aðgengi að starfsfólki, ein hugmyndin að

úrþótum var sjálfbodastarf innan öldrunarheimila.

Verkefnið er heimildarsamantekt sem leiðir af sér nýsköpun. Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: „Á hvaða hátt er hægt að sporna gegn einmanaleika og leiða hjá íbúum öldrunarheimila sem starfa eftir Eden Alternative hugmyndafræðinni?“ og „Á hvaða hátt er hægt að virkja Landssamband eldri borgara til sjálfbodastarfs innan öldrunarheimila sem starfa eftir Eden Alternative hugmyndafræðinni?“ Niðurstöður rannsóknarheimilda leiddu í ljós að sjálfbodavinnna er talin vera ein leið til að mæta þörfum íbúa á öldrunarheimilum sem starfsfólk nær ekki að sinna. Nýsköpun verkefnisins er námskeið sem hannað er fyrir sjálfbodaliða í samvinnu við Landssambands eldri borgara til að starfa



eftir á öldrunarheimilum sem hafa hugmyndafræði Eden Alternative að leiðarljósi. Verkefnið byggir á hugmyndafræði innan iðjubjálfunar að nafni „Líkanið um iðju mannsins“ sem greinir m.a. frá hlutverkum sem einstaklingar gegna á lífsleiðinni. Tilgangur námskeiðsins er að stuðla að sjálfbodastarfi sem miðar að því að útrýma einmanaleika og leiða innan þess heimilis sem sjálfbodavinnan fer fram. Í kjölfar námskeiðsins geta meðlimir í Landssambandi eldri borgara fengið tækifæri til að takast á við nýtt hlutverk. Ef vel tekst til gæti nýsköpunin hugsanlega bætt lífsgæði þessara tveggja hópa.

**Lykilhugtök:** Eden Alternative, einmanaleiki, leiði, sjálfbodastarf.

## GREIN

Erna Sigmundsdóttir,  
f.h ritnefndar


# HEIMSÓKN Á GEÐSPÍTALA

Undirrituð fór í heimsókn á geðspítala í Cape town. Þessi spítali tók á móti bæði þeim sem áttu við geðrænan vanda að stríða og höfðu hlotið dóm í réttarkerfinu, og einnig þeim sem komu inn af götunni.

Skiptingin var ca 70/30. Iðjubjálfinn sem tók á móti okkur var búin að starfa í mörg ár á þessum stað og það sást vel að hún sinnti sínu starfi af mikilli hugsjón. Úrræðin sem hún hafði upp á að bjóða á sínum vinnustað stýrðust að megninu til af fjármagninu sem hún hafði úr að spila, sem var ekki mikið, ef nokkuð. Hún sýndi okkur handverksstofu, þar sem var verið að smíða húsgögn og



fleira. Hún safnaði timbri sem átti að henda og stundum fengu þau gefins efni frá fyrirtækjum sem voru að losa sig við afganga. Skjólstaðingar hennar fá aðstoð við að skapa eitthvað nýtt, eitthvað sem hægt er að selja eða nota sjálfir. Þau taka líka að sér verkefni fyrir fyrirtæki, svipað og Plastiðjan Bjarg-Iðjulundur er að gera á Akureyri. Einnig voru sumir flinkir við að þræða perlur upp á vír og skapa listaverk úr því. Iðjubjálfinn lagði mikið upp úr því að mæta öllum þar sem þeir voru staddir og nefndi ýmis dæmi því til stuðnings. Hún talaði líka mikið um þá staðreynd að þeir



sem komu inn af götunni og voru síðan útskrifaðir eftir einhvern tíma, komu iðulega aftur. Þar skortir úrræði eins og á Íslandi. Notendurnir voru með alvarlegar greiningar flestir og ættingjar vildu eða gátu ekki haft þá hjá sér. Þar með enduðu þeir á götunni og frömdu jafnvel lögbrot til þess að komast aftur inn á spítalann. Iðjubjálfinn viðurkenndi að hafa oft sveigt aðeins til reglunar til þess að geta leyft sumum að vera lengur í þjónustu. Þessi iðjubjálfi sýndi ótrúlega þrautseigju og jákvæðni í sínu starfi sem oft virtist nær vonlaust í mjög krefjandi aðstæðum.



# gefst ekki upp

## AUKUM ÞÁTTTÖKU - EFLUM SAMFÉLAGIÐ

Það geta legið margar og ólíkar ástæður fyrir því að fólk falli út af vinnumarkaði og þarfnist starfsendurhæfingar. Kulnun í starfi, afleiðingar slysa og áfalla, eða andlegir sem líkamlegir sjúkdómar.

Það er mikilvægt að við sem samfélag tökum vel utan um þessa einstaklinga og hjálpum þeim að fóta sig aftur á vinnumarkaði. Framlag allra skiptir máli, bæði fyrir samfélagið og einstaklinginn sjálfan. Við hvetjum atvinnurekendur til að skoða ráðningar með opnum huga og nýta sér slíka starfskrafta þar sem það hentar.

Allir geta fundið sína fjöl.

*verumvirk.is*



Nína Jensen, Ragnheiður R. Magnúsdóttir,  
GAPA samfélagsverkefnið



# Í MIÐRI ÖRVÆNTINGUNNI ERU HLJÓÐU HETJURNAR; ÖMMURNAR FRÁ AFRÍKU

Í mörgum löndum Afríku eru það aldraðir sem sjá um munaðarlaus börn og börn sem búa við skerðingar eða í um 40-60% tilfella. Í skýrslu UNICEF um aðstöðu barna alls staðar að úr heiminum kemur fram að, ömmur og afar og þá sérstaklega ömmur eru helstu umönnunaraðilar þessarra barna.

Með stuðningi frá grasrótarsamtökum í Austur og Suður Afríku eiga þrjátíu ömmur það sameiginlegt að hafa skrifað sínar persónulegu sögur. Þetta eru sögur um menningu, innri styrk og hugrekki; sögur um það hvernig þær hafa alið börn sem lifa við skerðingar, stutt fjölskyldur og tekið þátt í að snúa vörn í sókn gegn HIV og AIDS;

sögur um hvernig þeirra seigla og hugvitssemi hefur hjálpað til við að bjarga heilu samfélögunum og þeirra innri þrá um að skipta sköpum í lífi barnabarna sinna og samfélagsins. Út frá sögum þessarra kvenna hafa orðið til nokkur samtök innan heimsálfunnar Afríku sem miða m.a. að því að veita umhyggju til munaðarlausra barna og miðla til samfélagsins.

GAPA samfélagsverkefnið, var stofnað 2001 af 10 ömmum og iðjubjálfa. Samtökin standa fyrir ömmur á móti fátækt og Aids eða Grandmothers Against Poverty and Aids (GAPA). Í GAPA er lögð áhersla á sjálfshjálp, menntun og stuðning fyrir ömmur af ömmum þar sem líf þeirra hefur á einhvern

hátt litast af HIV/Aids og fátækt. Þetta verkefni hefur það að markmiði að bæta lífsgæði þeirra og fjölskyldna innan samfélagsins.

Við ásamt fleirum gestum á heimsráðstefnu iðjubjálfa vorum svo lánsamar að fá að fara í heimsókn til þessarra hugrökku kvenna, heyra þeirra sögur og sjá aðstæðurnar sem þær búa við til að miðla og styðja samfélagið.



Merki GAPA



Matseðill fyrir börnin og ömmurnar og stöðukort. Sum barnanna hafa lítið til að bíta og brenna utan skóla og fá mat hjá ömmunum.



Börnin koma eftir skóla og eru þarna í öruggu umhverfi þar sem þau geta leikið sér.



Þarna eru matjurtir ræktaðar í mat barnanna. Ömmurnar miðla einnig þekkingu sinni um ræktun matjurta út í samfélagið.



kennslustofa barnanna er lítil skúr á lóðinn þeirra. Þarna koma börnin m.a. eftir skóla og fá aðstoð við heimanám.



# NÝR SAMNINGUR UM BAÐ- OG SALERNISHJÁLPARTÆKI

Þann 1. maí 2018, tók nýr samningur um bað- og salernishjálpartæki, gildi.



## FLAMINGO HIGH LOW

### Salernis- og sturtustóll

- Fyrir börn og unglinga
- Kemur á hæðarstillanlegum ramma.
- Einfaldur í stillingum.
- Gott úrval aukahluta.



## MANATEE

### Baðstóll

- Kemur í 4 stærðum.
- Auðveldur í stillingum.
- Gott úrval aukahluta.



## HERON MEÐ GASPUMPU

### Salernis og sturtustóll

- Hentar fyrir unglinga og fullorðna.
- Einfaldur í stillingum.
- Gott úrval aukahluta.



## ASTON COMMODE

### Salernis- og sturtustóll

- Hægt að fá með drifhjólum
- Setbreidd 46cm og 56cm
- Einfaldur í stillingum



## SECUCARE

### Sturtustóll

- Setbreidd 50cm
- Sethæð 39-54cm



## SECUCARE

### Sturtukollur

- Setbreidd 30cm
- Sethæð stillanleg frá 39-54cm

## NÁNARI UPPLÝSINGAR OG KYNNINGAR Á SAMNINGNUM VEITA:



**Svava Guðmundsdóttir**  
Iðjupjálfi B.Sc.  
Söluráðgjafi – Heilbrigðissvið  
Sími: 580 3911  
GSM: 843 3911  
Netfang: svava@fastus.is



**Brynhildur Guðmundsdóttir**  
Söluráðgjafi – Heilbrigðissvið  
Iðjupjálfi B.Sc.  
Sími: 580 3931  
GSM: 697 9064  
Netfang: brynhildur@fastus.is



